

Algjör vanmáttur

Sýrlendingar frá hinni stríðshrjáðu Aleppo búsettir á Íslandi rifja upp lífið í borginni og lýsa hvernig það er að fylgjast með hörmungum dynja yfir vini og ættingja. ➔26



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Kveður með góðum ráðum ➔38



Kryddaðar sögur frá Mensu ➔40



Saga til næsta bæjar Stefán Pálsson skrifar um líkumleg stef í stjórn- málasögunni. ➔42

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÖLK • GEDHJÁLP

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

6.-10. OKTÓBER

KAUPHLAUP

ALLT AÐ 50%

AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM

 SMÁRALIND

Kringlan


6.-10. OKTÓBER
NÝJAR VÖRUR Á AFSLÆTTI

KRINGLUKAST

20% TIL 50%

OPIÐ LAUGARDAG 10-18
OPIÐ SUNNUDAG 13-18

Veður



Áfram verður vindasamt og á það sérstaklega við um suðvesturhornið. Það mun rigna öðru hverju sunnan- og vestanlands, en að öðru leyti verður dagurinn þurr og mildur. **SKÝ SÍÐU 52**



Sérsvaitin á æfingu. MYND/LÖGREGLAN

Æfa viðbrögð við skólaárás

LÖGGÆSLA Fyrirhugað er að sérveit lögreglunnar haldi æfingu fyrir lögreguna á Akureyri miðvikudaginn 12. október. Þar verða æfð viðbrögð við skotárás á skóla. Áætlað er að æfingin fari fram í Glerárskóla.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði starfandi lögreglu- maður samband við fólk sem iðkar CrossFit á Akureyri til að fá þá til að vera leikara í æfingunni.

Eyrún Halla Skúladóttir, skólastjóri Glerárskóla, staðfesti hvorki né neitaði að umrædd æfing væri áætluð þegar eftir því var leitað. -jóe



Verslunin á Borg. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Verslunin á Borg lokuð um skeið

VIÐSKIPTI Rekstri verslunarinnar að Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi hefur verið hætt. Mun sami rekstraraðili ekki opna þar aftur.

Húsnæðið sem verslunin var í er í eigu Olís. Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, framkvæmdastjóri smásöluviðs, segir nýjan aðila til þess að reka verslun þar fundinn og að opnað verði fljótlega að nýju.

Auk íbúa í Grímsnes- og Grafningshreppi hefur fjöldi sumarhúsa- eigenda sótt verslunina þar árum saman. -jhh

Aftur á Íslandi



Listakonan Yoko Ono opnaði í gærkvöldi sýningu sína One More Story... í Hafnarhúsinu í Reykjavík. Annað kvöld tendrar Yoko Friðarsúluna í Viðey á 76 ára fæðingarársmæli Johns Lennon heitins, eiginmanns hennar. Yoko var með pensilinn á lofti við opnunina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Blair að íhuga endurkomu

BRETLAND Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, hefur gefið í skyn að hann hyggi á endurkomu í bresk stjórn. -sg

Blair, sem var leiðtogi Verkamannaflokksins frá 1994 til 2007 og forsætisráðherra frá 1997 til 2007, segir við tímaritið Esquire að hann leiti sér að stöðu sem gæti hjálpað Verkamannaflokknum að ná aftur völdum í breskum stjórn. -sg

„Ég veit ekki hvort það sé einhver staða til fyrir mig. Það eru takmörk fyrir því hvað ég vil segja um mína eigin stöðu núna,“ sagði Blair sem er með sterkar skoðanir á núverandi stöðu Verkamannaflokksins. -sg



Tony Blair
fyrirverandi forsætisráðherra Bretlands

Bílveikir skólakrakkar hrossast um Húnaþing

Foreldrar á Vatnsnesi hafa rætt um að senda börnin ekki í skólann vegna lengri ferðatíma og bílveiki á síversnandi þjóðvegi. Ekki til peningar til að lagfæringa, svarar Vegagerðin skólustjóranum. Er ekki hægt, segir móðir þriggja skólabarna.

SKÓLAMÁL „Krákkarnir verða iðulega ferlega bílveikir,“ segir Þorbjörg Ásbjarnardóttir, móðir þriggja barna í grunnskólanum á Hvammstanga sem þurfa að aka 40 kílómetra hvora leið í og úr skóla á afar slæmum vegi.

„Fólk hefur spurt hvort það geti sleppt því að senda börnin í skólann,“ segir Sigurður Þór Ágústsson, skólustjóri Grunnskóla Húnaþings vestra. Hann segir níu börn á vestanverðu Vatnsnesi þurfa að aka langan veg til og frá skóla.

Ástand vega í Húnaþingi vestra og þá sérstaklega Vatnsnesvegur var rætt í fræðsluráði sveitarfélagsins á miðvikudaginn.

„Foreldrar á Vatnsnesi hafa rætt um að senda börn sín ekki í skólann þar sem ferðatími hefur lengst mikið og börnin að verða bílveik í því ástandi sem verið hefur undanfarnar vikur,“ segir fræðsluráðið. „Því miður er ekki um undantekningar að ræða heldur virðist ástandið vera viðvarandi.“

Sigurður segir ástand veganna á Vatnsnesi vestanverðu hafa verið svo slæmt að ferðatími barnanna hafi lengst um allt að hálf tíma.

„Af því að ferðatíminn er að lengjast og billinn er að hrossast þá verða þau bara meira veik. Ökuhraðinn er oft og tíðum ekki meiri en tíu til tuttugu kílómetrar á klukkustund. Menn vita hvernig það er að fara ofan í tuttugu sentímetra djúpar holur trekk í trekk á þessum ferðahraða,“ segir Sigurður.

Í svari sem skólustjórinn fékk frá svæðisstjóra Norðursvæðis Vega-gerðarinnar var borið við fjárskorti. „Einu úrræðin sem menn hafa er að senda hefil einstaka sinnum. Það er allt efnið búið í veginum og hefill-



Þorbjörg Ásbjarnardóttir og börn hennar, Arna Ísabella, Alexander Victor og Steinunn Daniella Jóhannesarbörn. MYND/KRISTÍN GUÐJÓNSDÓTTIR



Holum á Vatnsnesvegi hefur sist fækkað með gríðarlegum ágangi ferðamanna. MYND/STELLA GUÐRÚN ELLERTSDÓTTIR

inn sópar bara yfir. Eins og tíðin er búin að vera þá hoppar þetta bara upp úr holunum strax aftur,“ útskýrir hann.

Þorbjörg Ásbjarnardóttir og fjölskylda fluttu á Þorgrímsstaði utarlega á Vatnsnesi fyrir ellefu árum. Hún segir þeim hafa verið vegalengdin í skólann vel ljós.

„En ég held að það hafi enginn gert sér grein fyrir því hvað umferð-

Af því að ferðatíminn er að lengjast og billinn er að hrossast þá verða þau bara meira veik.

Sigurður Þór Ágústsson, skólustjóri Grunnskóla Húnaþings vestra

in myndi aukast svakalega,“ segir Þorgerður sem kveður ferðamenn nú streyma út Vatnsnes allt árið um kring með gríðarlegu álagi á malarveginn þar sem þoli alls ekki umferðarþungann og sé nánast ónýtur og einfaldlega stórhættulegur.

„Börnin kvarta undan því að vera svo lengi á leiðinni í skólabílnum,“ segir Þorbjörg. Stundum kasti þau upp á leiðinni. „Sum börnin eru svakalega bílveik að þurfa að fara þennan veg. Við sem foreldrar veljum fyrir okkur hvað við getum gert til þess að hlífa börnunum við þessu. Eithvað verður að gera, þetta er ekki hægt.“ gar@frettabladid.is

Sterkari tennur með Flux

Flux flúormunnskolin verja tennurnar gegn tanskemmdum

Fæst í apótekum



Nánari upplýsingar á www.fluxfluor.is

FLUX

6.-10. OKTÓBER
FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS

KRINGLU KAST

NÝJAR VÖRUR
Á AFSLÆTTI

20%
— TIL —
50%

— OPIÐ —
LAUGARDAG 10-18
SUNNUDAG 13-18

Kringlan

TÖLUR VIKUNNAR 2.10.2016 – 8.10.2016

200.000

forminjar eru taldar vera í landinu en aðeins 25% hafa verið skráð á vettvangi.




726

sinnnum veittu dómstólar lögreglu heimild til hlerana á árunum 2009 – 2013.



13

vindmyllur eiga að rísa í vindmyllugarði í Þykkvabænum.



36

milljörðum veltir WOW air í ár og er veltan áætluð 50 til 60 milljarðar á því næsta.


200.000



manns heimsækja Deildartunguhver á hverju ári.

11.725

einstaklingar borguðu meðlag 1. janúar 2016, þar af 687 konur.



17%



stúlkna í 8. til 10. bekk sýna einkenni kvíða – en 9% árið 2003.

4,2



milljónir farþega gerir Icelandair ráð fyrir að flytja árið 2017.

Þrír í fréttum Bolapokar, formannskjör og bónus

Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir

verkefnastjóri Nýheima á Höfn í Hornafirði



saumar ásamt öðrum snillingum innkaupapoka úr bolum sem komið er fyrir í Nettó. Verkefnið snýst um að hætta plastpökunotkun í samfélaginu. Guðrún segir verkefninu hafa verið vel tekið og að sjá megi unga sem aldna ganga út með vörur í Nirvana-, Iron Maiden-, Decode- eða Simpson-bolum með bros á vör.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

fv. formaður Framsóknarflokksins



vildi ekki ganga svo langt að segja að svindlað hefði verið í formannskjöri flokksins um liðna helgi. Hins vegar hefði furðu mörgu fólki verið vísað frá og það ekki fengið að kjósa, jafnvel fólki sem búið var að innrita sig á þingið. Hann nefndi að rútur hefðu komið upp að Háskólabíói og mikill fjöldi fólks birst sem hann hefði aldrei séð áður þann tíma sem hann hefði starfað í flokknum.

Geir Þorsteinsson

formaður KSÍ



vildi ekki gefa upp hvaða vinnu hann innti af hendi í Frakklandi á meðan Evrópu-mótið stóð yfir. Hann fékk tveggja mánaða laun í bónus fyrir vinnu sína en annað starfsfólk KSÍ, sem vann úti í Frakklandi, aðeins einn. Geir kvæðst ekki vilja dæma sín störf sjálfur. Geir er sagður hafa verið á dvalarstað landsliðsins í Frakklandi í tvo daga.

Berbinn sendur aftur til Noregs

Berbiskur hælisleitandi sem skaut skjólshúsi yfir vin um miðjan vetur missti húsnaðið því með þessu braut hann húsreglur. Hann var endursendur samdægurs frá Noregi í vikunni en fer þangað aftur eftir helgi.

FLÓTTAMENN „Ég vil bara fá að vinna og borga mína skatta, í öryggi og friði. Ég vil vera gott fordæmi fyrir aðra innflytjendur,“ segir hælisleitandinn sem var sendur aftur til Íslands frá Noregi á miðvikudag.

Maðurinn verður sendur á ný til Noregs í næstu viku. Þetta kom fram í máli Þorsteins Gunnarssonar, forstöðumanns Útlendingastofnunar, í kvöldfréttum á Stöð 2 í gær.

Ástæðu þess að maðurinn var sendur til baka frá Noregi má rekja til samskiptaklúðurs Útlendingastofnunar og norsku útlendingastofnunarinnar.

Maðurinn, sem vill ekki koma fram undir nafni af ótta við Útlendingastofnun, hefur dvalið í gistiskýli við Bæjarhraun í Hafnarfirði frá því hann kom aftur til Íslands.

Maðurinn, sem er Berbi, segir hafa verið á vergangi í fimm ár. Eftir að hafa dvalið í gistiskýli í Noregi í rúm fjögur ár fékk hann að vita að beiðni hans um dvalarleyfi hefði verið hafnað. Norsk yfirvöld hafi þá gert honum ljóst að hann yrði að yfirgefa landið innan tveggja vikna. Hélt hann því til Íslands síðasta sumar.

Hingað kominn dvaldi Berbin fyrst í gistiskýli í Hafnarfirði en flutti síðan í húsakynni á vegum Reykjavíkurborgar. Um miðjan síðasta vetur var honum gert að yfirgefa húsnaðið eftir að upp komast að hann hafði leyft vini að gista hjá sér.

„Hvað átti ég að gera? Vinur minn var á götunni og hefði dáið úr kulda. Auðvitað leyfði ég honum að gista hjá mér,“ segir hælisleitandinn og segir að sér hafi verið vísað í gistiskýli við Grensásveg. Dvölin þar hafi verið hræðileg. Húsakynnin vöktuð með mörgum myndavélum og öryggisverðir



Hælisleitandinn í Hjallakirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hvað átti ég að gera? Vinur minn var á götunni og hefði dáið úr kulda. Auðvitað leyfði ég honum að gista hjá mér.

Hælisleitandi frá Norður-Afríku

sífelld á ferðinni. Ekki hafi verið nokkur einasta leið að eiga sér einkalíf.

Berbar, sem búa viðs vegar um Norður-Afríku, hafa mætt mót-

Berbar

Berbar eru um u.þ.b. **30 milljónir** talsins.

Berbar lifa á við og dreif í níu **Norður-Afríkulöndum.**

Aðaltingumál Berbar er **tamazight.**

Flestir Berbar eru múslimar.

stöðu í Marokkó. Maðurinn eyddi æskuárunum á munaðarleysingjahæli. Hann segist hafa upplifað mikla hættu þegar hann náði full-orðinsaldri og þess vegna flúði hann.

Að sögn Berbans hefur hann margsinnis óskað eftir viðtali hjá Útlendingastofnun á meðan mál hans var til meðferðar. Þeirri ósk hafi ávallt verið hafnað. Þá sé staðan sú að vegna þess að máli hans sé lokið af hálfu norskra stjórnvalda verði hann að öllum líkindum sendur frá Noregi aftur til Marokkó. thorgeirh@frettabladid.is

Ellilífeyrir og fæðingarorlof mun hækka

ALÞINGI Á fundi ríkisstjórnarinnar í gær var samþykkt að leggja til breytingar á hámarksgreiðslum til foreldra í fæðingarorlofi og hækkan á lífeyrisgreiðslum til eldri borgara.

Hækkunin til eldri borgara er þrepaskipt en hana verður að finna í breytingartillögu á fyrirbyggjandi almannatryggingafrumvarpi.

Um komandi áramót verða bæturnar 280 þúsund krónur en munu hækka í 300 þúsund krónur árið 2018. Þá verður 25 þúsund króna frítekjumark sett á allar tekjur eldri borgara.

Að auki verður hækkan lífeyristökualdurs hraðað. Stefnit er að því að eftir tólf ár, í stað 24 ára, verði hann sjötíu ár í stað 67 ára.

Árlegur viðbótarkostnaður ríkissjóðs vegna breytinganna er áætlaður um 4,5 milljarðar króna. Kostnaðurinn bætist við þá rúmlega fimm milljarða króna sem



Breytingarnar voru samþykktar á ríkisstjórnarfundum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

voru áætluð kostnaðaráhrif fyrrgreinds frumvarps um almannatryggingar.

Hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi munu hækka í 500 þúsund krónur úr 370 þúsund krónum

en upphæðin var síðast hækkuð 1. janúar 2014.

Gert er ráð fyrir að lagabreytingin taki gildi um miðjan mánuðinn og hækki greiðslur til foreldra frá og með 15. október. – jõe

Dublin

Hin fullkomna jólaínnkaupaferð

vita

17.–20. nóvember
3 nætur

Verð frá **79.900 kr.**
og **12.500 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 í herbergi á Camden Court Hotel.
Verð án Vildarpunkta: 89.900 kr.



Flugið með Icelandair

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA



Skoðaðu öll tilboðin í Húsasmiðju-bláðinu



Allir fá ís í dag í Skútuvogi og Akureyri kl. 12-16

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

Blit með fyrirtæri um prentvillur og myndavél. Úrval getur verið mismunandi milli verslana.



40% afsláttur

1.373 kr/m²
~~2.289 kr/m²~~

Harðparket - Austurísk gæði
Eikarplanki AC4 bandsagað, 8 mm.
147071

PARKET ÚTSALA

20-40% afsláttur af ÖLLU parketi

Electrolux

5 ÁRA
ÁBYRÐ

Electrolux

DÚ SPARAR: 16.910 KR

Pvottavél FW30L7120
7 kg, 1200 sn.
Orkunýting A+++.
1805690

59.990 kr
~~76.900~~



25% afsláttur

EUROHOME enjoy living

1.492 kr/m²
~~1.990 kr/m²~~

Harðparket - Þýsk gæði
Eik, ljós, 3ja stafa, 8 mm.
147100

28% afsláttur

BARLINEK

2.995 kr/m²
~~4.190 kr/m²~~

Viðarparket
Eik, rústik, 3ja (3,2 mm spónn).
146899

35% afsláttur

damixa

9.941 kr
~~15.295 kr~~

Blöndunartæki
Pine með hárri sveiflu.
8000032

20% afsláttur

JOTUN

VEGG&TAK

2.396 kr 3 ltr
~~2.995 kr~~

Jotun vegg- og loftmálning 3 ltr.
7119781-83

BEKA Pönnudagar
25% afsláttur af öllum BEKA pönnum

24 cm

2.249 kr
~~2.999 kr~~

25% afsláttur

Panna
Non-stick húð.
2006405

Matar- og kaffistell
Aida Café, 30 stk.
2000419

4.990 kr
~~7.990 kr~~

37% afsláttur

aida daily design

25% afsláttur

10.100 kr
~~12.637 kr~~

Russell Hobbs

Kaffivél Chester
10 bollar, 1000W.
1840057

31% afsláttur

19.995 kr
~~28.995 kr~~

BLACK & DECKER

Hleðsluborvél
18V, högg, 2 stk.
Li-ion rafhlöður.
5245557

Súpertilboð

Blómavals

blómaval

1.490 kr
~~1.990 kr~~

Sypris, í 17 cm potti
Pottahlíf fylgir ekki.

ERIKUR
VELJÐ SJÁLF 3 STK.
999
~~1.797~~



Byggjum á betra verði

www.husa.is



KJÓSTU BJARTA FRAMTÍÐ

...ef þú vilt ekki
að Alþingi verði
karlklúbbur.



Theodóra S. Þorsteinsdóttir

2. sæti
Suðvestur



Björt Ólafsdóttir

1. sæti
Reykjavík norður



Þórunn Pétursdóttir

2. sæti
Suður



Eva Einarsdóttir

2. sæti
Reykjavík suður



MEIRI
BJARTA
FRAMTÍÐ
MINNI
HRÚTSKÝRINGAR

Skilur eftir sig slóð eyðileggingar



Fellibylurinn Matthías kostaði meira en 800 manns lifið á Haítí og skildi eftir sig slóð eyðileggingar þar og á Kúbu, þar sem þessi mynd er tekin, Bahamaeyjum og á suðvesturströnd Bandaríkjanna. Í Flórída var riflega hálf milljón manna án rafmagns í gær og tugir þúsunda yfirgáfu heimili sín. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Segjast neyddir til sölu

Lögmaður landeigenda Geysis segir þá hafa verið tilneydda að selja ríkinu Geysissvæðið til að forðast eignarnám. Skiptar skoðanir eru innan félagsins.

FERÐAÞJÓNUSTA Fjármálaráðherra og lögmaður Landeigendafélags Geysis ehf. undirrituðu í gær samning um kaup á öllum eignarhluta landeigendafélagsins innan girðingar á Geysissvæðinu.

Svæðið allt er tæpir tuttugu hektarar að stærð. Innan þess svæðis átti ríkið rúmlega tveggja hektara land þar sem hverina Geysi, Strokk, Blesa og Öperrisholu er að finna. Það sem eftir stóð var áður í sameign ríkisins og landeigenda.

„Þetta hefur verið rúmlega tveggja áratuga þrautaganga þar sem skilningsleysi og vanhæfni stofnanaræðisins skeið í gegn,“ segir Garðar Eiríksson, talsmaður Landeigendafélagsins. „Úr því þetta gekk ekki upp var alveg eins gott að íslenska þjóðin eignaðist landið og legði sitt skattfé í það.“

Deilt hefur verið um landið undanfarnin ár. Árið 2014 hófu landeigendur að rúka aðgangsgjald á svæðið en lögbann var lagt við því. Hæstiréttur sagði í október í fyrra að gjalddtakan hefði verið ólögmæt.

„Það eru skiptar skoðanir hjá landeigendum um söluna en við teljum að þarna sé verið að þjóðnýta einstaklingseigu til að þjónusta græðgi ferðaþjónustunnar,“ segir Garðar.

Ríkið fer með umráð yfir landsvæðinu frá undirritun kaupsamningsins en kaupverð hefur enn ekki verið ákveðið. Dómkvaddir verða þrjár matsmenn sem fá það hlutverk



Landeigendur innheimtu gjald af landinu á vormánuðum ársins 2014 en það var dæmt ólöglegt af Hæstarétti. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Okkur hafði verið tilkynnt að ef við gengjum ekki að samkomulaginu, þá yrði landið tekið eignarnámi.

Hjörleifur B. Kvaran, lögmaður Landeigendafélagsins Geysis ehf.



að meta verð landsins. Sætti annar hvor aðila sig ekki við niðurstöðu matsmanna verður hægt að skjóta málinu til þriggja manna úrskurðarnefndar. Hvor aðili tilnefnir einn mann í nefndina en oddamaður

verður útnefndur af Héraðsdómi Reykjavíkur tákist ekki að semja um hann.

Niðurstöðu nefndarinnar verður hægt að skjóta til fimm manna áfrýj-unarnefndar en niðurstaða hennar um málið verður endanleg.

„Þetta var ill nauðsyn,“ segir Hjörleifur B. Kvaran, lögmaður Landeigendafélagsins. „Okkur hafði verið tilkynnt að ef við gengjum ekki að samkomulaginu, þá yrði landið tekið eignarnámi. Það var mat landeigenda að með þessu móti hefðu þeir betri aðkomu til að tryggja rétt sinn varðandi verðmæti landsins.“

Ekki náðist í Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra við vinnslu fréttarinnar. johannoli@frettabladid.is

6.-10. OKTÓBER

KAUPHLAUP ALLT AÐ 50%

AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM

SKOÐAÐU TILBOÐIN Á SMARALIND.IS EÐA NÆLDU ÞÉR
Í EINTAK AF KAUPHLAUPSBLAÐINU Í SMÁRALIND.




Leigjendur eru ánægðir hjá okkur

Niðurstöður úr nýrri þjónustukönnun Almenna leigufélagsins* sýna að 87% viðskiptavina eru ánægð með að leigja hjá félaginu.

Við erum stolt af niðurstöðunni og munum halda áfram að tryggja einstaklingum og fjölskyldum á leigumarkaði húsnæðisöryggi, sveigjanleika og enn betri þjónustu.

*Könnunin var framkvæmd af Gallup fyrir Almenna leigufélagið dagana 16. - 29. júní 2016.



**ALMENNA
LEIGUFÉLAGIÐ**

almennaleigufelagid.is



Langtíma leigusamningur



Sveigjanleiki



24/7 þjónusta

Ánægð/ur – 87,1 %
Hvorki né – 8,4 %
Óánægð/ur – 4,5 %



Juan Manuel Santos, forseti Kólumbíu, tekur í höndina á Timoleon Jimenez, leiðtoga FARC-hreyfingarinnar, við undirritun friðarsamkomulagsins 26. september. NORDICPHOTOS/AFP

Ætla að styrkja frið með Nóbél

Juan Manuel Santos, forseti Kólumbíu, fær friðarverðlaun Nóbels þrátt fyrir að friðarsamkomulag við FARC hafi verið fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu.

NOREGUR Norska Nóbelsnefndin segist vonast til þess að úthlutun friðarverðlauna þetta árið verði til þess að friður verði að veruleika í Kólumbíu.

Verðlaunin fær Juan Manuel Santos, forseti Kólumbíu, sem fyrir stuttu undirritaði friðarsamkomulag við leiðtoga skæruliðahreyfingarinnar FARC, að loknum fjögurra ára erfiðum friðarviðræðum.

Samkomulagið var fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu um síðustu helgi, en Santos hefur sagt að hann ætli að halda áfram að vinna að friði til síðasta dags í embættinu.

„Nefndin vonar að friðarverðlaunin muni gefa honum styrk til að ná árangri í þessu erfiða starfi,“ segir í tilkynningu norsku Nóbelsnefndarinnar. „Enn fremur er það von nefndarinnar að á komandi árum muni íbúar Kólumbíu uppskera ávextina af því friðar- og sáttaferli sem nú stendur yfir.“

Nefndin segir þó ekkert öruggt um að friðarsamkomulaginu verði

Það er raunveruleg hættu á því að friðarferlið stöðvist og borgarastríð blossi upp á ný.

Kaci Kullmann Five, formaður norsku Nóbelsnefndarinnar

þjargað, úr því sem komið er:

„Það er raunveruleg hættu á því að friðarferlið stöðvist og borgarastríð blossi upp á ný,“ sagði formaður nefndarinnar, þegar skýrt var frá vali ársins.

Sjálfur segist Santos vera óendanlega þakklátur fyrir þennan heiður. Hann tileinkaði verðlaunin fórnarlömbum ófriðarins.

Styrjöld stjórnarhersins og FARC stóð yfir í meira en hálfa öld og kostaði meira en 200 þúsund manns lífið. gudsteinn@frettabladid.is

Gríðarleg mistök bæjarins við uppboð á óskilahrossi

STJÓRNSÝSLA Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, segir bæinn hafa gert mikil mistök þegar óskilahross í bænum var selt á uppboði um miðjan september.

Fram kemur á bloggsíðu Aldísar að um hafi verið að ræða hross sem „ráfadi inn í Hveragerði“ í fyrravetur og hafi kostnaður við upphald þess og ýmiss konar umsýslu verið hátt í 200 þúsund krónur.

„Ég átti von á að einhverjir myndu bjóða í hrossið enda var uppboðið auglýst bæði í blöðum, á heimasíðunni og á samfélagsmiðlum og klárinn ágætur, að því að mér skildist. En, nei, hrossið var slegið á 5.000 krónur,“ er rakið á aldís.is.

„Maður er alltaf að læra og þetta voru gríðarleg mistök,“ heldur Aldís áfram. „Hefðum að sjálfsgöðu átt að bjóða í hestinn sjálf – í fyrsta lagi er þetta ekkert verð fyrir hest og í öðru lagi eru þetta um 400 kíló af hakki, bjúgum og steikum sem þarna fóru á engan pening.“ – gar



Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, sá á bak 400 kílóum af hrossakjöti fyrir fimm þúsund krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**nokian
TYRES**

**BLEIKA
SLAUFAN**



Fáðu 20% afslátt af NOKIAN dekkjum og styrktu Bleiku slaufuna um leið

Veldu margverðlaunuð finnsk gæðadekk sem eru sérstaklega hönnuð fyrir krefjandi aðstæður norðlægra slóða

MAX1 býður 20% afslátt af hágæða Nokian dekkjum og hluti söluágóða rennur til Krabbameinsfélagsins.

- ✓ ein öruggustu dekk sem völ er á
- ✓ ítrekað valin bestu dekkinn í gæðakönnunum
- ✓ breitt úrval nagla-, vetrar- og heilsársdekkja
- ✓ eigum dekk fyrir fólksbíla, jeppa og sendibíla

SENDUM UM ALLT LAND
Flutningur með Flytjanda
500 kr. hvert dekk

Skoðu dekkjaleitarvélina á MAX1.is

Bíldshöfða 5a, Reykjavík
Jafnaseli 6, Reykjavík
Dalshrauni 5, Hafnarfirði
(Knarrarvogi 2, Reykjavík
Ath. ekki dekkþjónusta)

Opið:
Virka daga kl. 8-17
Laugardaga: sjá MAX1.is

Aðalnúmer:
515 7190

MAX1
BÍLAVAKTIN



NAUTAAT Á AMERÍSKUM DÖGUM



NAUTAAT

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



1.599 kr/kg

Verð áður 1.999.-

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



1.599 kr/kg

Verð áður 1.999.-

NAUTABRINGA

NAUTARIF

TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa



3.499 kr/kg

Verð áður 4.999.-

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



1.599 kr/kg

Verð áður 1.999.-

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



5.439 kr/kg

Verð áður 6.799.-

RIBEYE

POT ROAST

NAUTALUNDIR



Tostitos snack og sósur

Ekki sætta þig við annað



Ferskt Guacamole og Mangó salsa

Búið til frá grunni úr fersku hráefni. Stútfullt af vítamínum og góðri fitu

LOKSINS TAB!



TAB

Ert þú gamall tab-ari?



Amerísk súkkulaðistykki

Bestu stangirnar frá Ameríku

Gildir til 16. október á meðan birgðir endast.



Lender's beyglur

America's Favorite Bagel



Pop tarts

Rista og njóta

NÝTT



Panda Express sósur

3 tegundir af frábærum sósum frá einum besta kínverska veitingastað í heiminum.

NÝTT



Jif hnetusmjör og duft

Gómsætt á brauðið, í baksturinn og í smoothie



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

AUGLÝSING VEGNA UTHLUTUNAR ATVINNULEYFA TIL AKSTURS LEIGUBIFREIÐA

Samgöngustofa auglýsir laust til umsóknar 1 leyfi til leiguaksturs fólksbifreiða í Árborg.

Þeir einir geta sótt um leyfi sem hyggjast stunda akstur leigubifreiðar að aðalvinnu og hafa lokið námskeiði fyrir leigubifreiðastjóra. Til að öðlast leyfi þurfa umsækjendur að uppfylla leyfisskilyrði, skv. 5. gr. laga nr. 134/2001 og rg.nr. 397/2003 um leigubifreiðar, með síðari breytingum.

Úthlutun leyfis fer fram á grundvelli starfsreynslu við akstur leigubifreiðar, sbr. 6. gr. rg.nr. 397/2003.

Umsóknareyðublöð má nálgast í afgreiðslu Samgöngustofu, Ármúla 2 í Reykjavík eða á www.samgongustofa.is. Umsóknarfrestur er til og með 14.10.2016.

Samgöngustofa



Sími: 480 6000 · www.samgongustofa.is

6 vikna námskeið
fyrir konur og karla

Hefst 10. okt.

Nýtt

Hreyfing og vellíðan

Hreyfing og vellíðan er nýtt æfingakerfi sérhannað fyrir fólk á besta aldri sem vill auka lífsgæði sín með aldrinum og halda sér í góðu formi þó aldurinn færast yfir.

Æfingakerfið er hannað af Söndru Árnadóttur sjúkráþjálfara. Vandlega er hugað að því að við erum ekki alltaf tvítug. Tekið er mið af þörfum hópsins og unnið að því að bæta þrek, þol, hreyfifærni, liðleika og jafnvægi og umfram allt auka vellíðan og bæta heilsu.

Nánari upplýsingar og skráning á hreyfing.is

HREYFING
Álfheimar 74 - 104 Reykjavík - Sí: 414-4000 - www.hreyfing.is

Samkomulagið frá París geirneglt í lögum

Samþykkt Parísarsamkomulagsins hefur gengið hraðar fyrir sig en með nokkurn annan samning á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Samkomulagið verður bindandi samkvæmt alþjóðalögum innan mánaðar. Fullgilt af 97 þjóðum.

UMHVERFISMÁL Loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna – eða Parísarsamkomulagið eins og það er oft kallað – verður bindandi samkvæmt alþjóðalögum innan mánaðar, eða áður en 22. loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna hefst í Marokkó þann 7. nóvember næstkomandi.

Nú liggur fyrir að 79 þjóðir af þeim 197 sem komu að samþykkt Parísarsamkomulagsins frá því í desember í fyrra hafa fyrir sitt leyti fullgilt samninginn – en þessar 79 þjóðir standa að baki 56,75 prósentum af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í heiminum.

Eins og oft hefur komið fram var hluti af samningsgerðinni að samningurinn hlyti lagalegt gildi þegar 55 ríki með 55 prósent af losun á heimsvísu hafa fullgilt hann.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir að í desember í fyrra hafi loks náðst viðunandi árangur eftir áratuga samningaviðræður á vettvangi Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna.

Ársfundur aðildarríkja samningsins í París var sá 21. í röðinni og á ýmsu hafði gengið án viðunandi árangurs. Niðurstaðan varð Parísarsamkomulagið. Þá var næsti hjalli, undirritun samkomulagsins sem fram fór í New York í apríl og því næst lögleiðing hans í höfuðborgum hvers aðildarríkis. Þessi ferill hefur gengið hraðar en nokkur dæmi eru um í sögu Sameinuðu þjóðanna.

„Þar með hefur yfirlýst markmið Frakklandsforseta, Bandaríkjaforseta og Ban Ki-moons, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, náðst. Sagan gaf ekki tilefni til slíkrar bjartsýni,“ segir Árni og bætir við að Frakkland, Bandaríkin, Kína, Indland, Brasilía, og Mexíkó, auk ríkjahópa á borð við Evrópusam-



Ógnar efnahag Íslands

Talan 1,5 gráða miðast við að lágland eyriki í Kyrrahafi, Karíbahafi og Indlandshafi haldist enn ofan sjávarmáls. Að ná því marki verður þrautin þyngr. Að mati Náttúruverndarsamtakanna er Ísland í

sömu stöðu og hin láglendu eyriki sem munu ella sökkva í sæ, þar eð súrnun sjávar og hnignun líffræðilegs fjölbreytileika í hafinu gæti innan fárra áratuga ógnað efnahag Íslands.

Það segir þó sitt um stöðu mála að þrátt fyrir góðan árangur í París mun markmið aðildarríkja Parísarsamkomulagsins, um að halda hækkun meðalhitastigs jarðar innan við tvær gráður og í besta falli innan 1,5 gráður, ekki nást.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands



bandið, Afríkuríkin og Bandalag smá-eyríkja höfðu lagt gríðarlega mikla vinnu í að ná ásættanlegri lausn. Niðurstaðan – Parísarsamkomulagið – varð enn betra og enn metnaðarfullri niðurstaða en nokkur hafði þorað að vona, er mat Árna.

„Það segir þó sitt um stöðu mála að þrátt fyrir góðan árangur í París mun markmið aðildarríkja Parísarsamkomulagsins, um að halda hækkun meðalhitastigs jarðar innan við tvær gráður og í besta falli innan við 1,5 gráður, ekki nást. Verði ekki betur að gert mun meðalhitastig hækka um að minnsta kosti 2,7 gráður sem er langt umfram hættumörk,“ segir Árni Finnsson. svavar@frettabladid.is

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir fundaröðinni BORGIN – HEIMKYNNI OKKAR um þróun og mótun borgarinnar.

Fagurfræðin í borgarskipulaginu

Kaffihúsinu á Kjarvalsstöðum, kl. 20 þriðjudaginn 11. október.



Margrét Harðardóttir



Hjörleifur Stefánsson



Guðbjörg R. Jóhannesdóttir



Hjálmar Sveinsson

Reykjavík verður að þessu sinni skoðuð í ljósi fagurfræði út frá nokkrum sjónarhornum, t.d. lífsgæða, hversdagsleika og skipulags. Markmið fundaraðarinnar er að færa umræðu um skipulags- og umhverfismál í vitt og breitt samhengi. Fundir hafa verið mjög vel sóttir, bæði af fagfólki og áhugafólki um skipulag og umhverfi borgarinnar.

Spennandi er að efla umræðu um fagurfræði og skipulagsmál. Til að gera það verða gestir fundarins Margrét Harðardóttir, arkitekt hjá Stúdíó Granda, Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, nýdoktor við Heimspækistofnun HÍ og aðjúnkt við LHÍ og Hjörleifur Stefánsson, arkitekt hjá vinnustofunni Gullinsnið, ásamt Hjálmar Sveinssyni, formanni umhverfis- og skipulagsráðs.

Allir velkomnir. Heitt á könnunni.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

6. - 10. október

Kauphlaupstilboð

Allar aðrar vörur á 10% afslætti

Tax Free

GEORG JENSEN
Jólaóróinn 2016

Verð áður: kr. 7.560

Tax Free verð: kr. 6.097*

*19,35% afsláttur

2016 Christmas Noël Jul 2016



LE CREUSET

Allar vörur frá LE CREUSET á
20% AFSLÆTTI



iittala

Múminkrús - Allar gerðir

Verð áður: kr. 3.350 stk.

Nú: kr. 2.231 stk.

Við kaup á 3 könnum

33% AFSLÁTTUR

3
fyrir 2



GEORG JENSEN

Aðventustjaki - Season Gull

Verð áður: kr. 14.950

Nú: kr. 11.960

20% AFSLÁTTUR

WMF

Pottasett - Diadem Plus

5 pottar

Verð áður: kr. 49.450

Nú: kr. 29.670

40% AFSLÁTTUR



iittala

Kastehelmi

Allar vörur

25% AFSLÁTTUR



eva solo

Panna - 28cm

Verð áður: kr. 19.980

Nú: kr. 11.990

40% AFSLÁTTUR

normann
COPENHAGEN

Shorebird

eftir Sigurjón Pálsson



Lítill - 7,5cm

Verð áður: kr. 4.850

Nú: kr. 3.880

20% AFSLÁTTUR



Miðstærð - 11cm

Verð áður: kr. 5.850

Nú: kr. 4.680

20% AFSLÁTTUR



Stór - 14cm

Verð áður: kr. 8.350

Nú: kr. 6.680

20% AFSLÁTTUR

Breytingar breytinga vegna



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Staðan á sviði stjórnmálanna er um margt forðamaalaus nú þegar styttest í kosningar. Fjöldi flokka er í framboði og stefnumálin misjafnlega skýr. Kannanir benda til að þingflokkarnir verði sjö og ekki verði mögulegt að mynda tveggja flokka stjórn eins og mörgum þykir eftirsóknarvert á Íslandi.

Við gætum því verið að horfa á gerbreytt mynstur á Alþingi þar sem aukin krafa yrði um samvinnu og mála-miðlanir. Í slíku þarf ekki að felast sú hætta sem sumir halda fram. Frændur okkar Danir hafa til að mynda um áraradír búið við flókin stjórnarmynstur og minnihlutastjórnir en vegnað vel. Við þurfum því varla að óttast að stöðugleika verði ógnað þótt stjórnmálamennirnir þurfi í auknum mæli að finna málum farveg í sameiningu. Þvert á móti getur slíkt verklag breytt stjórnmálamenningunni til batnaðar.

Hitt er annað mál að aðstaður á Íslandi eru um margt ákjósanlegar. Hér er hagvöxtur umfram samanburðar-lönd, stýrivextir lágir í sögulegu samhengi og erlendar skuldir þjóðarþúsins hafa lækkað á kjörtímabilinu. Krónan hefur sömuleiðis styrkst rækilega gagnvart helstu gjaldmiðlum. Vissulega hafa ytri aðstaður verið hagstæðar, ferðamannaflumurinn heldur áfram og makrillinn hefur reynst viðvarandi búbot.

Staðreyndin er samt sú að núverandi ríkisstjórn hefur um margt haldið vel á hagstjórnarspöðunum, og ber þar helst að nefna lok á uppgjörum slitabúanna og afnám gjaldeyrishafta. Sumir myndu jafnvel segja að varhuga-vert væri að skipta um hest í miðri á.

Þjóðaratkvæðagreiðslan um útgöngu Breta úr Evrópu-sambandinu er áhugaverður samanburður í því samhengi. Í sumarbyrjun var almennt talið að Bretar byggju við eitt sterkasta hagkerfi í Evrópu. Síðan kom atkvæðagreiðslan um Brexit og ákvörðun um að ganga úr Evrópu-sambandinu. Pundið hefur hríðfallið og hlutabréfamarkaðir sömuleiðis. Skjótt skipast veður í lofti.

Forvitnilegt var að fylgjast með viðbrögðum breskra kjósenda eftir að úrslitin urðu ljós. Sumir höfðu ekki kynnt sér málin nægilega, aðrir sögðust jafnvel hafa verið að mót-mæla sitjandi stjórnvöldum og alls ekkert vilja ganga úr Evrópusambandinu. Forvígismenn útgöngu viðurkenndu svo strax eftir að úrslit voru ljós að alls ekkert hefði verið að marka stærstu loforð þeirra og fullyrðingar.

Þá var hins vegar horft fram á orðinn hlut. Efnahagslegum stöðugleika var stefnt í hættu allt að því að óþörfu án þess það virtist sérlega ígrundað.

Í þessum samanburði felst alls engin ábending um að kjósa núverandi stjórnarflokka, ekki frekar en að í þeirri hugmynd að fjölflokka mynstur geti bætt stjórnmála-menninguna felist hvatning til að kjósa smærri eða nýrri flokka.

Það er hins vegar góð regla að ígrunda vel afstöðu sína og reyna að átta sig á þeim loforðum sem á okkur dynja úr mörgum áttum þessa dagana.



Þá var hins vegar horft fram á orðinn hlut. Efnahagslegum stöðugleika var stefnt í hættu allt að því að óþörfu án þess það virtist sérlega ígrundað.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

Hver skaut JFK? Formaður Framsóknar?



Miðvikudagurinn 17. september 2014. Edinborg. Igor Borisov og þrír rússneskir félagar hans mæta til skosku höfuðborgarinnar. Þeir eru komnir til að fylgjast með þjóðaratkvæðagreiðslunni um sjálfstæði Skotlands á vegum rússneskra stjórnvalda. Þeir hyggjast tryggja að allt fari vel fram. Eða það er allavega opinbera ástæðan.

EKKI LIÐUR Á LÖNGU UNS ÞEIR HLEPPA ÖLLU Í BÁL OG BRAND. Þeir fullyrða að kosningarnar standist ekki alþjóðlega lýðræðisstaðla. Salurinn sem atkvæðin eru talin í sé of stór, kosningarnar séu tómst vinnslu.

Í fyrstu er hlegið að þeim. „Já, já, þið eruð krútt.“ Alvarleiki málsins kemur hins vegar fljótt í ljós.

Upplýsingastríðið

Upplýsingar eru vopn sem nota má í nútímahernaði. Þetta kemur fram í nýjustu útgáfu „Stefnuyfirlýsingar rússneska sambandsríkisins á sviði hernaðar“ sem Vladimir Pútín samþykkti í lok árs 2014. Hernaðarskýrendur halda því fram að til að bæta upp fyrir lakan stríðskost heyrir Rússar nú upplýsingastríð. Segja þeir rangfærslur eitt öflugasta hernaðartækið í vopnabúri þeirra.

Eftir að dagblaðið The Guardian birti frétt um kenningar Igors og félaga um svindl í þjóðaratkvæðagreiðslunni í Skotlandi ætlaði allt um koll að keyra. Internetið logaði. Lögregla var kölluð til svo rannsaka mætti ásakanirnar. 100.000 manns skrifuðu undir áskorun þess efnis að endurtaka ætti kosningarnar þótt enginn fótur væri fyrir því að svindlað hefði verið.

Ofurhetjufígúrun og óhreinataui

Hver skaut JFK? Hver stóð í raun og veru að árásumum á tvíburaturnana í New York? Samsæriskenningar eru góð skemmtun. Það eru þó fáir sem leggja trúnað á þær aðrir en einstaka einfari sem hrist í kjallaranum hjá mömmu umkringdur ofurhetjufígúrun og óhreinataui. Eða hvað?

Stjórnmálaumræða virðist í auknum mæli hafin yfir staðreyndir. Sé lygi endurtekin nógu oft verður hún sannleikur. Í Bandaríkjunum er Donald Trump helsti kyndilberi þessarar pólitísku afstæðisbyggju en þar í

landi er talað um „post-truth politics“. Hefur Trump til að mynda tekist að sannfæra fjölda Bandaríkjamanna um að forseti þeirra, Barack Obama, sé ekki fæddur í Bandaríkjunum með því að endurtaka samsæriskenninguna við hvert tækifæri. Að sama skapi hefur Vladimir Pútín einkar gott lag á að rugla alþjóðasamfélagið í ríminu með uppspuna og rangfærslum. Sem dæmi má nefna flugskeytið sem grandaði farþegaþotu Malaysian Airlines yfir Úkraínu árið 2014. Allt bendir til þess að það hafi verið rússneskt. Um heim allan má þó finna fólk sem dregur þá staðhæfingu í efa því rússnesk stjórnvöld hafa verið dugleg við að skálda upp aðrar skýringar á harmleiknum.

Meinsemd á lýðræðinu

Sunnudagurinn 2. október 2016. Háskólabíó. Hvað gerðist á flokksþingi Framsóknarflokksins? Við fengum fréttir af hurðaskellum, skrúfað var niður í völdum fundargestum, fúkyrði fuku og fólk rauk á dyr. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson tapaði formannskjöri. Eða hvað?

EKKI LEIÐ Á LÖNGU UNS SIGMUNDUR DAVÍÐ MÆTTI Á VÖLLINN MEÐ SAMSÆRISKENNINGARNAR REIDDAR Á LOFT. Hver slókti í alvörnunni á netútsendingunni? Hvaða dularfulla fólk var þetta í rútunum?

Í fyrstu var þetta fyndið. „Já, já, krútt, það er leiðinlegt að tapa.“ En svo – eins og í Skotlandi – kárnaði gamanið.

Stjórnmálamaður á borð við Trump, Pútín og Sigmundur Davíð sem kvatt hafa raunveruleikann virðast sakleysislegir bullukollar. Svo er þó ekki. Þeir eru alvarleg meinsemd á lýðræðinu. Ekki vegna þess fólks sem trúir þeim, heldur vegna þess eittraða andrúmslofts sem bullið leiðir af sér. Ef þeir eru að bulla í okkur, hverjir aðrir eru að bulla í okkur? Allt í einu er öll stjórnmálaumræða undirorpin efa og sannleikurinn er þess sem hrópar hæst.

Þrjár vikur eru til kosninga. Hvernig er hægt að eiga í eðlilegum rökræðum um málefni ef við getum ekki sam-einast um einfaldar staðreyndir á borð við það, hvort formaður Framsóknarflokksins sé réttkjörinn?

Midasala á miði.is

Hera Björk
Ílmur af jólum

Jólatónleikar í Grafarvogskirkju
26. nóvember kl. 20.00

Stórhundakynning um helgina

FRÁ 13:00 TIL 17:00

KYNNIÐ YKKUR TEGUNDIRNAR ★
SPJALLIÐ VIÐ REYNDA HUNDAEIGENDUR
DÝRALÆKNIR ★ FÓÐURKYNNINGAR ★
HEIÐRÚN KLARA HUNDAÞJÁLFARI ★
DÝRAHJÁLP ★ LUKKURÖTTAR ÖFL.

20% TIL 30%
AF ÖLLUM DÝRAVÖRUM



EF ÞÚ KAUPIR TVÆR PET HEAD VÖRUR
FYLGIÐ JULIUS K-9 ENDURSKINSTAUMUR
FRÍTT MEÐ

PREMIER
PRO
PLAN

ROYAL CANIN



NordicGold



GLÆSILEGT ÚRVAL AF HAUSTLYNGI
OG SÍGRÆNUM PLÖNTUM

3STK ERIKUR EÐA CALLUNUR 1.290KR



20%
afsláttur

af öllum
haustlaukum

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM AFSKORNUM
BLÓMUM Í TILFNI
BLÓMABÚÐARDAGA



GARÐHEIMAR

Stekjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

KAUPAUKI Í OKTÓBER

- Nokian vetrardekk
- Þjónustueftirlit í 2 ár*
- Farangursbox
- Þverbogar

GRAND C-MAX



FORD GRAND C-MAX
FRÁ **3.590.000** KR.

Verðmæti kaupauka 357.000 kr.

STÓR - Rúmgóður fjölskyldubíll sem er fánlegur 5 eða 7 manna. Rennihurð er á báðum hliðum sem gerir aðgengið sérstaklega þægilegt.



FORD S-MAX
FRÁ **5.190.000** KR.

Verðmæti kaupauka 469.000 kr.

STÆRRI - Sportlegur og glæsilegur 5 eða 7 manna bíll sem rúmar alla fjölskylduna. Nægt pláss fyrir mikinn farangur. Fánlegur fjórhjóladrifinn.



FORD GALAXY
FRÁ **5.590.000** KR.

Verðmæti kaupauka 469.000 kr.

STÆRSTUR - Stór 7 manna fjölskyldubíll. Góð lofthæð og nægt fótarými í öllum þremur sætaröðum. Fánlegur fjórhjóladrifinn.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16. Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.



ALLIR UM BORD ...

KAUPAUKI MEÐ ÖLLUM 7 MANNA FORD

➤ Ford býður upp á einstaklega gott úrval 7 manna fjölnotabíla. Nú er tækifæri til að gera enn betri kaup á stórglæsilegum og vel útbúnum Ford.

Komdu í Brimborg í dag milli kl. 12 og 16 og tryggðu þér draumabíl fjölskyldunnar. Í október fylgir veglegur kaupuki – nýttu tækifærið!



ford.is

Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn myndum í auglýsingu.
* Miðað er við þjónustueftirlit í tvö ár samkvæmt staðli framleiðanda sem framkvæmt er á 20.000 km fresti eða 12 mánaða fresti, það gildir sem á undan kemur.



Katrín Jakobsdóttir, formaður VG

Í aðdraganda kosninga koma margir með stór loforð. Núna ríður hins vegar á að við kjósum um raunverulegar samfélagslegar úrbætur.


- Bætt heilbrigðisþjónusta
- Alvöru aðgerðir í loftslagsmálum
- Betri menntun
- Meiri jöfnuður
- Bætt kjör aldraðra og öryrkja

Þetta er ómetanlegt

Hverjum treystir þú?



Myndlistin og samfélagið



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

Dagur íslenskrar myndlistar er árlegt vitundaráttak þar sem vakinn er athygli á starfi myndlistarmanna og verkum þeirra sem almenningur nýtur í daglegu lífi. Myndlistin er hluti af því umhverfi sem við höfum skapað okkur en við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir hversu fyrirferðarmikil hún er í lífi okkar allra.

Það er mikil gróska í myndlistarlífi borgarinnar, hvert sem lítið er og hefur Reykjavíkurborg komið að ýmiskonar verkefnum sem því tengjast. Til dæmis stýttist í opnun Marshall-hússins á Grandanum í samstarfi við HB Granda. Borgin leigir af Granda og framleigir svo hlutann sem mun snúa að myndlist til Nýló, Kling og Bang, i8 Galleris og Stúdíós Reykjavíkur með sjálfan Ólaf Eliasson í forgrunni. Marshall verður myndarlistarmiðstöð; sýninga- og verkefnarými fyrir þessa lykilaðila í myndlistarlífinu sem mun án efa líka vekja athygli í hinum alþjóðlega myndlistarheimi. Um leið mun þetta verkefni styrkja enn frekar uppbyggingu í og við Granda þar sem íbúðabygging, útgerð, lítil og meðalstór fyrirtæki, afþreying og menning fara vel saman.

En það eru fleiri íslenskir listamenn að vekja athygli erlendis. Borgarlistamaður Reykjavíkur árið 2016 er Ragnar Kjartansson sem hefur aukið hróður íslenskrar myndlistar og Reykjavíkur um gjörvalla heim. Það telst óvenjulegt að maður sem er bara um fertugt hljóti þessa heiðursviðurkenningu til listamanns sem með listsköpun sinni hefur skarað fram úr og markað sérstök spor í íslensku listalífi. En hún er um leið þakklætisvottur frá borginni fyrir það framlag sem listamaðurinn hefur lagt til menningararlífsins í borginni og sjálfsmyndar hennar.

Fjölbreytt verk Ragnars sýna í hnotskurn hvernig myndlistin getur verið í dag, en verk hans eiga rætur að rekja í ólíka miðla, m.a. leikhús, tónlist, málverk, gjörninga, kvikmyndir, myndbönd og bókmenntir. Stór einkasýning hans er væntanleg í Listasafn Reykjavíkur á komandi ári, eitt af flaggskipum menningarinnar sem borgin er stolt af að reka.

Stuðningur við grasrót
Borgin reynir eftir mætti að hlúa

að myndlistinni með stuðningi við grasrót í gegnum fjölda gallería og vinnustaði myndlistarmanna. Þar má nefna Sjónlistamiðstöðina á Korpúlfstöðum, Myndhöggvarafélagið á Nýlendugötu, Nýlistasafnið, Kling og Bang, Harbinger, Grafíkfélagið, Hverfisgalleri og Listasafn ASÍ.

Reykjavík er líka Friðarborg og það er ánægjulegt að segja frá því að Ólafur Eliasson verður einn fjögurra listamanna sem hljóta verðlaun úr Lennon-Ono friðarsjóðnum þann 9. október næstkomandi, sama dag og Friðarsúla Yoko Ono verður tendruð að vanda. Kínverski fjöllistamaðurinn og aktivistinn Ai WeiWei verður þar einnig heiðraður ásamt hinum bresk-indverska myndlistarmanni Anish Kapoor, og ungversku fjöllistakonunni Katalin Ladik.

Öll hafa þau með list sinni og verkum haft áhrif á samfélagið og vakið umræðu sem snertir upplifun okkar og tilfinningu fyrir umhverfinu. Listaverk geta fært okkur gleði í daglegu amstri, en myndlist og myndverk geta líka verið áminning eða vakning um samfélagsmál. Myndlist færir okkur þannig nýjar hugmyndir og nýja sýn á gamlar hugmyndir – og þessir fjórir listamenn nýta sér þá miðlun til almennings til hins ýtrasta með verkum sínum.

Friðarsúla Yoko Ono sem lýsir upp himininn yfir Víðey í svartasta skammdeginu er einmitt dæmi um slíkt listaverk. Verkið sést víða að í borginni og hægt er að njóta þess frá ótalmörgum sjónarhornum. Friðarsúlan lætur fáa ósnortna með boðskap sínum um frið til handa mannkyninu. Í hinu stóra samhengi er hún um leið áminning um þær hörmungar sem ófriður veldur og áminning til okkar sem byggjum þessa borg um að leysa úr ágreiningi á friðsamlegan hátt.

Það er góð áminning nú þegar við minnumst þess í október að 30 ár eru liðin frá leiðtogafundinum í Höfða sem markaði upphafið að endalokum kalda stríðsins. Ýmislegt verður gert til að minnast þeirra tímamóta og þar getur friðarsúlan verið táknmynd jafnt um innri sem alþjóðlegan frið. Gleðilegan Dag myndlistar.



Myndlistin er hluti af því umhverfi sem við höfum skapað okkur en við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir hversu fyrirferðarmikil hún er í lífi okkar allra.

Norræna húsinu
Sturlugötu 5
101 Reykjavík

Miðvikudaginn
12. október
kl. 20:00

Aðgangseyrir 500,- kr.

FYRIRLESTUR
CHRISTOPHER VASEY

FORLÖG, KARMA,
EIGUM VIÐ FRJÁLSAN VILJA?
SAMKVÆMT GRALSBOÐSKAPNUM

Fyrirlestur á ensku – Lesinn útdráttur úr Gralsboðskapnum á íslensku.

Skipuleggjandi: Gral-Norden • www.gralsbodskapur.org
vasey-leuze@gral-norden.net • Sími: 842 2552

HAPPY BIRTHDAY JOHN AND SEAN!!!

We shall hug each other when we stop all wars.

Yoko Ono býður gestum til Viðeyjar að kvöldi 9. október til að vera viðstaddir tendrun Friðarsúlunnar.

Fríar ferðir frá Skarfabakka frá kl. 17.00.

Ljósíð verður tendrað kl. 20.00.

Yoko Ono invites you to Videy Island to take part in the lighting of IMAGINE PEACE TOWER.

Free ferry from Skarfabakka from 5pm.

The lighting will take place at 8pm.

i ii iii

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT**Nýjast****Domino's-deild karla****KR - Tindastóll 98-78**

Stigahæstir: Brynjar Þór Björnsson 33, Sigurður Þorvaldsson 23/10 fráköst, Darri Hilmarsson 16/11 fráköst, Þórir Guðmundur Þorbjarnarson 15, Snorri Hrafnkelsson 6 - Pétur Rúnar Birgisson 22/6 stoðsendingar, Mamadou Samb 17/10 fráköst, Björgvin Hafþór Rikharðsson 13, Christopher Caird 9, Helgi Freyr Margeirsson 6, Jónas Rafn Sigurjónsson 6.

Njarðvík - Keflavík 82-88

Stigahæstir: Corbin Jackson 21, Oddur Rúnar Kristjánsson 16, Snjólfur Marel Stefánsson 15/9 fráköst, Logi Gunnarsson 15 - Amin Stevens 33/21 fráköst, Hörður Axel Vilhjálmsson 16/6 stoðsendingar, Magnús Már Traustason 14, Reggie Dupree 12, Guðmundur Jónsson 11/7 stoðsendingar.

Þór Ak. - Stjarnan 82-91

Stigahæstir: Jalen Riley 27, Darrel Lewis 24/10 fráköst, Danero Thomas 9/9 fráköst, Ingvi Rafn Ingvarsson 8, Þróstur Leó Jóhannsson 8 - Justin Shouse 20/8 stoðsendingar, Marvin Valdimarsson 18, Hlynur Bæringsson 15/12 fráköst/7 stoðsendingar, Devon Austin 10.

Haukar - Skallagrímur 80-70

Stigahæstir: Aaron Brown 23/13 fráköst, Hjálmar Stefánsson 13, Finnur Atli Magnússon 12/9 fráköst/5 stoðsendingar, Haukur Óskarsson 10 - Flenard Whitfield 32/14 fráköst, Eyjólfur Ásberg Halldórsson 10, Magnús Þór Gunnarsson 7.

Meistararnir sendu skilaboð í fyrsta leik

Sjóðheitur Brynjar Þór Björnsson, fyrirlíði KR, fór fyrir sínum mönnum í öruggum 20 stiga sigri, 98-78, á Tindastóli í 1. umferð Domino's deildar karla í körfubolta í gær. Brynjar skoraði 33 stig, var stigahæstur allra á vellinum og setti niður sjö þriggja stiga skot í leiknum. KR lék án Pavels Ermolinskij, Jóns Arnórs Stefánssonar og Bandaríkjamannsins Cedriks Bowen í leiknum í gær en það kom ekki að sök. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Verið fullkominn ferill

Jón Daði Böðvarsson býst við að vera klár í slaginn gegn Tyrklandi á sunnudaginn. Tvö ár eru síðan hann skaust fram á sjónarsviðið gegn sömu mótherjum.

FÓTBOLTI Fyrir rúmum tveimur árum var Jón Daði Böðvarsson óvænt í byrjunarliði íslenska landsliðsins í fótbolta þegar það vann Tyrkland, 3-0, í fyrsta leik liðsins í undankeppni EM 2016. Hann skoraði í frumraun sinni í mótssleik fyrir Ísland og hefur ekki litið um öxl.

Fótboltinn fer í hring eins og lifið. Á sunnudaginn mæta strákarnir okkar Tyrklandi í þriðja leik liðsins í undankeppni HM 2018 og vonast Jón Daði til að vera með eftir að þurfa að hvíla gegn Finnlandi vegna meiðsla í nára.

„Ég er bara góður. Eiginlega betri ef eitthvað er,“ sagði hinn hógværi og lítillati Seflyssingur við Fréttablaðið á æfingu landsliðsins í Egilshöllinni í gær. „Ég sé fram á að vera klár á sunnudaginn en maður veit aldrei því nárin er svo lúmskur. Það er verið að vinna í honum.“

Fótboltinn ekki alltaf fallegur

Jón Daði átti ekki að byrja leikinn fræga gegn Tyrklandi í ágúst 2014 heldur átti Jóhann Berg Guðmundsson að fá tækifærið við hlið Kolbeins Sigþórssonar í framliðinu. Eins dauði er annars brauð í þessum bransa og tók það Jóhann Berg nokkra mánuði að vinna aftur sitt sæti. Það gerði hann reyndar með stæl og byrjaði, eins og Jón Daði, alla leiki Íslands á EM.

Nú þegar Jón var

sjálfur meiddur fékk Björn Bergmann Sigurðarson óvænt tækifæri í byrjunarliðinu. Skagamaðurinn hefur ekki haft áhuga á að spila fyrir landsliðið en var allt í einu mættur í byrjunarliðið, tilbúinn að heilla landsliðsþjálfarana. Það er aldrei þægilegt fyrir fótboltamenn að sjá einhverja aðra spila það sem þeir vilja meina að sé sín staða.

„Það er samkeppni í þessu. Fótboltinn er harður heimur og er ekki alltaf fallegur. Maður þarf stundum að hugsa um sjálfan sig, en í leiðinni er maður að vona að öllum gangi sem best,“ sagði Jón Daði sem hafði þó ekkert nema góða hluti hluti um Björn Bergmann að segja.

„Mér fannst Björn Bergmann standa sig vel í erfiðum leik. Við vitum að Björn er góður leikmaður. Þetta er líka flottur gaur, mjög kurtis og finn strákur. Ég vona samt að ég verði klár í næsta leik.“

Alltaf að bæta sig

Þegar Jón Daði er beðinn um að lita yfir þessi tvö ár í fljótu bragði er hann sáttur við það sem hann hefur gert.

„Þetta er búinn að vera fullkominn ferill hingað til. Ég verð alltaf betri og betri finnst mér og er að taka réttu skrefin. Ég hef verið mjög heppinn með að lenda í réttu umhverfi, heppnin þarf líka að vera með manni í þessu. Mér finnst ég alltaf að verða betri og betri í fótbolta. Ég bæti mig á hverju ári og sjálfs-traustið er miklu meira en áður fyrr,“ sagði Jón Daði Böðvarsson.

tomas@365.is

Frá Tyrklandi til Tyrklands

Tvö ár á ferli Jóns Daða Böðvarssonar

September 2014: Spilar fyrsta mótssleikinn sinn fyrir Ísland gegn Tyrklandi í undankeppni EM 2016 og skorar fyrsta markið sitt fyrir Ísland í 3-0 sigri.

Júlí 2015: Þýska liðið Kaiserslautern reynir hvað það getur að kaupa Jón Daða frá Viking í Noregi en norska liðið vill ekki selja hann.

September 2015: Er í byrjunarliði Íslands sem gerir jafntefli við Kasakstan og tryggir sér sæti á EM 2016 í fyrsta sinn.

Janúar 2016: Gengur formlega í raðir Kaiserslautern í þýsku B-deildinni. Spilar hálf tímabil og skorar tvö mörk í 16 leikjum.

Júní 2016: Byrjar alla leiki Íslands á EM í Frakklandi og skorar í 2-1 sigri gegn Austurríki í lokaumferð riðlakeppninnar sem tryggir Íslandi leik gegn Englandi í 16 liða úrslitum.

Ágúst 2016: Öllum að óvörum skrifar Jón Daði undir samning við enska B-deildarliðið Wolves. Skorar í fyrsta leik og er valinn maður leiksins. Skorar tvö mörk og leggur upp þrjú í fyrstu níu leikjunum með Úlfunum.

Oktober 2016: Getur ekki spilað gegn Finnnum í undankeppni HM 2018 en verður líklega með gegn Tyrklandi, tveimur árum eftir að skora í frumraun sinni í mótssleik fyrir Ísland gegn sama liði.

#EUROBASKET2017

**FIN/ISL****ÍSLAND LEIKUR Á EUROBASKET 2017 Í HELSINKI Í FINNLANDI.****MÍÐASALAN HEFST Á TIX.IS ÞRIÐJUDAGINN 11. OKTÓBER KL. 10:00.**

FIBA
EUROBASKET
FINLAND • ISRAEL • ROMANIA • TURKEY





OPINN FUNDUR MEÐ FRAMBJÓÐENDUM TIL ALÞINGIS

Grand Hótel | Laugardaginn 8. október | Kl. 14 - 16
Kaffiveitingar og allir velkomnir



Guðmundur Magnússon
Alþýðufylkingin



Steinunn Ása Þorvaldsdóttir
Björt framtíð



Ásta Dís Guðjónsdóttir
Dögum



Inga Sæland
Flokkur fólksins



Eygló Harðardóttir
Framsóknarflokkur



Júlíus Valdimarsson
Húmanistaflokkur



Jón Þór Ólafsson
Píratar



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
Samfylking



Óli Björn Kárasón
Sjálfstæðisflokkur



Steinunn Þóra Árnadóttir
Vinstri græn



Hanna Katrín Friðriksson
Viðreisn

DAGSKRÁ

- Fundur settur af Ellen Calmon, formanni ÖBÍ
- Frambjóðendur kynna sig og flokka sína
- Fundarstjóri ber upp fimm spurningar frá málefnaþópum ÖBÍ um málefni tengd aðgengi, atvinnu- og menntamálum, heilbrigðismálum, kjaramálum og sjálfstæðu lífi
- Spurningar úr sal
- Lokaorð formanns ÖBÍ og kynning á niðurstöðum nýrrar könnunar Gallup um áherslumál ÖBÍ
- Fundarstjóri er Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, fréttastjóri Fréttatímans
- Að fundi loknum verður boðið upp á kaffiveitingar og gefst þá fundargestum tækifæri til að ræða við frambjóðendur um málefnið

KJÓSUM SAMFÉLAG FYRIR ALLA!





„Mark, mark, mark.“ Íslensku strákarnir setja pressu á dómara með því að fagna marki á móti Finnum. Norski dómariinn dæmdi á endanum mark sem skilaði íslenska liðinu þremur stigum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Endurkomustrákarnir okkar

Íslenska karlalandsliðið bætti enn einni eftirminnilegu endurkomunni í safnið á Laugardalsvelli á fimmtudagskvöldi. Það efast enginn um karakter strákanna okkar sem hafa ítrekað komið til baka í mikilvægum landsleikjum á undanförunum þremur árum.

FÓTBOLTI Endurkomur íslenska fót-boltalandsliðsins undanfarin ár hafa átt mikinn þátt í ævintýri strákanna okkar, ævintýri sem virðist engan enda ætla að taka. Nýjasti kaflinn var skrifaður í Laugardalnum í fyrirkvöld.

Allt stefndi í það þetta væri einn af þessum „stöngin út“ dögum. Viti Gylfi Þórs Sigurðssonar skall í slánni og hann átti einnig frábært langskot í stöngina. Pressan var mikil en þegar

klukkan var að detta í 90 mínútur var vonin farin að veikjast hjá stuðningsmönnum íslenska liðsins.

Strákarnir hættu hins vegar aldrei og tókst að tryggja sér þrjú stig með tveimur mörkum í lokin. Seinna markið hefur líklega þegar tryggt sér titilinn umdeildasta mark íslenska landsliðsins en það breytti ekki því að sigur náðist í hús þrátt fyrir að útlitið væri ekki bjart rétt fyrir leikslok.

Þetta var sjöunda endurkoma

strákanna okkar á síðustu árum og Fréttablaðið ætlar að skoða þær aðeins betur.

Það eru liðin rúm þrjú ár frá því að Gylfi Þór Sigurðsson gerði út um Slóvena úti í Slóveníu með því að skora tvö mörk í seinni hálfleiknum. Nokkrum mánuðum seinna náðu strákarnir stigi úr vonlausri stöðu í Sviss og unnu svo endurkomusigur á Albönunum aðeins fjórum dögum síðar.

Það hefur heldur enginn gleymt viðbrögðum landsliðsins við að fá á sig mark í toppslag á móti Tékkum í undankeppni EM eða þá hvernig íslenska liðið brást við því að lenda undir í upphafi leiks á móti Englendingum í sextán liða úrslitum Evrópu-mótsins í Frakklandi.

Það má einnig nefna það að íslenska liðið náði í jafntefli út úr leik á móti Portúgölum á EM þrátt fyrir að lenda undir á móti verð-


andi Evrópumeisturum í fyrsta leik karlalandsliðsins á stórmóti. Portúgalar höfðu allt til alls til að keyra yfir nýliðina en enn á ný sýndu strákarnir okkar úr hverju þeir eru gerðir.

Dramatikkin hefur þá aldrei verið eins mikil og í Laugardalnum á fimmtudagskvöldið enda endalok leiksins þess eðlis að það verður eflaust talað um sigurmarkið aftur og aftur um ókomin ár.

ooj@frettabladid.is

Endurkomur íslenska karlalandsliðsins í fótbolta í keppnisleikjum á undanförunum þremur árum

22. mars 2013
Ljubljana í Slóveníu
2-1 sigur á Slóveníu
Slóvenar komust í 1-0 á 34. mínútu og þannig var staðan þar til að tíu mínútur voru liðnar af seinni hálfleik. Gylfi Þór Sigurðsson jafnaði þá með stórkostlegu skoti úr aukaspyrnu af 25 metra færi en hann var ekki hættur. Gylfi skoraði sigurmarkið



tólf mínútur fyrir leikslok eftir undirbúning varamannsins Eiðs Smára Guðjohnsen.

6. september 2013
Bern í Sviss
4-4 jafntefli við Sviss
Ísland komst í 1-0 með marki Jóhanns Bergs Guðmundssonar eftir aðeins þriggja mínútna leik en Svisslendingar svöruðu með fjórum mörkum og voru 4-1 yfir þegar aðeins 36 mínútur voru eftir. Kolbeinn Sig-

þórsson minnkaði muninn strax í 4-2 og Jóhann Berg skoraði síðan tvö mörk en með því kórónaði hann bæði þrennu sína og tryggði íslenska liðinu stig.

10. september 2013
Laugardalsvöllur
2-1 sigur á Albaníu
Íslenska landsliðið lenti 1-0 undir eftir níu mínútna leik en Birkir Bjarnason jafnaði metin aðeins fimm mínútum síðar. Kolbeinn Sigþórsson tryggði íslenska liðinu síðan sigur með laglegri hælspyrnu í upphafi seinni hálfleiks. Bakvörðurinn Birkir Már Sævarsson lagði upp bæði mörk íslenska liðsins í leiknum.

12. júní 2015
Laugardalsvöllur
2-1 sigur á Tékklandi

Tékkar komust yfir á 55. mínútu en í stað þess að leggja árar í bát þá svöruðu íslensku strákarnir með frábærum kafla. Fyrst jafnaði fyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson metin með laglegum skalla eftir sendingu Ara Freys Skúlasonar og svo skoraði Kolbeinn Sig-

þórsson sigurmarkið. Kolbeinn stal þá boltanum af varnarmönnum Tékkka og lék á markvörðinn Petr Cech áður en hann skoraði.

14. júní 2016
Saint-Étienne
1-1 jafntefli við Portúgal
Nani kom Portúgölum í 1-0 á 31. mínútu og Cristiano Ronaldo fékk nóg af færum til að bæta við mörkum. Birkir Bjarnason jafnaði metin í upphafi seinni hálfleiks eftir frábæra sendingu frá Jóhanni Berg Guðmundssyni og markvörðurinn Hannes Þór Halldórsson sá síðan um að Portúgölum tókst ekki að bæta við mörkum þrátt fyrir mikla pressu.

27. júní 2016
Nice í Frakklandi
2-1 sigur á Englandi

Íslenska liðið varð fyrir áfalli eftir aðeins fjórar mínútur þegar Englendingar fengu vítaspyrnu og Wayne Rooney kom þeim í 1-0. Margir óttuðust stórtap eftir þessa martraðarbyrjun en strákarnir stuðuðust ekki heldur svöruðu með tveimur mörkum á næstu fjórtán

mínútum. Fyrst skoraði Ragnar Sigurðsson eftir skalla Kára Árnasonar og langt innkast Arons Einars Gunnarssonar. Kolbeinn Sigþórsson skoraði síðan sigurmarkið eftir frábæra sókn þar sem níu leikmenn íslenska liðsins komu við boltann. Ísland var komið í átta liða úrslit.

6. október 2016
Laugardalsvöllur
3-2 sigur á Finnlandi

Íslenska liðið lenti tvisvar undir í fyrsta heimaleik sínum í undankeppni HM 2018 og var 2-1 undir þegar leiktíminn var að detta í 90 mínútur. Kári Árnason hafði jafnað metin með skalla-marki eftir sendingu Jóhanns Bergs Guðmundssonar í fyrri hálfleik en Alfreð Finnbogason jafnaði í 2-2 á lokamínútnni eftir sendingu Gylfa Þórs Sigurðssonar. Ragnar Sigurðsson skoraði síðan sigurmarkið eftir skalla-sendingu Kára Árnasonar þegar fimm mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma. Ótrúlegur endir.

Kauphlaup í Smáralind: Fjöldi tilboða á flottum græjum



Vodafone Turbo 7
15.992 kr.

staðgreitt
Almennt verð 19.990 kr.



Vodafone Ultra 7
39.992 kr.

staðgreitt
Almennt verð 49.990 kr.



Wonlex snjallúr fyrir börn
7.992 kr.
staðgreitt
Almennt verð 9.990 kr.



20% afsláttur

Vodafone
Við tengjum þig

BYGGÐ Á EINNI UMTÖLUBUSTU
METSÖLUBÓK SEINNI ÁRA



- ENTERTAINMENT WEEKLY



- VARIETY

"VIVID PERFORMANCES
FROM THE CAST"

"EMILY BLUNT IS PERFECT"

"THE GIRL ON THE TRAIN IS
SEXY AND BRUTAL"

"SUPERB JOB"

"SOLID THRILLER"

"EMILY BLUNT GIVES RACHEL
MULTIPLE DIMENSIONS"

THE
GIRL
ON THE
TRAIN
TRAIN

MYND SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF

KOMIN Í BÍÓ

SAMBÍÓN
EGILSHÖLL

SAMBIO.is

KEFLAVÍK
SAMBÍÓN

AKUREYRI
SAMBÍÓN

KRINGLAN
SAMBÍÓN

ÁLFABAKKI
SAMBÍÓN





DENVER

Þriggja sæta sófi. Með brúnu slitsterku microfiber áklæði. Stærð: 218 x 98 x 88 cm.

134.990 kr.

~~169.990 kr.~~

DENVER

Tveggja sæta sófi. Með brúnu slitsterku microfiber áklæði. Stærð: 168 x 98 x 88 cm.

99.990 kr.

~~129.990 kr.~~



ASTRO

Slitsterkt dökkgrátt, kakí eða dökk-rátt slitsterkt áklæði.

44.990 kr. ~~59.990 kr.~~



1.



Poul Pava



2.

3.



5.



4.



FRIDAY

Nettur sjónvarpssófi með kósíhorni. Hægri eða vinstri. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 325 x 185 x 90 cm

219.990 kr. ~~279.990 kr.~~



CAMEO

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri. Grátt slitsterkt áklæði. Stærð: 295 x 232 x 87 cm

259.990 kr. ~~329.990 kr.~~

1. Bloomingville ananas **4.990 kr.** 2. Poul Pava glös fjögur saman í setti, 26 cl **4.990 kr.** 3. Vinsælu Sentiments kertin frá Yankee Candle eru á **25% afslætti í október** 4. Iittala Moomin bollar **3.290 kr.** ~~3.890 kr.~~ 5. Broste Sally bambuslukt, 36x40 cm **11.990 kr.**



LEVANTO Danskir hægindastólar sem hafa slegið í gegn. Til í leðri og áklæði. Hallanlegir með snúningi. Margir litir. Stærð: 77 x 75 x 109 cm

Levanto hægindastóll í leðri. Fánlegur svartur, hvítur, rauður, dökk-brúnn, koníaksbrúnn, ljós- og dökk grár.

95.900 kr. ~~119.990 kr.~~

Levanto skammell í sömu litum

23.900 kr.

~~29.990 kr.~~

Levanto hægindastóll í áklæði. Fánlegur dökk- og ljósgrár, orange og ljós.

63.900 kr. ~~79.990 kr.~~

Levanto skammell í sömu litum

14.400 kr.

~~17.990 kr.~~





MICHIGAN

Borðstofuforð úr hvíttaðri eða olúborinni gegnheilli eik.

MICHIGAN borðstofuforðið er 101 cm breitt, 205 cm langt og hæðin er 74 cm. Það er stækkanlegt í 361 cm með þremur stækkanum sem fylgja.



Hvíttað eða olúborin eik

349.990 kr. ~~399.990 kr.~~

Vertu eins og heima hjá þér

Skoðaðu úrvalið í blaðinu okkar



NORA

Borðstofustóll. Grá-köflött eða marglitt slitsterkt áklæði.

29.990 kr. ~~39.990 kr.~~



HYPE

Borðstofustóll, brúnt, svart eða grátt PU-leður og svartar lappir.

29.990 kr. ~~39.990 kr.~~



NEIL

Borðstofustóll, olúborin eik og svart leður.

54.990 kr. ~~64.990 kr.~~

Þú finnur nýja bæklinginn okkar á husgagnahollin.is



HÚSGAGNA HÖLLIN

Bækur sem breyta lífum

Barnabókmenntir eru hafðar í hávegum á bókmenntahátíðinni Úti í mýri í Norræna húsinu. Lestur bóka á barnsaldri er mótandi. **Gerður Kristný** og **Gunnar Helgason** taka þátt í hátíðinni og segja frá uppáhaldsbókum sínum sem höfðu mikil áhrif á þau.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Heiðursgestur

Heiðursgestur hátíðarinnar er **Guðrún Helgadóttir**

Guðrún Helgadóttir fæddist í Hafnarfirði þann 7. september 1935 og ólst þar upp í stórum systkinahópi. Hún gaf út sína fyrstu bók, *Jón Odd og Jón Bjarna*, árið 1974 tæplega fertug að aldri og hefur upp frá því verið einn vinsælasti og virtasti barnabókahöfundur Íslands. Síðan hefur Guðrún sent frá sér á þriðja tug bóka.



Um helgina stendur yfir barnabókmenntahátíðin Úti í mýri í Norræna húsinu. Fjölmargir höfundar taka þátt í hátíðinni, íslenskir og erlendir, þeirra á meðal eru rithöfundarnir Gerður Kristný og Gunnar Helgason sem hafa bæði lagt mikinn metnað í skrif barnabóka.

Í boði verða hinar ýmsu vinnustofur fyrir börn, s.s. rapp- og rímnasmiðja, vísindasmiðja með Ævari vísindamanni og myndasögusmiðja, auk ótal upplestra, málþinga og ýmiskonar skemmtilegheita.

Á barnabókasafninu í dag ætlar Gerður Kristný til dæmis að bjóða upp á ritsmíðju fyrir börn á aldrinum 9-11 ára sem sem hugmyndafluginu er hleypt á stökk. „Í ritsmíðjunni verður farið yfir hvernig við segjum sögur og hvaða brögðum höfundar beita til að ná lesandanum á sitt vald. Börnin semja sögur og lesa þær upp.“

Uppáhaldsbarnabók Gerðar Kristnýjar er *Á Saltkráku* eftir Astrid Lindgren. „Hún fjallar um ævintýri, gleði og sorgir Skottu, Palla og fjölskyldna þeirra í sumarhúsi á eyju úti í sænska skerjagarðinum. Kvenfólkíð í bókinni er oft í for-

grunni, þorið og áráðið en karlarnir fá að sýna tilfinningar sínar. Á Saltkráku hafði þau áhrif að mig hefur lengi langað til að skrifa bók sem gerðist í íslensku sumar-bústaðahverfi, enda var ég mikið í bústað í Grafningnum sem krakki. Eftir fáeina daga kemur bókinn síðan út. Hún heitir Hestvík,“ segir Gerður frá.

Lokadagurinn á morgun verður helgaður rithöfundinum ástsæla Guðrúnu Helgadóttur. Þá munu Silja Aðalsteinsdóttir, Katrín



Á hátíðinni geta börn spreytt sig á skemmtilegum verkefnum tengdum bókmenntum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Gerður Kristný kennir börnum að grípa lesendur í sagnagerð. Sjálf heillaðist hún af bók Astrid Lindgren, *Á Saltkráku*, þegar hún var ung. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



KVENFÓLKÍÐ

Í BÓKINNI

ER OFT Í

FORGRUNNI,

ÞORIÐ OG

ÁRÆÐIÐ EN

KARLARNIR

FÁ AÐ SÝNA

TILFINN-

INGAR SÍNAR.

Jakobsdóttir og Gunnar Helgason spjalla við Guðrúnu um verk hennar og feril og leikin verður tónlist úr leiksyningunni Sitji guðs englar.

Það kemur kannski ekki á óvart að uppáhaldsbarnabók Gunnars er *Jón Oddur og Jón Bjarni* eftir Guðrúnu Helgadóttur. „Bækurnar um tvíburana Jón Odd og Jón Bjarna breyttu lífi mínu. Mér fannst bókinn skrifuð um mig, og um okkur bræður,“ segir Gunnar sem á tvíburabróðurinn Ásmund. „Við bjuggum líka í blokk eins og Jón Oddur og Jón Bjarni og áttum eldri systur eins og þeir bræður. Svo bjó amma hjá okkur, svolítið eins og Soffía frænka,“ segir Gunnar og hlær. „Þetta var bara fáránlega líkt og að sjálfsgöðu hafði það mikil áhrif á mig að lesa um ævintýri þeirra bræðra. Á morgun varpa ég fram mjög augljósi en óvæntri bókmenntakenningu um bækurnar,“ segir hann dularfullur og glettinn.

Kennir myndasögugerð

Einn af gestum hátíðarinnar er finnski teiknarinn **Mari Ahokoivu**. Mari er vel þekkt í heimalandi sínu, hefur meðal annars gert myndasögur bæði fyrir börn og fullorðna og kennir myndasögugerð. Bækur hennar hafa verið gefnar út í nokkrum löndum. Hún heimsækir Úti í mýri til þess að halda vinnustofu fyrir 8 til 12 ára börn í dag.



BÓKA MARKAÐUR



Gjöf fylgir ef keypt er fyrir 6.000 kr. eða meira

á Fiskislóð 39
OPIÐ ALLA DAGA kl. 10–19



Allt að
90%
afsláttur

Ís
fyrir alla*

Ævar vísindamaður kemur kl. 14

og les upp úr óútkominni bók sinni,
Þín eigin hrollvekja



2.490 kr.



2.990 kr.



2.990 kr.



690 kr.



690 kr.



990 kr.



690 kr.



690 kr.



1.990 kr.

*Gitt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

LOKADAGUR Á SUNNUDAG

Bókamarkaður Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · Opið alla daga kl. 10–19

Stöðvið drápin á börnunum



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is
Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is

Sýrlendingar frá Aleppo búsettir á Íslandi rifja upp lífið í borginni fyrir stríð og hvernig það er að fylgjast með fréttum af hörmungum sem nú dynja yfir þar sem vinir þeirra og ættingjar búa.

Níu nágrannar látnir

Mér er boðið í látlausa stofu með nokkuð mörgum ósamstæðum sófum. Sófum sem fjölskyldu Khattabs hafa verið gefnir við komuna til landsins í janúar.

Í stofunni eru tveir synir þeirra hjóna, Ibrahim, níu ára, og Abullatif, sjö ára. Sitja þeir við tölvuskjá í einu horninu og horfa á gamlan landsleik Sýrlands á YouTube. Þrátt fyrir aðeins um tíu mánaða veru á Íslandi var auðvelt að ræða við þá á íslensku. Ibrahim tjáði mér að það væri gaman í Brekkuskóla og að hann væri í fótbolta í KA og það gengi bara vel.

Khattab Almohammad fæddist árið 1968 í Aleppo og hafði búið þar alla sína tíð þegar borgarastríðið braust út. Þegar tal okkar barst að ástandinu í borginni var hann fljótur að ná í myndir af Aleppo fyrir stríð. Um fimm milljónir manna bjuggu í borginni á friðartímum.

„Borgin var falleg og ég mun alltaf hugsa til hennar sem heimaslóðar minnar, hvar svo sem ég er. En það er leiðinlegt að sjá hvernig bandamenn Assads forseta fara með borgina. Þetta stríð er háð í einum tilgangi, sem er sá að halda Assad við völd. Á meðan beitir hann loftárásur á eigin þjóð,“ segir Khattab og vandar Assad forseta ekki kveðjur.

Flótti til Libanons

Khattab fór á flóttu þremur mánuðum á undan fjölskyldu sinni. Hann taldi sig ekki óhultan í borginni þar sem hann hafði einhverju sinni mótmælt stjórn Assads. „Við höfðum séð



„Það eina sem við biðjum um er friður,“ segir Khattab. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

lögreglu Assads taka einstaklinga sem voru mótfallnir sitjandi stjórnvöldum og ef minnsti grunur lék á því varstu tekinn af lífi. Mýmörg dæmi eru um þess konar aftókur í Aleppo. Því fór ég þremur mánuðum á undan fjölskyldu minni og flúði til Libanons.“

Hann segir það hafa tekið um tvo

daga að komast leiðar sinnar til Libanons sem venjulega tók um fjórar klukkustundir. „Ég þurfti að greiða mönnum til að komast yfir landamærin,“ bætir Khattab við. „Ég gat ekki vitað í hvaða liði landamæra-verðirnir voru svo ég fann mann inni í stjórnkerfinu sem gat aðstoðað mig við að komast yfir landamærin.“



MYNDIR OG STOPULAR

FRÉTTIR SEGJA MÉR AÐ

NÍU HAFI FALLIÐ Í ÁRÁS Í

GÖTUNNI MINNI.

Khattab Almohammad

Hann segir Aleppo rjúkandi rúst í dag og að hann geti ekki á nokkurn hátt haft samband við ættmenni, vini og nágranna sem búa enn í borginni. „Þetta fólk er í lífshættu á hverri sekúndu,“ segir Khattab og bætir við að níu manns hafi látið lífið í götunni hans í árás stjórnarhers Assads.

„Myndir og stopular fréttir segja mér að níu hafi fallið í árás í götunni minni og það er ógerningur fyrir okkur að vita hvaða einstaklingar létust. Það er langt þar til ég mun vita hvaða vinir, ættingjar eða nágrannar féllu þar.“

Mótmælir á Akureyri

Khattab og fjölskylda hans hafa síðustu helgar mætt á Ráðhústorgið á Akureyri og mótmælt stríðinu í Sýrlandi. Um síðustu helgi mættu tæplega 80 aðrir Akureyringar til þess að sýna þeim samstöðu á erfiðum

tímum. „Það var mjög fallett að sjá svona marga. Við viljum mæta þegar við getum um helgar til að sýna að við erum á móti stríðinu. Það eina sem við biðjum um er friður.“

Nýtt líf

Khattab segir ákvörðunina um að flytja til Akureyrar ekki hafa verið hans. „Við vorum valin hingað og erum þakklát fyrir það sem hefur verið gert fyrir okkur. Börnin okkar lifa nú við frið sem þau hafa ekki gert síðustu fimm árin,“ segir Khattab. „Ég hafði ekki hugmynd um hvar Ísland var á landakorti þegar ég heyrði það fyrst.“

Meningarheimur Sýrlendinga er um margt frábrugðinn þeim sem við eigum að venjast hér heima. Hins vegar slær Khattab á þær vangaveltur um leið.

„Þegar ég ólst upp og í gegnum trú mína sem múslimi er mér og okkur öllum kennt að vera góður nágrannann, hjálpa þeim sem hjálpa þurfa, sýna samstöðu á erfiðum tímum, vera góður, hreinskilinn og standa við gefin loforð. Hér á landi hef ég kynnst þeim eiginleikum og því líður okkur þannig séð vel hérna. Góðvildin er mikil á Íslandi,“ segir Khattab.

Því má bæta við að þegar blaðamaður mætti á heimili þeirra hjóna voru tveir Vottar Jehóva að ganga úr húsi. „Þetta var indælifólk,“ sagði Khattab um innlit þeirra. „Við eigum fullt sameiginlegt. Í Aleppo var moska og kirkja hlið við hlið í mörg hundruð ár og allir lifðu þar í sátt og samlyndi.“

Fjölskyldan föst í martröð

Vinir og ættingjar eru að deyja í Aleppo og Sýrlandi og það er ekkert sem ég get gert,“ segir Yaman Brihhan, eigandi skyndibita-staðarins Alibaba.

„Ég er Íslendingur jafnt og Sýrlendingur. Ég hef búið hér í um fimmtán ár. Ég bið fólk oft um að myndu sér að við Íslendingar þyrftum að búa við þessa martröð. Hvað myndum við segja við alþjóðasamfélagið? Hvers myndum við krefjast?“ spyr Yaman. Hann er þreyttur og dapur. Hann fylgist stöðugt með fréttum frá ættlandinu og það tekur á.

Yaman er fæddur og uppalinn í Aleppo. Hann ákvað að flytjast til Íslands um aldamótin. „Þrátt fyrir það að Aleppo sé gríðarfalleg borg og rík af menningu, þá hafði spillingin grafið um sig í borginni og ég var svartsýnn á framtíð mína þar.

Í Aleppo vann ég við fjölskyldufyrirtækið, verslun með textíl og tiskuvöru. Ég elskaði matargerð og vildi reyna fyrir mér í henni.“

Sendir peninga til Aleppo

Nú rekur Yaman tvo veitingastaði í Reykjavík, í Veltusundi í miðbænum og í Spönginni í Grafarvogi. Hann aðstoðar tugi manns í Aleppo við að komast af í hörmungunum. „Ég gef þeim peninga. Það er það sem gefst best í þessum aðstæðum. Ég og nokkrir fleiri aðstoðum tuttugu fjölskyldur í borginni. Ég geri allt sem er í mínu valdi til að aðstoða.

Vanmátturinn er mikill. Þegar fólk spyr hvað það geti gert til að hjálpa, hvort það megi ekki rétta hjálparhönd, þá bið ég það að reyna að stöðva stríðið. Fólk hefur góðan vilja en nú er bara nóg komið af góðum hug og vilja. Það þarf að stöðva



HÆTTIÐ AÐ HUGSA. FARIÐ

AÐ GERA. GERIÐ ALLT SEM

ÞIÐ GETIÐ TIL AÐ STÖÐVA

DRÁP Á BÖRNUM.

Yaman Brihhan

stríðið. Þannig að ef þið viljið hjálpa, gerið þá allt sem er í ykkar valdi til að stöðva stríðið,“ segir Yaman.

Systirin orðin ekkja

Yaman aðstoðar marga Sýrlendinga sem koma hingað til lands við að laga sig að íslensku samfélagi. Hann talar við þá og gefur þeim ráð. Á sama tíma finnst honum erfitt að geta ekki tryggt öryggi ættingja sinna í Aleppo því þar á hann stóra fjölskyldu.

Þar búa foreldrar hans, tvær systur og bróðir með fjölskyldur sínar. „Systir mín missti eiginmann sinn fyrir stuttu. Hann skrapp að sækja eitthvað í geymsluna þegar gerð var sprengjuárás og kom aldrei aftur,“ segir Yaman.

Systir Yamans á fjögur börn. „Yngsta barnið er þriggja mánaða og þau elstu, tvíburar, ellefu ára gamlir,“ segir hann frá. Hann hefur hugsað um möguleikann á því að reyna að ná systur sinni til Íslands. „Ég hugsaði



Yaman Brihhan fylgist stöðugt með fréttum og það tekur á. Hann á stóra fjölskyldu í Aleppo sem hann óttast um. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

einu sinni um það hvort ég ætti að reyna að fá hana hingað til lands en það er virkilega flókið og erfitt. Fólk heldur að það sé ekkert mál en yfirvöld sem stýra útlendingamálum í

Evrópu vinna gegn því að fólk fari. Ég vil ekki að hún fari hættulega sjóleið með börnin. Þau eru föst í þessari martröð,“ segir hann. „Og svo vill fólk ekkert endilega koma til

Íslands, það vill bara að stríðinu ljúki og alþjóðasamfélagið geri eitthvað,“ segir hann.

Fólk fast í dauðagildru

Yaman hefur ekki farið til Aleppo frá árinu 2011. Fyrir stríðið heimsótti hann ættingja sína reglulega. Hann átti þó fund með foreldrum sínum í Beirút í Libanon í haust þegar vopnahléið stóð yfir.

„Ég er búinn að vera að reyna að hjálpa þeim að komast í heimsókn til mín til Íslands. Þau fá ekki áritun,“ segir hann og sýnir blaðamanni höfnun þarlandra yfirvalda á ferðaleyfi fyrir foreldra hans. „Þau fá hreinlega ekki að fara. Og svona er líf þessa fólks þótt mörgum sé talin trú um annað. Fólk er fast í dauðagildru,“ segir hann.

„Það eru settar reglur og takmarkanir um fólk sem ég og þú eða hvaða Íslendingur sem er myndi aldrei sætta sig við.“

Vonlítill

Yaman segist stundum vonlítill um að umræða um hörmungarnar í Aleppo leiði eitthvað gott af sér. „Í dag líður mér þannig. Eins og það sem ég segi og verður prentað, fari beint í ruslið.

Fólk les þetta, kemst í smá uppnám, lætur ef til vill eitthvað gott af sér leiða. En svo breytir það engu. Það sem þarf að gera er að stöðva stríðið.“

Hann spyr hvort hann megi reykja. Nær sér í sigarettu og óskubakka og kveikir í. Virðist nota tímann til að lægja reidina áður en hann tekur aftur til máls. „Hættið að hugsa. Farið að gera. Gerið allt sem þið getið til að stöðva dráp á börnum,“ segir hann.

FRYSTIKISTUR

Í ÖLLUM STÆRÐUM



SAMA
VERÐ UM
LAND ALLT

Whirlpool Dantax

Týpa	Lítrar nettó	Hæð x breidd x dýpt	Körfur	Ljós	Lás	ECO stilling	Frystigeta 24 klst.	Orku-flokkur	VERÐ
Dantax			Dantax				Dantax		
FR102L	102	85 x 56 x 52	1	-	-	-	8 kg	A+	26.995
FR249	249	85 x 99 x 60	1	-	-	-	10 kg	A+	44.995
Whirlpool			Whirlpool				Whirlpool		
WHS1021	100	86 x 53 x 57	-	-	-	-	9 kg	A+	39.995
WHS1421	133	89 x 57 x 64	1	-	-	-	13 kg	A+	44.995
WHS2122	204	81 x 80 x 64	1	-	-	-	15 kg	A+	49.995
WHM2511	251	92 x 101 x 70	1	Já	Já	Já	18 kg	A+	54.995
WHM3111	311	92 x 118 x 70	2	Já	Já	Já	20 kg	A+	59.995
WHM31112	311	92 x 118 x 70	2	Já	Já	Já	20 kg	A++	69.995
WHM3911	390	92 x 140 x 70	3	Já	Já	Já	17 kg	A+	64.995
WHM4611	437	92 x 141 x 70	4	Já	Já	Já	21 kg	A+	79.995

VAXTALAUSAR
RAÐGREIÐSLUR TIL
ALLT AÐ 12 MÁNAÐA

 **Heimilistæki** ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

Frá vopnahléi til stórsóknar

10. SEPTEMBER

Utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Rússlands, þeir John Kerry og Sergei Lavrov, gera **samkomulag um vopnahlé í Sýrlandi**. Rússar eiga að sjá til

þess að Sýrlandsstjórn haldi her sínum í skefjum en Bandaríkin eiga að sjá til þess að uppreisnarhópar haldi einnig aftur af sér.

12. SEPTEMBER

hefst vopnahléið, sem á að standa í að minnsta kosti eina viku, eða til mánuðagsins 19. september. Eftir það ætla **Rússar og Bandaríkjamenn** að hefja hernaðarsamstarf um árásir á vígamenn Íslamska ríkisins.

16. SEPTEMBER

Rússneski flugherinn gerir loftárásir í nágrenni Aleppo.

22. SEPTEMBER

Bæði **Rússar og sýrlenski stjórnarherinn** hefja á ný harðar loftárásir á svæði uppreisnarmanna í Aleppo. Gerðar eru að minnsta kosti **40 loftárásir** þann daginn.

23. SEPTEMBER

Linnulitlum loftárásum er haldið áfram á svæði uppreisnarmanna. Griðarmiklar skemmdir verða, meðal annars á **mikilvægri vatnsveitu**. Sama dag hefjast stórsóknir sýrlenska landhersins inn á svæði uppreisnarmanna.

27. SEPTEMBER

Gerðar eru loftárásir á **tvö helstu sjúkrahúsinn** á svæðum uppreisnarmanna í Aleppo.

1. OKTÓBER

Aftur er gerð loftárás á sjúkrahúsið M10, sem er stærsta sjúkrahúsið á svæðum uppreisnarmanna í Aleppo.

18. SEPTEMBER

Loftárásir **sýrlenska stjórnarhersins** hefjast á uppreisnarmenn skammt frá Aleppo.

19. SEPTEMBER

Gerð loftárás á **bílalest með hjálpargögn** skammt frá Aleppo. Stjórnarherinn grunaður.

3. OKTÓBER

Sjúkrahúsið M10 **gersamlega eyðilaggt** með enn einni loftárásinni.

6. OKTÓBER

Staffan de Mistura, fulltrúi Sameinuðu þjóðanna gagnvart Sýrlandi, segir að með sama áframhaldi stefni í **gjöreyðingu Aleppo**.

Hann skorar sérstaklega á uppreisnarhópin **Jabhat Fateh al-Sham**, sem er tengdur al-Kaída, að yfirgefa borgina og býðst til að fylgja hópnun persónulega.

Hann sakar jafnframt bæði Sýrlandsstjórn og Rússa um að nota sér viðveru þessa uppreisnarhóps sem **tyllíastæðu** til að gjöreyða svæðum uppreisnarmanna og myrða þar alla íbúana, sem eru um 275 þúsund, þar af 100 þúsund börn. – gb

VOPNAHLÉ

STÓRSÓKN STJÓRNARHERSINS

FRÁSAGNIR FRÁ ALEPPO

Heima þegar hún heyrir í flugvélum



Judy með vinum sínum á leið í skólann. Í baksýn má sjá húsarústir eftir sprengjuárásir.

Þann 21. september í austurhluta Aleppo í Sýrlandi skrifar Judy, níu ára, í stílabókina sína: „Ég fer í skólann á hverjum degi, nema þegar ég heyrir í flugvélum,“ útskýrir hún. „Ég vil að vegurinn verði opnaður aftur svo ég geti farið og hitt bróður minn sem býr í annarri borg og var að gefa sig. Ég hef

ekki einu sinni hitt konuna hans,“ segir Judy.

Vegurinn er ónýtur vegna sprenginga. Þar sem Judy býr er ekkert rafmagn og eldsneytisskortur. Einn af hverjum fjórum skólum í Sýrlandi er ekki starfandi og nærri tvær milljónir barna sækja ekki skóla.

Vatnsveitan er sprungin



Vatnsveita í Aleppo var sprengd á dögunum. Mengað vatn er eina vatnið í boði fyrir um 250 þúsund íbúa borgarinnar.

Karlmaður og ungur strákur safna menguðu vatni við veg í austurhluta Aleppo. Seint í september var sprengd í loft upp vatnsveita sem sér margfalt fleiri en búa á höfuðborgarsvæði Íslands fyrir hreinu vatni. UNICEF vinnur að því að laga vatnsveitukerfið í borginni við erfiðar aðstæður.

» Erfiðast er að ná til íbúa austurhluta borgarinnar þar sem 275 þúsund manns búa.

Börn í tjöldum þiggja aðstoð



Þúsundir barna búa í tjöldum í vesturhluta Aleppo-borgar þar sem hús þeirra hafa verið sprengd.

Þessi mynd er tekin þann 13. september síðastliðinn í vesturhluta Aleppo þar sem börn búa í tjöldum eftir að hafa misst heimili sín í sprengingum ágústmánaðar. Myndin er tekin í vopnahléinu þar sem hjálpsamtök streymdu til borgarinnar til að veita nauðsynlega aðstoð

áður en átökin hófust á ný. Börn og fjölskyldur í Aleppo eru í mikilli hættu vegna stigvaxandi ofbeldis frá því í sumar. Erfiðast er að ná til íbúa austurhluta borgarinnar þar sem 275 þúsund manns búa.

merking

....framleiðir

Smyrlabjörg

Nóntorg

Bjarkaland

Höfnin

Umferðarmerki og skilti...

Viðarhöfða 4 www.merking.is Sími: 562-7044

Myrkari og myrkari martröð

„Þótt stríðið sé núna búið að fylgja mér í fimm ár í vinnu minni þá trúir ég stundum ekki enn þá að þetta hafi í alvörunni farið svona þar. Að það sé í alvörunni búið að sprengja í sundur þetta heillandi land þar sem ég var tveimur árum fyrir stríðið. Sýrland var magnaður staður,“ segir Sigríður Víðis Jónsdóttir, upplýsingafrú hjá UNICEF. „Ég trúir því varla að Aleppo með sín ómetanlegu menningarverðmæti sé brunarúst í dag. Að nánast á einu andartaki hafi lífið farið á hvolf hjá hressu krökkunum sem ég hitti og þau hafi óvænt endað á flótta eða verið drepin eða misst fjölskyldumeðlimi og séð hluti sem ekkert barn ætti að sjá,“ segir hún.

„Ég verð stundum óendanlega sorgmædd yfir stöðunni í Sýrlandi, grimmðinni og þjóningunni. Ég hef sérstaklega komist við út af myndum af börnum sem eru á svipuðum aldri og litli strákurinn minn, tveggja ára, og föst í martröð sem

heldur stöðugt áfram og verður bara myrkari og myrkari,“ segir Sigríður og bætir við að á sama tíma sé hún þakklát fyrir þau samtök sem hún vinnur fyrir.

Nú hafa samtökin áhyggjur af vetrinum. „Hitastigið í Sýrlandi fer brátt lækandi og veturinn skellur á. Líkt og seinustu vetur skipuleggur UNICEF nú gríðarlega umfangsmiklar aðgerðir til að bregðast við kuldanum.“

Styðja má neyðarsöfnunina með því að senda sms-íð STOPP í númerið 1900 (1.900 kr).

„Neyðaraðgerðir UNICEF vegna stríðsins í Sýrlandi eru þær stærstu sem UNICEF, Barnahjál Sameinuðu þjóðanna, hefur nokkru sinni ráðist í,“ segir Sigríður.



Sigríður Víðis Jónsdóttir, upplýsingafrú UNICEF

Enginn öruggur staður

Kieran Dwyer, upplýsingafrú UNICEF í Sýrlandi, segir aðspurð um stöðuna í dag að fólk í austurhluta Aleppo hafi engan öruggan stað til að fara á. „Það er engin leið fyrir það til þess að vernda börnin sín þegar sprengjum er varpað á þetta íbúðabyggð. Börnin vita aldrei hvar næsta sprengja fellur og það hefur gríðarleg sálræn áhrif á þau.“

Við verðum að muna að börn eru alls staðar eins. Þau eiga öll sínar vonir. Við vitum það hér, sem vinnum á hverjum degi með börnunum sem lifa af þessar skelfilegu árásir, að þau eru ekki að bíða eftir því að deyja. Þau eiga sér vonir um hvað þau vilja gera í framtíðinni. Okkar verkefni er að berjast fyrir réttindum þeirra og þar skiptir hvert framlag máll,“ segir Kieran.

ALLT AÐ

53% AFSLÁTTUR



PRÓTEIN QUEST
Vanilla Milkshake, Chocolate Milkshake,
Strawberries & Cream
TILBOÐ
3999
VERÐ ÁÐUR 7599
ALLT AÐ
52%
AFSLÁTTUR

HAFRAPRÓTEIN 1. KG.
TILBOÐ
1499
VERÐ ÁÐUR 2799
ALLT AÐ
53%
AFSLÁTTUR



Lean prótein bar
5. teg.
TILBOÐ
329
VERÐ ÁÐUR: 399 KR.
18%
AFSLÁTTUR

Goji ber
með súkkulaði
TILBOÐ
599
VERÐ ÁÐUR: 1399 KR.
42%
AFSLÁTTUR



Fæst eingöngu í Iceland Engihjalla

OPIÐ
24
TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

NÚ ER TÆ

NÝIR SÝNINGARBÍLAR Á FRÁBÆRU TILBOÐI Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAS



NISSAN
DESIGN
STUDIO
FOR PULSAR

**260.000 KR.
KAUPAUKI**

VETRARDEKK OG/EDA
AUKAHLUTIR AÐ EIGIN VALI
AÐ ANDVIRÐI 260.000 KR. FYLGJA
NÝJUM NISSAN PULSAR

NISSAN PULSAR
VERÐ FRÁ: 3.190.000 KR.

DACIA DUSTER

Komdu og fáðu upplýsingar hjá
sölumönnum um TILBOÐSVERÐ
á völdum nýjum DACIA DUSTER
sýningar- og reynsluaksturs-
bílum.



SUBARU LEVORG

Komdu og fáðu upplýsingar hjá
sölumönnum um TILBOÐSVERÐ
á völdum nýjum SUBARU
LEVORG sýningar- og
reynsluakstursbílum.



OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

BEKIFÆRIÐ!

Þ. EINNIG FYLGJA VEGLEGIR KAUPAUKAR VÖLDUM NÝJUM BÍLUM.



**320.000 KR.
KAUPAUKI**

HEILSÁRSDEKK OG
DRÁTTARBEISLI
FYLGJA NÝJUM X-TRAIL

NISSAN X-TRAIL
VERÐ FRÁ: 5.090.000 KR.



RENAULT MEGANE

Komdu og fáðu upplýsingar hjá sölumönnum um TILBOÐSVERÐ á völdum nýjum RENAULT MEGANE sýningar- og reynsluakstursbílum.



**280.000 KR.
KAUPAUKI**

ISUZU D-MAX
Heitklæðning á pall og dráttarbeisli. Einnig er aukaafsláttur af sýningarbílum.

ATVINNUBÍLAR

Við bjóðum nokkra nýja sýningarbíla á veglegu tilboði á meðan birgðir endast.



B|L

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Á

tta ár eru liðin síðan íslenskir bankar fóru á hliðina. Síðan þá hefur harður slagur um þrotabú þeirra staðið yfir.

Í Ránsfeng, nýrri heimildarmynd eftir Pétur Einarsson sem nú er sýnd á RIFF, er farið yfir aðdraganda bankahrunsins og það sett í alþjóðlegt samhengi. Hvernig vognunarsjóðir keyptu brunarústirnar á spottprís og fengu tvo af þremur bönkum í hendurnar frá stjórnvöldum.

Grét yfir hruninu

Fyrir hrun veitti Pétur meðal annars útibúi Glitnis í Lundúnum forstöðu. Hann varð svo seinna forstjóri Straums 2011 til 2013. Hann rifjar upp dagana sem íslenskt bankakerfi var að fara á hliðina.

„Ég hætti hjá bankanum fyrir hrun og gleymi aldrei þessum degi. Ég var heima hjá mér í London og var áskrifandi að Financial Times. Það kom inn um lúguna hjá mér á hverjum degi klukkan sex á morgnana. Og á hverjum degi var Ísland á forsiðunni í hræðilegum fréttum. Ég grét á þessum degi sem spilaborgin féll. Þetta var sá heimur sem maður hafði unnið í, þarna voru allir vinir mínir og kunningjar. Ég upplifði að þjóðarstoltið var sært, skómm og samkennd.

Mér fannst þetta mjög erfitt. Ég man að konan mín þáverandi, hún hafði aldrei séð mig gráta áður. Þetta fékk svolítið á hana. Að ég skyldi gráta af því að bankar færu á hausinn. En ég var að gráta vegna þeirrar stöðu sem þjóðin var komin í. Það hvarflaði aldrei að mér þá að við værum að tapa peningum. Maður var ekki að hugsa um það á þessari stundu. Það kom seinna,“ segir Pétur frá.

Læsti sig inni í svefnherbergi

Pétur hætti hjá útibúi Glitnis vegna þess að hann kulnaði í starfi. „Ég sagði starfi mínu lausu. Fólk fannst ég galinn að gera það því ég var að græða svo mikið. En ég brotnaði bara niður, bugaðist og gat ekki meira. Ég var auðvitað alveg til í að halda áfram að þiggja þessi háu laun, það segir enginn nei við slíku. En ég gat ekki haldið svona áfram. Líkamlega og andlega var ég búinn á því,“ segir hann og gefur dæmi um liðan sína.

„Ég var kominn með slæmt migreni. Ég þurfti stundum að læsa mig inni í svefnherberginu og slökkva öll ljós. Ég gat ekki hreyft mig því mér leið svo illa, mér varð alveg ljóst að ég þyrfti að láta staðar numið og hugsa hlutina upp á nýtt,“ segir Pétur.

Fékk orku og þrótt

Pétur hugaði að heilsunni. Hann fór að hlaupa maraþon og fann sér önnur verkefni til að búa sér til afkomu. Hann varð seinna forstjóri Straums frá 2011 til 2013 en hætti störfum þar. „Ég er talsmaður breytinga á kerfinu. Ég sá ekki fram á að þessar breytingar yrðu að raunveruleika og hætti störfum,“ segir hann.

„Ég fór að hlaupa maraþon og sumarið 2014 keppti ég í Ironman sem er þriþrautarkeppni. Vinur minn fór á heimsmeistaramótin á Hawaii og þá kom upp sú hugmynd að gera heimildarmynd um keppnina. Við Þorsteinn J. Vilhjálmsson og



Líf Péturs hefur breyst mikið frá því fyrir hrun þegar íslenskt bankakerfi fór á hliðina. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Bugaðist í bankanum

Pétur Einarsson upplifði kulnun í starfi hjá útibúi Glitnis í London fyrir hrun. Hann sagði starfi sínu lausu og grét yfir fregnum af bankahruninu heima á Íslandi. Pétur gerir upp hrúnið í heimildarmyndinni Ránsfeng. Hann segir niðurbrot nauðsynlegt þegar breyta þarf til batnaðar og talar þá bæði um íslenskt samfélag og sjálfan sig. Pétur segir fjármálakerfið ekki virka fyrir venjulegt fólk.

fleiri gerðum myndina og ég vaknaði við ákveðna uppgötvun. Mér finnst gaman að gera kvikmyndir. Ég fékk gríðarlega orku og lífsþrótt og get séð liðna atburði í nýju ljósi. Ég þakka fyrir allt sem hefur gerst í mínu lífi. Það að vera á þessum stað er það besta sem hefur gerst hjá mér,“ segir Pétur sem er að fara að stökkva í flug vestur vegna sýninga á myndinni á RIFF á Patreksfirði. „Svo er ég á leið til New York og Cannes, þetta er skemmtilegt líf sem ég lifi,“ segir hann spenntur.

Vildi takast á við hrúnið

Það eru hliðstæður í erfiðleikum í lífi Péturs og íslensks samfélags.

Átök og áföll eru oft undanfari breytinga. Riðlunar á mynstrinu. Hann ákvað að gera mynd um hrúnið.

„Erfiðleikar eru hluti af lífinu, við erum öll þar sem við erum vegna þess hvernig við tökumst á við áföll og erfiðleika. Það er nauðsynlegt. Sérstaklega ef við viljum breytingar. Allar myndir og bækur sem höfðu verið skrifaðar um hrúnið voru um þetta tímabil frá einkavæðingu fram að hrúni. Þetta fimm ára tímabil sem er kennt við góðæri, 2003-2008. Mér fannst búið að gera góða grein fyrir þessari sögu af alþjóðlegu fjármálabólunni sem sprakk. Ég vildi takast á við hrúnið sjálft, kerfið og

fólk sem tekst á við það,“ segir hann.

„Því hvað hefur gerst hér á landi frá 6. október 2008? Lífið hér varð miklu erfiðara en það hefði þurft að sitt. Í myndinni fjalla ég til dæmis um feðgin, föður og dóttur sem missa allt sitt og nánast lífið líka en rísa upp og fara í mál við bankann. Taka slag við kerfið og láta ekki bugast,“ segir Pétur.

Feðginin sem Pétur fjallar um eru Þorsteinn Theódórsson og Theódóra. Þorsteinn hafði áður alltaf staðið í skilum en kaup á atvinnutæki settu líf hans á hliðina. „Með einu pennastriki,“ segir Theódóra í mynd Péturs.



ÉG ÞURFTI STUNDUM AÐ

LÆSA MIG INNI Í

SVEFNHERBERGINU OG

SLÖKKVA Á ÖLLUM

LJÓSUM. ÉG GAT EKKI

HREYFT MIG ÞVÍ MÉR

LEIÐ SVO ILLA, MÉR

VARÐ ALVEG LJÓST AÐ ÉG

ÞYRFTI AÐ LÁTA STAÐAR

NUMIÐ OG HUGSA

HLUTINA UPP Á NÝTT.

Styrkurinn varð ljós

„Það er það sem er svo fallegt. Hvers við erum megnug. Þessi feðgin stóðu saman gegn kerfinu og höfðu sigur. Þetta er það sem máli skiptir í lífinu og það sem gerir samfélag okkar gott. Þó að við verðum fyrir áfalli þá erum við til staðar hvert fyrir annað og höfum þessa eiginleika, að geta haldið áfram og barist fyrir okkar rétti,“ segir hann.

„Það er eitt af því sem kom í ljós í hruninu. Þessir eiginleikar, við látum ekki fjármálakerfið valta yfir okkur. Theódóra fór í lögfræðinám því það fengust auðvitað engir lögfræðingar til að vinna fyrir venjulegt fólk. Þeir voru allir að vinna fyrir bankana. Saga feðginanna, besti handritshöfundur í Hollywood gæti ekki skáldað þetta.“

Þarf að breyta kerfinu

Pétur hefur um langa hríð talað fyrir breytingum á fjármálakerfinu. „Fjármálakerfið virkar ekki lengur fyrir venjulegt fólk. Það er allt of stórt. Það tekur við innlánnum frá fólki sem eiga að vera alveg örugg. Það fer svo í áhættusamar fjárfestingar og lána þessa peninga. Það sem er vandamálið er að bankakerfið verður svo stórt. Við erum með þrjá banka á Íslandi sem eru stærri en allt hagkerfið til samans. Allt sem var á Íslandi. Og þeir eru að vaxa aftur. Fjármálakerfið er í edli sínu gallað og við þurfum að breyta því,“ segir Pétur ákveðinn. „Bankarnir eiga ekki að vera bæði í því að taka við innlánnum og stunda fjárfestingarbankastarfsemi. Við verðum einhvern veginn að aðskilja þessa hluti. Verðum líka að vera með minni banka og fjölbreyttara fjármálakerfi.“

Myndin fjallar líka að stórum hluta um það hvernig vognunarsjóðir eignuðust bankakerfi landsins.

„Sem er einsdæmi. Hluti af þessu gallaða fjármálakerfi, vognunarsjóðir, nýttu sér veikleika okkar. Þeir eru þarna uppi með sturluð laun, 1,7 milljarða í meðallaun. Við eigum ekki breik í þetta. Við vorum hreinlega mætt við pókerborðið í Las Vegas á gúmmistígvélunum að spila á móti hákórnum. Vognunarsjóðir komu og veðjuðu á fallið. Fyrst spiluðu þeir með og komu inn í jöklabréfin og það allt saman. Svo þegar þeir sáu að þetta var að fara að springa þá veðjuðu þeir á móti og græddu á hruninu. Stórgræddu á því. Svo komu þeir og keyptu bankana fyrir slíkk, Landsbankann fyrir 1%, Glitni fyrir 3% og Kaupþing dýrasta fyrir 6%,“ segir Pétur frá.

„Svo var bara rúkkad í botn og það var enginn sem hugsaði, bíddu við fórum öll á hliðina með bankakerfinu. Við þurfum að finna út úr þessu saman. Nei, það sem gerðist var að við létum dómstóla og vognunarsjóði um barninginn. Þetta var ekki ákvörðun, þetta bara gerðist. Við erum enn þá í gúmmistígvélunum og vitum ekki betur. Þetta eru svo stór öfl á móti okkur og við erum öll tvístruð í stað þess að standa saman,“ segir Pétur.

nettó

Caffesso

GOURMET COFFEE CAPSULES

KAFFIHYLKI FYRIR
NESPRESSO VÉLAR



Nespresso Grande
Gusto fylgir


FRÍTT

með hverjum
keyptum pakka

NESPRESSO HYLKI

589

kr/pk



nettó.is

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsvík · Höfn · Íðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Hamfarafloðin gera Kötlu sérstaka

Löng jarðskjálftahrina í Mýrdalsjökli er mesta virkni í Kötlueldstöðinni um langt skeið. Eldgosi mun fylgja mikil truflun á daglegu lífi fjölmargra. Engin mannvirki standast jökulhlaup frá Kötlu og ótti landsmanna skiljanlegur.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Langri jarðskjálftahrina í Mýrdalsjökli er lokið að talið er, þó framhaldið sé óljóst. Virkni í Kötluöskjunni síðastliðna tvo mánuði er meiri en verið hefur undanfarin ár og í ljósi þess hve langt er liðið frá síðasta gosi spyrja menn sig eðlilega að því hvort Katla sé að vakna. En af hverju erum við svona hrædd við Kötlugos – er ástæða til þess að óttast umbrot í þessari eldstöð sérstaklega?

Heimildir spanna níu gos

„Katla er vissulega ein af öflugustu og virkustu megineldstöðvum landsins – við megum aldrei gleyma því. Hún á að baki 100 til 200 eldsumbrot hið minnsta, bara á nokkrum árpúsundum,“ segir Ari Trausti Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur og rithöfundur, þegar þessar spurningar eru bornar undir hann.

Til eru samtímaheimildir um ein níu Kötlugos, frá 1580 að telja, sum stór eins og 1755 og 1918, en önnur aflminni, segir Ari Trausti og bætir við að tjón af um 20 Kötlugosum á tímum Íslandsbyggðar hafi verið verulegt, einkum á grónu landi, bústofni og sveitabylum.

„Jökulhlaupin eru gríðarstór, um 100-falt vatnsmeiri en úr Eyjafjallajökli 2010 og að minnsta kosti fjórum til fimm sinnum öflugri en vatnsflóðin á Skeiðarársandi 1996, eftir eldgosid í Gjalp. Stundum hefur öskufall verið afar mikið næst eldfjallinu og um og yfir milljarður rúmmetra af gjösku ruðst upp um jökulinn. Mjög þykk gjöska er erfið viðureignar og áhrif gjöskufalls geta staðið allengi eins og menn muna eftir eldgosin 2010 í Eyjafjallajökli og í Grímsvötnum 2011 en þá sluppum við nokkuð vel frá öllu saman, þrátt fyrir allt.“

Eðlilegt að óttast Kötlu

Að sögn Ara Trausta er það ekki undarlegt að menn hafi vissan beyg af Kötlu, einmitt núna þegar betur árar en árin eftir hrúnið, og þegar horft er til vega, raflína, býla, ýmissa mannvirkja og bæði ferðabjónustu, samangna og landbúnaðar svo það helsta sé nefnt. Engu sé hægt að spá um hvernig fer í næsta gosi.

„Við vitum lítið um slyss eða manntjón af völdum Kötlugosa og Kötluhlaupa en sennilega er hvorugt meginástæða þess að við erum vör um okkur frammi fyrir Kötlu gömlu, heldur óvissa um stærð næsta goss, um hvernig gjöskufall verður og hvar og hvaða hlaupleið verður í húfi. Þær eru nefnilega þrjár, allt eftir því hvar gossprungan undir jökli opnast. Algengast er að hlaupin geysist fram Mýrdalssand. Þar getur orðið tjón



Eldsumbrotin í Grímsvötnum árið 2011 gætu líkst fremur litlu Kötlugosi að stærð en flóðin frá þessum eldstöðvum eru þó eins og svart og hvítt þegar kemur að stærð og eyðileggingarmætti. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL



JÖKULHLAUPIN ERU

GRÍÐARSTÓR, UM 100-

FALT VATNSMEIRI EN ÚR

EYJAFJALLAJÖKLI 2010

OG AÐ MINNSTA KOSTI

FJÓRUM TIL FIMM SINNUM

ÖFLUGRI EN VATNSFLÓÐIN

Á SKEIÐARÁSANDI 1996,

EFTIR ELDGOSIÐ

Í GJÁLPI.

Ari Trausti Guðmundsson
jarðeðlisfræðingur



á landi við jaðra sandsins til beggja höfuðátta og Vík er ávallt í vissri áhættu, einkum ef mikið vatn leggst til vesturs eða ef hlaupið magnar upp nokkuð stóra flóðöldu þegar það mætir hafinu,“ segir Ari Trausti.

Önnur hlaupleið er fram úr Sólheimajökli og um Sólheimasand, jafnvel Skógasand líka, en það fer eftir stærð og afli hlaupsins. Langt er síðan það gerðist og enn lengra

frá því að hlaup leitaði í norður úr Entujökli og niður eftir Markarfljótsaurum. Um það vitna frægar, forsögulegar birkitrjáaleifar undan Fljótshlíð.

„Auðvitað erum við smeyk við hlaup þessar tvær síðarnefndu leiðir og þá sér í lagi þá seinni, einfaldlega vegna þess að nokkuð víðfeðmar sveita- og sumarbústaðabyggðir eru þá í hættu. Allt er þetta vel þekkt og brottflutningsáætlanir, lokanir og aðrar viðbragðsáætlanir til reiðu og ferlin æfð, fyrir alla þrjá möguleikana. Á það verðum að treysta og svo vöktunarkerfið og almannavarnarskipulagið,“ segir Ari Trausti.

Um 20 til 30 eldgos verða á hverri öld hér á landi og landsmenn standa ávallt frammi fyrir misalvarlegum atburðum, eða kannski ósköp venjulegum og hættulausum eldsumbrotum, og Ari Trausti bætir við: „Einhvers konar sambland af æðruleysi, beyg og dugnaði hefur eflaust einkennt okkur alla tíð frammi fyrir eldstöðvunum og gerir áfram. Katla bærir á sér nú fljótlega, áður en árið er úti eða einhvern tímann seinna. Hvernig sem fer og hvort sem það gos verður lítið eða stórt getum við aðeins mætt því með þekkingu og samstöðu, ef á reynir.“

Undir smásjanni

Kötlueldstöðin hefur verið undir smásjá vísindamanna um langt skeið, en þó vita menn ekki enn

hvernig forleikurinn að eldgosu verður nákvæmlega. Ástæðan er einfaldlega sú að tæp öld er liðin frá síðasta stóra gosi í Kötlu eða árið 1918, eins og áður segir.

Hins vegar er margt vitað sem er tíundað í gögnum Almannavarna og fjölmörgum greinum færustu vísindamanna okkar á þessu sviði. Þegar gögnin eru rýnd birtast staðreyndir um eldgos fyrir tíma í Kötlu sem eiga sér enga hliðstæðu við það sem núlifandi Íslendingar hafa upplifað. Ef eitthvað skal sérstaklega tiltekið þá eru það hamfarafloðin sem Katla hefur sent frá sér gegnum aldirnar sem sérstaklega vekja athygli og gera Kötlueldstöðina sérstaka, eins og Ari Trausti visar til.

Auðvitað er það erfitt fyrir leikmenn að meta þær upplýsingar sem liggja fyrir þar sem helstu stærðum við hamfarafloð frá Kötlu er lýst. Flóð sem er 300.000 rúmmetrar á sekúndu er erfitt að gera sér í hugarlund. Í gögnum eru þó lýsingar sem hjálpa til, og undirstrika hvaða kraftar geta leyst úr læðingi ef flóðið frá Kötlu nær þeirri stærð sem sögulegar heimildir greina frá. Þar má nefna þá staðreynd að í hverju hlaupi hefur strandlinan færst út um mörg hundruð metra, jafnvel kílómetra – á margra kílómetra kafla. Til að ímynda sér stærð flóðsins þá er góður mælikvarði að jökulstykkinn sem bærst með flóðinu í gosinu árið 1918 voru á stærð við fjölbýlishús. Sandurinn hækkaði víða um fimm

Ekkert gamanmál

- Líklegasta afleiðing jökulhlaupa undan Mýrdals- og Eyjafjallajökli er rof á samgöngumannvirkjum, rafmagns- og símalínunum og ljósleiðara.
- Vatnsveita til Vestmannaeyja getur rofnað ef hlaup verður um Markarfljót.
- Alvarlegustu afleiðingar jökulhlaupa geta orðið að fólk, búsmali, hús og tæki geta orðið hlaupum að bráð.
- Afleiðingar gjöskufalls frá eldgosum koma fram undan vindi á hverjum tíma frá eldstöðinni. Mökkurinn getur orðið svo myrkur að ekki sé ratljóst innan hans. Eiturefni og aska geta torveldað öndun og lungu skaddast. Gjöskufall á raflinur, tengivirki og loftnetsbúnað geta valdið skammhlaupi og skemmdum, sérstaklega í votvíðri. Fólk sem ekki kemst í skjól undan öskufalli getur bedið bana af.
- Lífshætta getur skapast af eldingum og dæmi eru um að manntjón hefur orðið vegna eldinga úr gosmekki Kötlu í allt að 30 til 40 kílómetra fjarlægð frá eldstöðinni.
- Flóðbylgjur á sjó myndast þegar jökulhlaupið nær til sjávar og annálar herma að árið 1918 hafi áttæringur sem var í fjöruborði í Vestmannaeyjum kastast á land. Þá var talið að flóðbylgju hafi orðið vart allt vestur fyrir Reykjanes.
- Ólíklegt er talið að jarðskjálftar sem fylgja eldgosum undir Mýrdals- og Eyjafjallajökli geti valdið mikilli hættu eða tjóni vegna smæðar sinnar og hversu langt þeir verða frá byggð.

Heimild: Viðbragðsáætlun Almannavarna vegna eldross undir Mýrdalsjökli – uppfærsla birt 30. september 2016.

metra á flóðaleiðinni og mest um 20 metra. Heimildir greina frá því að það gengur kraftaverki næst að þeir sem voru á ferð um Mýrdalssand þennan dag sluppu þaðan lifandi.

Ekkert stenst flauminn

Það er ljóst að Kötlugos mun hafa í för með sér mikla röskun á daglegu lífi landsmanna um lengri eða skemmri tíma. Í svari frá Vegagerðinni við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að öll samgöngumannvirki eru í hættu og mun ekkert þeirra standast Kötluflóð á helstu flóðaleiðum – hvort sem það eru flóðgarðar, vegir eða brýr. Vikur eða mánuði mun taka að opna leiðina um Mýrdalssand til bráðabirgða, og fátt annað hægt en að setja upp malarlóða og bráðabirgðabrýr á margra tuga kílómetra kafla. Kostnaðurinn við slíkar aðgerðir hleypur á hundruðum milljóna eða milljörðum. Að koma öllu í samt horf mun taka ár eða tvö.

Næstu eldsumbrotum í Kötlu mætir tæknisamfélag í fyrsta skipti svo sá kafla sögunnar um áhrif umbrotanna er enn óskrifaður. Fleira hefur gjörbreyst, en það lýtur að því að umferð um svæðið er mjög mikil – og ekki síst vegna síaukins ferðamannastraums. Frétt sem undirritaður skrifaði fyrir nokkrum árum kemur því upp í hugann þar sem ferðamenn við Kötluætur voru spurðir að því hvað þeir vissu um svæðið sem þeir voru að skoða. Svar þeirra flestra var á þeim notum að þeir vissu einfaldlega ekki að undir jöklinum sem þeir stóðu við var eldstöð – hvað þá að þeir vissu um afl hennar eða eyðingarmátt.





Geðhjálpar

8. október 2016 Rit landssamtakanna Geðhjálpar



MYND/ERNIR

Bjóst við því að deyja ung

Helga Jenný Stefánsdóttir hefur barist við þunglyndi og skar sjálfa sig með hnífum árum saman. Hún misnotaði áfengi og tuttugu og fimm ára ætlaði hún að enda líf sitt. Í dag hefur hún verið edru í tíu ár, lokið háskólanámi og eignast fjölskyldu. Hún segir nauðsynlegt að lyfta skömminni.

Ég man eftir fyrstu vímutilfinningunni sem ég upplifði. Ég var átta ára og fótbrotnaði á Gjögri. Þetta var 1988 og engir vegir malbikaðir og ég lá í aftursætinu í fimm klukkutíma keyrslu. Ég man eftir doðanum, hitanum og vellíðaninni í fætinum, meðan ég lá þarna hreyfingarlaus. Það var góð tilfinning að finna bólguna

setjast í brotið og ég varð bæði sár og reið þegar mamma bleytti sokka í læk og kældi fótinn. Þegar ég segi frá þessu virðist enginn tengja við þessa tilfinningu. Ég hef því velt fyrir mér hvort ég finni hreinlega meira fyrir endorfínflæðinu þegar ég meiði mig en venjulegt fólk," segir Helga Jenný Stefánsdóttir.

Helga skaðaði sjálfa sig reglulega árum saman, skar sig og rispaði með hnífum frá því hún var barn og fram á þrítugsaldur. Hún hefur glímt við þunglyndi allt sitt líf og missti stjórn á drykkju strax á unglingsárum. Hún fíktaði einnig við fíkniefni og tuttugu og fimm ára var hún komin í öngstræti og ætlaði

að enda líf sitt. Það var fyrir tíu árum. Í dag er Helga með meistaragráðu í félags- og vinnusálfræði, hamingjusamlega gift, tveggja barna móðir. Hún segist ekki hafa getað ímyndað sér hversu gott lífið getur verið og segir hér sögu sína í von um að hún hjálpi þeim sem standa í þeim sporum sem hún gerði.

„Ég veit ekki hvað ég var gömul þegar ég byrjaði að skaða sjálfa mig en það var fyrir fermingu. Ellefu ára kannski. Ég gerði þetta reglulega eða alltaf þegar mér leið illa, alveg til tvítugs. Síðasta skiptið var ég tuttugu og fimm ára. Ástæðan var blanda af forvitni, ofboðslegri vanlíðan og einhvers >>



Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar. MYND/GVA

Góður hljómgrunnur í samfélaginu

Geðhjálpar fagnar 37 ára afmæli sínu í kjölfar fyrstu djúpu haustlæggðarinnar. Ferskir vindar blása byr í vængi afmælisbarnsins hér eftir sem endranær og baráttumálin leynast víða.

Annar áfangi forvarnarverkefnisins Útmeð'a með áherslu á baráttuna gegn sjálfsskaða hefur svo sannarlega hlotið góðan hljómgrunn. Almenn-ingur hefur lagst á árarar með Geðhjálpar og Hjálparsíma Rauða kross Íslands í að bæta líðan ungs fólks á Íslandi með því að dreifa Útmeð'a myndböndum hartnær 19.000 sinnum á Facebook.

Helga Jenný Stefánsdóttir sýnir svo sannarlega hugrekki með því að opna umræðuna um sjálfsskaða og deila persónulegri reynslu sinni með lesendum Geðhjálparblaðsins. Óhikað tekur hún undir skilaboð Útmeð'a um að fyrsta skrefið til að leysa vandamálin sé að færa þau í orð. Lífið geti svo sannarlega breyst til hins betra þó skín og skúrur séu vissulega alltaf hluti af því að vera manneskja.

Geðhjálpar gengst fyrir málþingi í samvinnu við Reykjavíkurborg undir yfirskriftinni Hver er galdurinn? um árangur bataskóla á Grand Hótel Reykjavík þriðjudaginn 11. október. Vonir standa til að hægt verði að stofna bataskóla að breskri fyrirmynd í Reykjavík haustið 2017. Slíkur skóli myndi ekki aðeins fela í sér stórt framfaraskref fyrir notendur geðheilbrigðiskerfisins heldur líka almenna heilbrigðiskerfisins, aðstandendur, fagfólk og samfélagið allt eins og kemur fram í blaðinu.

Haldið verður upp á Alþjóða geðheilbrigðisdaginn mánudaginn 10. október. Gengið verður fylktu liði frá Hall-

grímskirkju í Bíó Paradís þar sem við tekur fjölbreytt dagskrá við allra hæfi. Alþjóðleg yfirskrift dagsins, Sálræn skyndihjálpar fyrir alla, kallast á við hugmyndafræði Rebekku Víðisdóttur um „bjargráða-boxið“ og er full ástæða til að óska þeim stöllum, Rebekku og Guðrúnu Friðriksdóttur, góðs gengis við að breiða þessa aðferðafræði út.

Stofnun Geðhjálpar hefur stundum verið rakin til svokallaðra Tengla. Hópur menntaskólanema með þessu heiti tók sig til og efndi til skipulagðra heimsókna á geðdeildir Landspítalans fyrir fimmtíu árum. Í viðtali við Svein Rúnar Hauksson, varaformann Geðhjálpar og einn af Tenglum, kemur fram að baráttumál hafi lítið breyst í tímans rás, m.a. baráttan gegn ofbeldi og þvingun í geðheilbrigðisþjónustu.

Grundvallaratriði í þeirri baráttu felst í endurskoðun gildandi lögræðislaganna með hliðsjón af Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir mannréttindalögfræðingur segir lögin ekki standast grundvallarákvæði samningsins í tengslum við frelsissviptingar, lögræðis-sviptingar og þvingaða lyfjagjöf. Þessu þarf að breyta enda alltof algengt að víðar heimildir laganna hafi alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir líðan fólks.

Með hliðsjón af metnaðarfullum áformum stjórnmalaflokkanna um áherslur þeirra á sviði geðheilbrigðismála er skorað á þá að stuðla að heildarendurskoðun lögræðislaganna hið fyrsta!

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar.



Helga Jenný er á góðum stað í lífinu í dag. MYND/ERNIR

» konar hugmynd um að þetta gæti látið mér líða betur. Ég vil ekki kalla þetta ákall á hjálpar heldur meira frústrasjón yfir því að minn andlegi sársauki var ekki tekinn alvarlega, einhvers konar þrjúskulegur unglingshugsunarháttur: „Víst líður mér illa, sjáðu bara!“ Samt faldi ég þetta fyrir öllum. Ég skar mig með hnífum á heimilinu, stundum nokkra skurði í röð alltaf dýpri og dýpri þar til ég fékk nóg. En oft voru þetta bara rispurr sem hurfu á nokkrum dögum. Ég er í raun með fá sýnileg ör eftir þetta nema þá skurði sem hefði þurft að sauma. En ég lét aldrei gera það,“ rifjar Helga upp.

Hún segir engan fullorðinn hafa orðið varan við hvað hún var að gera. Vinir og vinkonur

» **Um tvítugt lofaði ég litlu systur minni að skaða mig aldrei aftur því hún hafði áhyggjur af mér. Ég sveik það loforð þegar ég var 25 ára og ætlaði að svipta mig lífi. Ég var komin á algjöran botn í ruglinu, sá enga leið út og langaði bara til að deyja.**

Helga Jenný Stefánsdóttir

vissu þó af þessu en vinalópurinn hafi verið fámennur. „Ég var lögð í einelti í grunnskóla og átti

fáa vini. Kannski var þetta líka svar við því,“ segir Helga. Hún flutti að heiman 16 ára.

„Ég ólst upp í Hlíðunum og Norðurmýrinni. Ég fór að misnota áfengi á unglingsárum og fíktaði eitthvað við fíkniefni líka. Ég lét mig bara hverfa og til að byrja með flutti ég inn til einhverra stráka. Um tvítugt fór ég að leigja ein. Fjölskyldan vissi ekki alltaf hvað gekk á. Ég var yfirleitt með mikið af fólki í kringum mig en flakkaði á milli vinalópa og passaði upp á að fáir gætu nálgast mig. Það var mjög erfitt að umgangast mig á þessu tímabili.“

Náði botninum 25 ára

„Um tvítugt lofaði ég litlu systur minni að skaða mig aldrei aftur því hún hafði áhyggjur af

Það að geta hjálpað öðrum í sömu sporum gefur mér tilgang. Eftir því sem maður gerir meira af virðingarverðum hlutum öðlast maður virðingu fyrir sjálfum sér og loks kom að því að ég fór að hugsa: „Hei, ég gæti kannski bara orðið ágætis mamma!“ Smám saman fór ég að þora að gefa annarri manneskju séns.

Helga Jenný Stefánsdóttir

mér. Ég sveik það loforð þegar ég var 25 ára og ætlaði að svipta mig lífi. Ég var komin á algjöran botn í ruglinu, sá enga leið út og langaði bara til að deyja. Ég byrjaði að skera mig og biðja um styrk til að snúa hendinni við og skera mig á púls. Þá kemur vinur minn óvænt í heimsókn sem ég átti alls ekki von á. Þegar ég sé áfallið sem hann verður fyrir, að sjá mig í þessum aðstæðum og sú staðreynd að ég hafði sviðið loforðið við systur mína, er eins og það renni upp fyrir mér ljós. Ég sé allt í einu skýrt að ég er augljóslega of veik til þess að mega drekka nokkurn tíma frammar. Mér er ekki treystandi til þess að minnka hömlur, en það er það sem áfengi gerir. Vinur minn tók áfengið og fór með það út. Ég hef ekki drukkið síðan og ekki skorðið mig.“

Léttir og vaxandi lífshamingja

Helga segir hlutina hafa breyst hratt til batnaðar eftir þessa ólagaríku nótt. Hún hafi snúið við blaðinu. Það hafi þó krafist mikillar vinnu af hennar hálfu. Hún fann sinn farveg í andlegu tólf spora kerfi og gegnum æðri mátt. Hún er búddisti og trúuð manneskja.

„Ég var búin að vera í meðferð á Hvíta bandinu og var hjá sálfræðingi en þegar ég fór að vinna ákveðið andlegt prógramm öðlaðist ég hæfni til að vera heiðarleg gagnvart sjálfri mér. Sú hjálp sem stóð til boða í heilbrigðiskerfinu átti ekki séns fyrr en ég var komin á stað til að taka við henni,“ segir Helga.

„Þá upplifði ég ofboðslegan létti. Lífið sem tók við eftir þessa nótt reyndist stjarnfræðilega langt frá öllum mínum draumum um það hvernig lífið gæti yfirleitt verið. Ég var ekki nema tuttugu og fimm ára en hafði algerlega lokað á möguleikann að ég myndi nokkurn tíma eignast fjölskyldu, að ég gæti nokkurn tíma orðið góð mamma, ég hefði ekkert að gefa til þess að vera í langtímasambandi og myndi því aldrei gifta mig. Ég myndi einfaldlega deyja ung og það væri ekkert bjart fram undan nokkurn tíma. Mér hefði aldrei dottið í hug að lífsgleðin sem ég hef síðan fengið að upplifa ætti nokkurn tíma fyrir mér að liggja.“

„Það að geta hjálpað öðrum í sömu sporum gefur mér tilgang. Eftir því sem maður gerir meira af virðingarverðum hlutum öðlast maður virðingu fyrir sjálfum sér og loks kom að því að ég fór að hugsa: „Hei, ég gæti kannski bara orðið ágætis mamma!“ Smám saman fór ég að þora að gefa annarri manneskju séns, gifti mig, eignaðist börn og allt í einu á ég bara venjulegt vísitölulíf. Eitthvað sem ég sagði alltaf að væri hallærislegt og ömurlegt, einfaldlega vegna þess að ég þorði ekki að vona og trúði

því ekki að ég ætti eftir að upplifa það.“

Sagði fjölskyldunni nýlega frá

Helga segist fyrst núna segja opinberlega frá því að hún hafi skaðað sjálfa sig árum saman. Fjölskyldan hafi vitað af þunglyndinu og að ýmislegt hafi gengið á í hennar lífi en fáir í raun vitað að hún hafi skorið sig. Með því að tala opinskátt um hlutina vonast hún til þess að hjálpa öðrum að stíga út úr vítahring sjálfsskaða.

„Ég þurfti að láta fólkið mitt vita núna áður en þetta vortal birtist að ég hefði verið að skera mig. Fjölskyldan mín er frekar fámenn en ég er gift inn í stóra fjölskyldu. Ég kynntist manninum mínum eftir að líf mitt breyttist mikið og er löngu búin að kveðja þessa manneskju sem ég var. Það gæti því orðið áfall fyrir þau að lesa þetta. Ég hef nú verið edrú í tíu ár og hef snúið lífi mínu við, klárað háskólanám og eignast tvo dásamlega stráka. Fólkið mitt veit að það gekk á ýmsu en ég hef hlíft þeim við smáatriðunum hingað til. Ég hugsa að ég verði alltaf skrítna manneskjan í fjölskyldunni. Ég er búddisti og er trúuð og bæði opin og beinskeytt en þau hafa lært að taka mér eins og ég er, það er ekkert val um annað,“ segir hún og hlær.

Magnað að eiga venjulegt líf

Helga segist komin á góðan stað í lífinu og hafa stjórn á því. Það þýði þó ekki að það sé alltaf dans á rósum. Það skiptist á skin og skúrir eins og hjá öllum öðrum en í dag sé hún í stakk búin til að takast á við vandamál af öllum stærðargráðum. Hún hafi til að mynda veikst eftir fæðingu sona sinna en geti tekist á við þau veikindi á uppbyggilegan hátt.

„Strákarnir mínir eru eins og tveggja ára og álagið varð til þess að ég þurfti að hætta að vinna í bili. Ég þarf alltaf að kljást við þunglyndið og kvíða, og við öfgafullar aðstæður, eins og að eiga börn með ellefu mánaða milli-bili og í fullri vinnu varð álagið of mikið. Ég veiktist en ég þurfti ekki að fara á sama stað og ég var á og það eitt og sér er svo ótrúlega magnað, að geta átt alls konar líf, ekki bara allt frábært, heldur geta tekist á við erfiðleika, veikindi og alls konar hluti sem allir þurfa að takast á við og geta gert það á uppbyggilegan hátt. Nú get ég það.“

Upplifir enn þá skömm

Helga segir að úrræði eins og vefurinn Útmeð'a hefði tvímælalaust hjálpað henni sjálfri á sínum tíma. Þöggugin og skömm-in sé þung byrði. Það sé nauðsynlegt að tala opinskátt um sjálfsskaða og sjálfsvígshugsanir.

„Átak eins og Útmeð'a hefði hjálpað mér mikið, því þrátt fyrir alla þessa sjálfsvinnu upplifi ég samt skömm yfir því að hafa verið „unglingur sem skar sig“,“ segir Helga. „Það er eitthvað bogið við það þegar rannsóknir sýna að eitt af hverjum þremur börnum og unglingum prófi þetta eða stundi en það þýðir að ótrúlega margir fullorðnir hafa skaðað sig einhvern tíma. Ótrúlega margir burðast því með sjálfsskaða eins og eitthvert sóðalegt leyndarmál sem enginn má vita af. Ef fólk er að kljást við andleg veikindi eru fleiri myrk leyndarmál það síðasta sem það þarf. Það verður að tala um vandamálin til að leysa þau. Það hefði hjálpað mér að vita að mér myndi ekki alltaf líða svona og ef saga mín getur gefið von er tilganginun ráð. Ef ég gæti gefið sjálfri mér náð aftur í tímann myndi ég segja: „Dragðu andann djúpt, þetta verður betra. Þú ert ekki ónýtur pappír, það er til laus.““



Tómas Kristjánsson, sálfræðingur hjá Sálfræðingunum Lynghálsl, segir tíðni sjálfsskaða hafa aukist síðustu ár. Algengast er að sjálfsskaði hefjist á unglingsárum. MYND/EYÞÓR

Rjúfa þarf vítahring þöggunarinnar

Geðhjálp og Hjálparsími Rauða krossins leggja áherslu á forvarnir gegn sjálfsskaða í samstarfsverkefni sínu Útmeð'a í ár. Útmeð'a var sérstaklega helgað baráttunni gegn sjálfsvígum ungra karla í fyrra. Tómas Kristjánsson sálfræðingur segir fólk upplifa sig eitt og einangrað. Nauðsynlegt sé að rjúfa þögnina.

Inntak Útmeð'a er að hvetja ungt fólk til þess að tala um tilfinningar sínar og vandamál. Hægt er að nálgast forvarnarmyndband um sjálfsskaða og heimasíðu með upplýsingum um sjálfsskaða og sjálfsvíg á heimasíðu Útmeð'a www.utmeda.is. en Tómas Kristjánsson, ritstjóri vefsins og sálfræðingur hjá Sálfræðingunum Lynghálsl, segir þöggun og feluleik einkenna sjálfsvígshugsanir og sjálfsskaða.

„Sjálfsskaði og sjálfsvíg er aðskilin hegðun, aðskildir hlutir, en sjálfsskaði eykur líkurnar á sjálfsvígum og sjálfsvígstílaunum. Vítahringur þöggunarinnar er sá sami í báðum þessum tilfellum. Aukin umræða í þjóðfélaginu leiðir til þess að minna tabú verður fyrir einstakling að tala um þessi mál. Þá minnkar vonandi þessi múr sem viðkomandi finnst hann þurfa að brjótast í gegnum til þess að segja einhverjum frá,“ segir Tómas Kristjánsson, ritstjóri Útmeð'a vefsins og sálfræðingur hjá Sálfræðingunum Lynghálsl.

Hversu algengt er að fólk skaði sig sjálf?

„Tíðni sjálfsskaða hefur aukist síðustu ár. Rannsóknir sýna fram á að um þriðjungur ungmenna hefur einhvern tíma skadað sig og um 10% ungmenna hafi skaðað sig reglulega. Á Íslandi eru 50.000 ungmenni á aldrinum 14 til 24 ára og það þýðir að um 17.000 þeirra hafa skaðað sig einhvern tíma og um 5.000 þeirra skaða sig reglulega.“

Er algengara að einn hópur skaði sig frekar en annar?

„Algengast er að sjálfsskaði byrji á unglingsárum. Hjá þeim sem ekki leita sér hjálpar heldur sjálfsskaðinn áfram fram á þrítugsaldur hjá um helmingi þess hóps. Nýlegar rannsóknir benda til þess að

kynjahlutföllin séu jafnari en áður var talið eða um það bil 60% konur og 40% karlar. Konur eru þó líklegri til þess að vera lagðar inn á sjúkrahús og það skýrist að hluta til af því að konur eru líklegri til að beita aðferðum sem þarfnast lækniástoðar, skera sig eða taka inn eitur eða lyf. Karlmenntil þess að brenna sig, eða lemja sér utan í hluti, nánar til tekið að nota aðferðir sem sjaldnar þarfnast lækniástoðar og auðveldara er að fela. Allar eru þessar aðferðir alveg jafn skaðlegar og jafn alvarlegar. Þá eru karlmenn líklegri til þess að deyja af völdum sjálfsvígs þar sem þeir eru líklegri til nota aðferðir sem taka snögg af og ekki er hægt að grípa inn í. Konur eru líklegri til þess að nota aðferðir við sjálfsvígstílaunir sem oftast er hægt að grípa inn í.“

Hvers vegna skaðar fólk sig sjálf?

„Ástæðurnar að baki sjálfsskaða geta verið mjög ólíkar. Sem dæmi má nefna uppnám, reiði eða hræðslu, yfirþyrmandi tilfinningu sem fólk finnst vaxa og vaxa innra með sér og upplifir að eina leiðin til þess að hleypa henni út sé að skaða sig. Í sumum tilfellum dreifir líkamlegur sársauki huganum frá innri sársauka. Þá er einmanaleiki, einangrun og sú líðan ráðandi að maður hafi enga stjórn á lífi sínu og ofurábyrgðartilfinning oft ástæða sjálfsskaða. Þá getur tilfinningalegur doði komið sjálfsskaða af stað. Þeir sem skaða sig eiga mjög oft í erfiðleikum með að takast á við og tala um tilfinningar sínar. Þær geta undið upp á sig og orðið þeim ofviða.“

Hvað er hægt að gera til að hætta að skaða sig?

Fyrsta skrefið væri að taka ákvörðunina um að hætta,

sem einungis einstaklingurinn sjálfur getur gert,“ segir Tómas. „Næst væri að tala við einhvern, fagaðila eða fjölskyldumeðlim. Þá ætti að reyna að koma sér úr aðstæðunum þar sem maður hefur aðgengi að því sem maður skaðar sig með. Semja við sjálfan sig um að biða í 15 mínútur og biða og sjá til og hafa eitthvað fyrir stafni sem dreifir huganum. Þá er ráð að sækja í fólk og búa til lista yfir þá sem hægt væri að leita til.“

Hvað geta vinir og fjölskylda gert til að hjálpa?

„Ef maður hefur áhyggjur af vini eða fjölskyldumeðlim er fyrst að fá hjálp frá fagaðila. Þá er mikilvægt að taka ekki sjálfsskaðanum persónulega, en það er algengt hjá aðstandendum,“ segir hann. „Gera ætti viðbragðsáætlun í samvinnu við þann sem er að skaða sig, hvernig bregðast ætti við þegar þessi þörf hellist yfir og sýna stuðning. Mikilvægt er að fara ekki í uppnám eða sýna reiði og skipanir eins og „hættu þessu bara“ virka ekki. Ef einhver er að íhuga sjálfsvíg er ráðlegast að hlusta og sýna vanlíðaninni skilning og hvetja einstaklinginn til að leita sér hjálpar. Ef hætta er bráð þarf að fylgja viðkomandi á bráðamóttöku geðsviðs og ef viðkomandi samþykkir það ekki verður að hringja í Neyðarlínuna.“

„Það getur verið mjög erfitt að horfa upp á einstakling, sem manni þykir vænt um, vera að skaða sig en það er einnig mikilvægt að gleyma ekki að hugsa um eigin þarfir líka. Maður hjálpar engum ef maður keyrir sig út.“

Á síðunni www.utmeda.is er að finna upplýsingar og ráð bæði fyrir þá sem skaða sig eða í sjálfsvígshugleiðingum, og fyrir aðstandendur þeirra.

Stofna bataskóla á Íslandi

Geðhjálparstefnir að því í samvinnu við Reykjavíkurborg að stofna svokallaðan bataskóla á Íslandi haustið 2017. Bataskólar með áherslu á menntun fyrir fólk með geðrænan vanda hafa skotið rötum í fjölmörgum löndum á allra síðustu árum. Skólarnir hjálpa fólki að nýta styrkleika sína til að öðlast aukið innsæi í líðan sína, lifa innihaldsríkara lífi og feta sig út í samfélagið. Málþing Geðhjálp og Reykjavíkurborgar um bataskóla undir yfirskriftinni Hver er galdurinn? verður haldið á Grand Hótel Reykjavík þriðjudaginn 11. október.

„Bataskólar eru sprottir upp úr svokallaðri batahugmyndafræði. Þessi hugmyndafræði gengur út á að manneskjan taki sjálf ábyrgð á bataferli sínu. Hún setji sér markmið og finni verkfæri úti í samfélaginu til að stuðla að jafnvægi í sínu lífi,“ segir Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálp, og tekur dæmi um slík verkfæri. „Ég get nefnt sem dæmi þjónustu sálfræðinga, að hreyfa sig eða afla sér aukinnar þekkingar. Markmiðin geta verið margvísleg, bæði tengd sjúkdómnum og ekki. Dæmi um persónulegt markmið getur verið að lifa betur með röddum, taka að sér hlutastarf eða eignast kærasta.“

Líta til Bretlands

Bataskólar hafa skotið rötum í fjölmörgum löndum. Anna segir þó vöggju þeirra vera í Bretlandi þar sem finna megi um fjörutíu bataskóla. „Lykilatriði í þessum bataskólum er að þeir eru byggðir upp í fullkominni samvinnu sérfræðinga og notenda geðheilbrigðisþjónustunnar. Fulltrúar þessara hópa móta hugmyndafræði hvers skóla, taka ákvarðanir um námsframboð og innihald námsins hverju sinni. Í hverjum bekk eru tveir kennarar, einn sérfræðingur á ákveðnu sviði og einn jafningjafræðari með reynslu af því að nýta sér þjónustu geðheilbrigðiskerfisins.“

„Markmið skólanna er að hjálpa fólki að nýta sér styrkleika sína til að ná jafnvægi, gera líf sitt innihaldsríkara og stuðla að aukinni þátttöku viðkomandi í samfélaginu eins og hver og einn kys,“ útskýrir Anna og nefnir dæmi um námskeið í bataskólanum: Lifað með geðhvörfum, Upp úr þunglyndinu og Reiðistjórnun. „Í skólunum í Bretlandi eru síðan einnig kennd



Anna Gunnhildur varð mjög hrifin af starfi Bataskólans í Nottingham. MYND/GVA

almenn fög eins og enska, stærðfræði og tölvunotkun, sem gagnast fólki vel til að takast á við þátttöku í flóknu nútímasamfélagi.“

Góð reynsla

Anna segir að bataskólum í Bretlandi hafi fjölgað af þeirri einföldu ástæðu að þeir skili árangri. „Eftir þriggja anna nám segjast um 70 prósent útskrifaðra þurfa á minni þjónustu að halda en áður. Sama hlutfall hefur eftir námið fengið launaða vinnu, tekið að sér sjálfbodaliðastarf eða haldið áfram námi.“

Bataskólar voru upphaflega aðeins hugsaðir með þarfir fólks með geðfötlun í huga. Nú eru þeir einnig opnir fólki sem fengið hefur

langvinna sjúkdóma eða orðið fyrir líkamlegum áföllum sem og aðstandendum og fagfólki.

„Í sama bekk getur því verið notandi geðheilbrigðiskerfis, hjúkrunarfræðingur og gömul frænka,“ lýsir Anna og tekur fram að með þessari fjölbreytni sé m.a. stuðlað að því að draga úr forðum.

Bataskóli á Íslandi

Hugmyndin að því að stofna bataskóla á Íslandi vaknaði í vor. „Notendur, aðstandendur og fagfólk þrýsta mjög á árangursríkt menntunarúræði fyrir fólk með geðrænan vanda. Við fórum því að skoða hvernig við gætum hjálpað. Geðhjálparfundar reglulega með fulltrúum félaga og úrræða á geð-

heilbrigðissviðinu. Þar vaknaði sú hugmynd að við myndum kynna okkur starfsemi bataskóla í London og Nottingham í vor. Endirinn varð sá að við buðum fulltrúum fleiri félaga, sveitarfélaga og stofnana að fara með okkur í þessa heimsókn í lok mars,“ lýsir Anna en hún segir alla hafa verið yfir sig hrifna af hugmyndafræði og árangri skólanna. Sjálf hafi hún verið hrifnust af starfi skólans í Nottingham þar sem hann hafði úr litlum fjármunum að móða og þurfti því að nýta frumlegar leiðir í starfseminni. „Þar hefur samfélagið sjálft verið virkjað til þátttöku. Til dæmis sér íþróttafélagið á staðnum um námskeið í hreyfingu og lögreglan um námskeið í sjálfsvörn.“

Stefnt að opnun haustið 2017

Síðustu mánuði hefur Geðhjálparstefnt til að undirbúa stofnun bata-

skóla á Íslandi. „Við höfum fengið góðan stuðning frá Reykjavíkurborg og vonumst til að hægt verði að reka skólann sem sjálfstæða einingu í húsnæði námsflokkaanna við Suðurlandsbraut. Geðsvið Landspítalans hefur lýst yfir vilja til að hjálpa. Svo trúum við því að aðrir sem bera hag okkar hóps fyrir brjósti og átta sig á gildi þessa menntunarúræðis fyrir einstaklingana og samfélagið allt muni liðsinna okkur í þessari baráttu,“ segir Anna en stefnt er að því að taka inn fyrstu nemendurna haustið 2017 í tveggja anna nám.

„Það er algjört lykilaatriði að gera þetta vel og faglega,“ segir Anna en stefnt er að því að sá hópur sem stendur að stofnun skólans muni fara til Nottingham til að fá aðstoð við að móta hugmyndafræði íslenska bataskólans fljótlega eftir áramót.“

Áhugavert málþing

Á málþinginu Hver er galdurinn? sem Geðhjálpar og Reykjavíkurborg standa fyrir á Grand Hótel þann 11. október verða bataskólar til umræðu. Aðalræðumaður málþingsins verður Helen Brown, skólastjóri bataskólans í Nottingham. „Hún mun segja frá batahugmyndafræðinni, stofnun skólans og þeim hindrunum sem þau þurftu að yfirstíga,“ segir Anna en einnig mun jafningjafræðari úr skólanum segja frá reynslu sinni af því að hafa farið í gegnum þriggja anna nám við skólann og verða síðan jafningjafræðari.

Anna segir að mikill áhugi sé fyrir ráðstefnunni og því sé ekki seinna vænna að skrá sig ef fólk hafi áhuga á að kynna sér betur þetta áhugaverða menntunarúræði en dagskrá málþingsins má sjá í auglýsingu hér fyrir neðan.

70%
í vinnu, sjálfbodaliðastörf eða áframhaldandi nám

Hver er galdurinn?

Hvað er bataskóli (Recovery College)?

Hvaða árangri hafa bataskólar skilað fólki með geðrænan vanda, aðstandendum, fagfólki og nærsamfélaginu?

Hvers vegna er þörf á bataskóla á Íslandi?

Málþing um bataskóla á vegum Geðhjálp og Reykjavíkurborgar í Gullteigi, Grand Hótel 11. október 2016. Fundarstjóri, Sigríður Arnardóttir.

13.00 – 13.10	Ávarp <i>Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri.</i>
13.10 – 13.20	Hvers vegna bataskóli? <i>Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálp.</i>
13.20 – 14.30	Bataskólinn í Nottingham <i>Helen Brown, skólastjóri bataskólans í Nottingham, fjallar um batahugmyndafræði (recovery model), stofnun og starfsemi bataskólans í Nottingham.</i>
14.30 – 15.00	Sýn nemenda/fræðara <i>Angela Mulholland, jafningjafræðari við bataskólann í Nottingham, segir frá reynslu sinni af námi og jafningjafræðslu við bataskólann.</i>
15.00 – 15.25	Kaffi
15.25 – 15.40	Bataskóli á Íslandi <i>Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, og Iðunn Antonsdóttir, skólastjóri Námsflokka Reykjavíkur, segja frá undirbúningi við stofnun bataskóla á Íslandi.</i>
15.40 – 15.55	Sýn notenda <i>Linda Dögg Hólm, ráðgjafi Geðhjálp, reifar sjónarhorn notenda gagnvart bataskóla á Íslandi.</i>
15.55 – 16.30	Pallborðsumræður <i>Kári Ragnars frá Klúbbnum Geysi, Edna Lupita frá Hlutverkasetri, Svava Arnardóttir frá Hugarafli, Halldóra Pálsdóttir frá Vin, Lúdvíg Lárusson frá Geðheilsustöð Breiðhólts og María Einisdóttir frá Landspítalanum segja frá batamiðaðri nálgun í starfsemi síns félags/úrræðis/stofnunar og sitja fyrir svörum.</i>



Þátttakendur eru vinsamlega beðnir um að skrá sig á málþingið í gegnum www.gedhjalp.is/skraning/radstefna/ eða með því að senda tölvupóst með nafni þátttakanda og nafni og kennitölu greiðanda verkefnisstjori@gedhjalp.is.

Aðgangseyrir kr. 2.000, frítt fyrir félaga í Geðhjálpar.
Hægt er að skrá sig í Geðhjálpar á www.gedhjalp.is

FEGURÐ AÐ INNAN

Icecare kynnr Skin Care Collagen Filler töflurnar eru gerðar með tækni sem hefur verið þróuð í Skandinavíu, tækni sem getur minnkað hrukkur verulega með reglulegri notkun. Carmen Electra sem er andlit Skin Care Collagen Filler féll fyrir vörunni þegar hún prófaði hana.

Skin Care Collagen Filler töflurnar næra lifandi frumur, sem framleiða kollagen djúpt í húðinni, sem hefðbundin krem ná ekki til. „Eftir því sem árin færast yfir minnkar kollagenframleiðsla húðfrumanna. Við það fara að myndast fínar línur og hrukkur í húðinni auk þess sem hún tapar stinnleika sínum og raka,“ segir Ásta Kjartansdóttir, vörumerkjastjóri hjá IceCare.

Leyndarmál leikkonunnar Carmen Electra í viðhaldi unglegrar og geislandi húðar er hollt mataræði og Skin Care Collagen Filler töflurnar. „Töflurnar eru þróaðar með skandinavískri tækni og geta minnkað hrukkur verulega með reglulegri notkun,“ segir Ásta.

Leikkonan Carmen er andlit Skin Care Collagen Filler og segist hún vera mjög spennt fyrir að taka þátt í því verkefni.

„Danskur vinur minn, Claus Hjelmback, sendi mér pakka af vörunni fyrir nokkru og ég féll algjörlega fyrir henni. Ég deildi henni á samfélagsmiðlum einfaldlega af því að hún er mjög góð og hefur haft mikil áhrif á húðina á mér. Þar sem ég varð heilluð af þeim áhrifum sem varan hefur þá er það mér heiður að taka þátt í að kynna hana. Þetta verkefni er ólíkt öðru sem ég er að taka þátt í svo það er bæði skemmtilegt og krefjandi. Ég hef virkilega gaman af þessu,“ segir hún.

Hvaða skoðun hefur þú á vörunni? „Hún kom mér verulega á óvart. Húð mín tók stakkaskiptum á mjög stuttum tíma. Ég er mjög hrifin af náttúrulegum vörum



Ásta Kjartansdóttir, vörumerkjastjóri hjá Icecare. MYND/EYÞÓR



“Skin Care Collagen Filler er mjög góð vara og hefur haft mikil áhrif á húðina á mér. Þar sem ég varð heilluð af þeim áhrifum sem varan hefur þá er það mér heiður að taka þátt í að kynna hana.

Carmen Electra



Leikkonan Carmen Electra segir húð sína hafa tekið stakkaskiptum á mjög stuttum tíma eftir að hún fór að taka Skin Care Collagen Filler.

og það er magnað hvað svona lítil tafla getur haft mikil áhrif. Ég er mjög ánægð.“

Heilbriggt lífferni er gríðarlega mikilvægt, sérstaklega í starfi Carmenar, en því fylgir mikil streita. „Ég reyni að drekka mikið af vatni, borða grænmeti og ganga þegar tími gefst til. Mataræði mitt er ekki alltaf fullkomið, mig langar stundum í gos, köku og súkkulaði. Eftir að ég byrjaði að dansa aftur er mikilvægt fyrir mig að vera í góðu formi,“ segir hún, aðspurð um skoðanir sínar á heilbrigðu lífferni.

Heilsuráð? „Að ganga. Það hljómar ekki sérstaklega skemmtilegt en er svo frábært og slakandi.

Haltu þér í góðu formi og vertu alltaf með vatn með þér.“

Hverju ertu veik fyrir? „Það hlýtur að vera súkkulaði.“

HVAÐ ER FEGURÐ FYRIR ÞÉR?

„Að líða vel með sjálfa sig. Til að vera í góðu formi og líta vel út verður að stunda einhverja þjálfun. Ég trúir því að fegurðin komi að innan. Það þarf meira en snyrtivörur til að halda húðinni heilbrigðri og fallegri.“

Gerðu það sem Carmen Electra gerir. Gerðu Skin Care Collagen Filler að daglegri rúttínu. Skin Care Collagen Filler hentar konum og körlum á öllum aldri. Ekki bíða eftir því að hrukkurnar komi fram. Gerðu eitthvað gott fyrir þig.

Hamingjan kemur innan frá. Bio-Kult góðgerlar styrkja meltinguna - Öflug melting og betra jafnvægi -

Bio-Kult Candéa

Góðgerlar sem styrkja meltinguna og vinna gegn fjölgun Candida sveppsins í meltingarvegi.

Inniheldur: Góðgerlablöndu af 7 sýrupólum gerlastrengjum, hvítlauk og grape seed extract.



Bio-Kult Original

Öflug blanda góðgerla sem byggir upp þarmflóruna og styrkir varnir líkamans.

Inniheldur: Góðgerlablöndu af 14 sýrupólum gerlastrengjum.



Bio-Kult Pro-Cyan

Styrkir þvagrásina og virkar sem öflug vörn gegn þvagrásarvandæðum.

Inniheldur: Góðgerlablöndu af 2 sýrupólum gerlastrengjum, trönuberjabykkni og A-vítamín.



Bio-Kult Infantis

Góðgerlar fyrir börn á öllum aldri. Eflir þarmflóruna, án allra aukaefna og er bragðlaust.

Inniheldur: Góðgerlablöndu af 7 sýrupólum gerlastrengjum, Omega 3 og D3-vítamín.




Veldu það besta fyrir þína meltingu. Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar á www.icecare.is



Johanna myndaði sirkusfólkið við ýmsar aðstæður. Bæði baksviðs en líka uppstillt í íslenskrí náttúru. MYND/JOHANNA-MARIA

SIRKUSLÍFIÐ Á BAK VIÐ TJÖLDIN

Ljósmyndasýningin **Sirkus Íslands** stendur yfir í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Ljósmyndarinn er hin þýska Johanna-Maria Fritz sem fylgdi sirkusnum og störfum og sýningum hans eftir um nokkurt skeið.



Johanna-Maria Fritz. MYND/EYÞÓR

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Johanna er ljósmyndari sem býr í Berlín en eyðir þó stórum hluta ársins á ferð og flugi um allan heim. Hún fékk áhuga á sirkuslífinu meðan hún stundaði nám við Ostkreuzschule for Photography í Berlín. „Þá byrjaði ég að mynda þýskan sirkus og heillaðist af sirkuslífinu.“

Johanna kom til Íslands eftir að góður vinur hennar flutti á Hvals-völl. Þá frétti hún af Sirkus Íslands og þótti afar áhugavert að hann væri fyrsti og eini sirkusinn á landinu. „Mér þótti andrúmsloftið og sú orka sem umkringir hópinn heillandi og ákvað að ganga til liðs við hann. Ég varð hluti af honum en sá hann einnig utan frá. Ég fylgdi

hópnum eftir yfir tveggja ára tíma-bil og myndaði á um það bil tveggja mánaða fresti. Sumarið 2015 fékk ég svo færi á að ferðast með hópnum um Ísland en sumir staðirnir sem við heimsóttum höfðu aldrei tekið á móti sirkuslistamönnum áður,“ segir Johanna, sem vildi fanga augnablik sem eiga sér stað utan sviðs og sýna spennuna, léttinn og eftirvæntinguna sem sirkuslistamennirnir upplifa en áhorfendur fá aldrei að sjá.

Ljósmyndasýningin Sirkus Íslands hefur verið sýnd víða um heim, í Þýskalandi, Sviss, Frakklandi, Úkraínu og Kína en árið 2015 fékk Johanna verðlaunin Image Now fyrir seríuna.

Nú koma myndirnar loks heim og verða til sýnis í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í Tryggvagötu til 29. nóvember.



**NÝTT!
FREYJU
KARAMELLU
BRAGÐ**

Áfram Hríslandi!



FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMÆÐUR:** Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367
Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358
Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357 | **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, atli@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

30-60%

afsláttur af völdum vörum!

GLÆSILEGT HAPPDRETTI Í VERSLUNINNI!

4 heppnir þátttakendur hljóta
10.000kr gjafabréf í ZikZak
Drögum þriðjudaginn 11. okt

KRINGLUKAST!

Fullt af FRÁBÆRUM tilboðum dagana 6.-10. okt.

ZIKZAK

T Í S K U H Ú S



BOLUR
ÁÐUR 4.990
NÚ 1.990
st. S-XXXL



PEYSA
ÁÐUR 5.990
NÚ 1.990
st. S-XXXL



SKYRТА
ÁÐUR 7.990
NÚ 3.990
st. S-XXXL



TÚNIKA
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL



KJÓLL
ÁÐUR 7.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL



SKYRТА
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.990
st. S-XXXL



KJÓLL
ÁÐUR 7.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL



BOLUR
ÁÐUR 4.990
NÚ 1.990
st. S-XXXL



BUXUR
ÁÐUR 6.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL



TÚNIKA
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st. 36-52



SKYRТА
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st. 42-56



TÚNIKA
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL

Kährs[®]
QUALITY IN WOOD SINCE 1857

VÖNDUÐ & VISTVÆN VIÐARGÓLF

KÄHRS PARKET BORDLEGGJANDI GÆÐI




Birgisson

FRÉTTABLAÐIÐ

91%

af lesendum dagblaða*
á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára
lesa Fréttablaðið daglega.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft ...



Katrín Halldóra, leik- og söngkona, ætlar að eiga rólega helgi og kikir kannski í sumarbústað með hundinum sínum. MYND/GVA

NÝTUR FRJÁLSA FALLSINS

Leik- og söngkonan **Katrín Halldóra** syngur í nýútkomnu lagi með Ragga Bjarna og uppfyllti þar með einn drauma sinna. Hún hefur notið velgengni á stóra sviðinu síðan hún útskrifaðist sem leikkona í fyrravor.

Katrín Halldóra Sigurðardóttir er ung leik- og söngkona sem hefur vakið athygli að undanförunu. Hún tók til starfa hjá Þjóðleikhúsinu strax eftir útskrift úr leiklistardeild Listaháskóla Íslands í fyrravor og leikur í vetur bæði í Djöflaeyjunni og Ópello. Auk þess er hún virkur meðlimur í spunahópnum Improv Ísland.

ÆDISLEGUR RAGGI

Um síðustu helgi kom út lagið Allt í fína með Karl Orgeltríó en þar syngur Katrín Halldóra með goðsögninni Ragga Bjarna. Hún segir að með því hafi gamall draumur ræst. „Ég elska Ragga Bjarna og það hefur alltaf verið draumur hjá mér að syngja með honum. Karl Olgeirsson sem samdi lagið er píanóleikari hjá Improv Ísland. Kalli hafði frétt af þessum draumi mínum og bað mig um að syngja þennan skemmtilega dúett og ég sagði að sjálfsögðu já. Það var alveg yndislegt að vinna með Ragga, hann er alveg ædislegur og við náðum mjög vel saman,“ segir hún og brosir.

FÍLAR SIG Í DJASSI

Katrín Halldóra komst ekki inn í leiklistardeildina í fyrstu tilraun og fór að læra söng í staðinn. Hún var í námi við Complete Vocal Institute í Kaupmannahöfn og einnig á jazz- og rokkbraut við Tónlistarskóla FÍH. „Mér finnst skemmtilegt að syngja alls konar tónlist en ég fíla mig best í djassi.

Í Djöflaeyjunni syng ég til dæmis lög eftir Memfísmafíuna sem eru mjög flott og gaman að syngja,“ segir Katrín Halldóra en þar leikur hún Dórótheu Guiccardini – Dollí, sem er systirin á heimilinu.

ÞYKIR VÆNT UM DOLLÍ

„Bækurnar hans Einars eru svo góðar og það er gaman að glíma við persónurnar á sviðinu. Þetta er auðvitað verk sem flestir Íslendingar þekkja, annaðhvort úr bókum eða sem bíómynd þannig að það er gaman að vinna með það sem leikgerð. Dollí er persóna sem mér þykir ótrúlega vænt um, þetta er í raun algjört draumahlutverk þó ég hafi ekki þælt í því þannig að ég hafi haft augastað á því áður. Þegar Balti [Baltasar Kormákur sem var í samstarfi við Þjóðleikhúsið um sýninguna] sagði mér að hann vildi fá mig sem Dollí í Djöflaeyjunna var ég himinlifandi. Þess má geta að þær Halldóra Geirharðs og Edda Heiðrún Bachman hafa báðar leikið hana en þær eru báðar frábærar leikkonur og mér miklar fyrirmyndir. Atli Rafn leikstýrir verkinu og hann er rosalega klár. Það er gaman sem leikari að vinna með honum því hann er leikari sjálfur og það er gefandi að vinna með þannig leikstjóra.“

TVÆR GRÍMUTILNEFNINGAR

Ferill Katrínar fer vel af stað en hún lék í sýningunum Í hjarta Hróa hattar og ≈ [um það bil] í Þjóðleikhúsinu strax eftir útskrift

og var tilnefnd til Grímunnar fyrir leik sinn í báðum verkum. Katrín Halldóra segir það hafa komið skemmtilega á óvart og að leiklistin sé eitthvað sem hún njóti sín vel í enda hafi það verið draumur hjá henni frá barnæsku að verða leikkona. „Ég hef einhvern veginn aldrei komist undan þessari þælingu. Það sem heillar mig við leikhúsið er að eiga þetta móment með áhorfendum, geta búið til sögur og farið í ferðalag með persónunum, að kynnast persónum sem ég fæ að skapa og að mér sé treyst fyrir því að skapa þær. Þetta er svo skapandi djöbb en leiklist er mikil vinna þar sem maður uppsker eins og maður sáir.“

KEMUR ALLT SEM KEMUR

Spurð að því hvaða hlutverk sé draumahlutverkið svarar hún að þau séu mörg en að það komi bara það sem komi. „Maður fær upp í hendurnar það sem maður á að fá, ég er öll í einhvers konar svoleiðis þælingum núna. Það er til dæmis margt sem er hægt að nota úr hugmyndafræði spunaáðferðarinnar, sem Improv Ísland byggir á, sem ég nýti mér í mínu lífi. Þetta snýst um að vera í núinu, maður getur ekki ákveðið neitt fyrirfram, það er ekki hægt, maður þarf að henda sér fram af brúninni og njóta þess að vera í frjálsum falli. Það kemur allt sem kemur og maður þarf að treysta og grípa tækifærið þegar það gefst,“ segir Katrín Halldóra á heimspekilegum nótum.

Rio Tinto

Sérfræðingur í öryggismálum RioTinto

Rio Tinto á Íslandi hf. leitar eftir því að ráða sérfræðing í öryggismálum í öryggisteymi fyrirtækisins.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi í starf sérfræðings öryggismála og eldvarna. Fyrirtækið leggur sig fram um að tryggja öryggi starfsmanna sinna, auka þekkingu þeirra á öryggismálum og skapa þannig skaðlausan vinnustað.

Umsóknarfrestur

19. október

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Forvarnir í öryggismálum og stuðningur við allar deildir fyrirtækisins.
- Þjálfun og fræðsla fyrir starfsmenn ásamt þróun fræðsluefnis.
- Umsjón með áhættugreiningum.
- Innleiðing á nýjum aðferðum til að bæta öryggismenningu.
- Umsjón með atvikaskráningu, greining orsaka og eftirfylgni úrbóta.
- Úrvinnsla gagna og skýrslugerð.
- Umsjón með neyðarvarnarsjórn.
- Þátttaka í innri og ytri úttektum.
- Samskipti innan fyrirtækisins og við ytri aðila.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/3941

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Þekking á öryggisstjórnun og straumlínustjórnun kostur.
- Brennandi áhugi á öryggismálum.
- Faglegur metnaður, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð tölvukunnátta.
- Frumkvæði, hugsjón og sjálfstæð vinnubrögð.

Rio Tinto á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar

Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuáðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent



Mannvirkjastofnun starfar skv. lögum nr. 160/2010. Stofnunin skal tryggja samræmingu á byggingar- og eldvarnaeftirliti og starfsemi slökkviliða í samráði við viðkomandi stjórnvöld og hafa yfirumsjón með rafmagnsöryggismálum.



Verk-, tækni-, iðnfræðingur á rafmagnssviði

Mannvirkjastofnun leitar að öflugum starfsmanni með ríka þjónustulund til að sinna starfi sérfræðings á rafmagnsöryggissviði. Starfið er faglega krefjandi og felur í sér umsjón með framkvæmd eftirlits með innri öryggisstjórnunarkerfum raforkufyrirtækja og fræðslu og kynningu á rafmagnsöryggismálum.

Helstu verkefni:

- Tæknileg ráðgjöf og fræðsla um reglur er varða innri öryggisstjórnun raforkufyrirtækja
- Túlkun og framkvæmd reglna er gilda um rafmagnsöryggismál
- Þátttaka í skipulagningu og umsjón með framkvæmd lögbundins eftirlits með innri öryggisstjórnun raforkufyrirtækja
- Þátttaka í mótun og viðhaldi á gæðastjórnunar- og öryggiskerfum í samræmi við reglur á rafmagnsöryggissviði og aðrar almennar kröfur í starfsumhverfinu
- Þátttaka í samstarfi í þróun laga og reglna sem gilda um háspenn- og lágspenn raforkuvirki
- Þátttaka í samstarfi við erlendar og innlendar stofnanir og fyrirtæki á sviði rafmagnsöryggis
- Eftirlit með skoðunarstofum á rafmagnssviði

Menntun, reynsla og hæfni:

- Próf í verk-, tækni- eða iðnfræði á rafmagnssviði (sterkstraums) er skilyrði
- Góð tölvukunnátta
- Þekking á gagnagrunnum og rafrænni þjónustu er kostur
- Þekking á gæðastjórnun og gæðastjórnunarkerfum er kostur
- Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni og frumkvæði í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Færni í einu Norðurlandamáli er æskileg



Upplýsingar veitir:

Inga S. Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Sækja skal um starfið rafrænt í gegnum tengil sem finna má á heimasíðum Hagvangs, www.hagvangur.is og Mannvirkjastofnunar, www.mvs.is.

Umsóknarfrestur er til og með 24. okt. nk.

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Konur jafnt sem karlar eru hvött til sækja um.

Í boði er krefjandi starf hjá stofnun sem veitir starfsmönnum tækifæri til að sinna faglegri uppbyggingu í starfi með virkri endurmenntun og þjálfun. Góð vinnuástaða er í boði.

Spennandi starf

Framkvæmdastjóri

Greifinn óskar eftir kröftugum framkvæmdastjóra.

Um er að ræða krefjandi starf í skemmtilegu starfsumhverfi. Starfið er á Akureyri.

Umsóknarfrestur

13. október

Starfssvið

- Leiðtogi í eldhúsi og í sal.
- Daglegur rekstur.
- Dagleg stjórnun starfsmanna og ábyrgð á starfsmannamálum.
- Gerð rekstraráætlana og tekjustýring.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/3769

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi, nám í framleiðslu eða sambærilegt æskilegt.
- Reynsla af rekstri.
- Reynsla af stjórnun.
- Þekking á fjármálum og áætlanagerð kostur.
- Frumkvæði og lausnamiðuð hugsun.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.
- Góð almenn tölvukunnátta.



Greifinn veitingahús var stofnað árið 1990 á Akureyri. Greifinn er fjölskyldustaður af bestu gerð og kappkostar að þjóna sem fjölbreyttum hópi viðskiptavina. Einnig býður Greifinn upp á veisluþjónustu, grillþjónustu og salarleigu sem er einkar hentug fyrir hverskonar hópa. Á Greifanum starfa 50 starfsmenn í fullu starfi og hlutastörfum.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

www.capacent.is



Við leitum að stöðvarstjóra í Fljótsdalsstöð

Starfið felst í umsjón með rekstri, eftirliti og viðhaldi aflstöðva og veitumannvirkja. Viðkomandi ber einnig ábyrgð á samskiptum við hagsmunaaðila og að öryggiskröfum Landsvirkjunar sé framfylgt í daglegum rekstri. Við leitum að einstaklingi sem býr yfir hæfni til að miðla upplýsingum, sýna frumkvæði og leiðtogahæfileika og vera sjálfstæður í vinnubrögðum.

- Tæknimenntun á rafmagns- eða vélasviði
- Stjórnunarþekking og reynsla af rekstri
- Reynsla á sviði viðhaldsstjórnunar, gæðastjórnunar og áætlanagerðar
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Hæfni í samskiptum


Sótt er um starfið hjá Capacent, capacent.is. Nánari upplýsingar veita Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Sturla Jóhann Hreinsson (sturla.johann.hreinsson@landsvirkjun.is). Umsóknarfrestur er til 23. október.



Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

www.landsvirkjun.is



Rio Tinto

Leiðtogi svæðis og öryggi búnaðar

Rio Tinto á Íslandi hf leitar að einstaklingi til að hafa yfirumsjón með öllu sem tengist rekstri athafnasvæðis verksmiðjunnar. Starfið felur einnig í sér ábyrgð á innleiðingu á öryggi búnaðar (Process Safety). Leitað er að einstaklingi með góða tæknipækkingu og reynslu af verkefnastjórnun og innleiðingu nýrra verkferla.

Umsóknarfrestur

19. október

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Ábyrgð á viðhaldi svæðis utandyra.
- Ábyrgð á endurvinnslu og úrgangsstjórnun.
- Ábyrgð á gerð kostnaðaráætlana og eftirlit.
- Rýni og innleiðing innri og ytri krafna varðandi starfsemina.
- Ábyrgð á innleiðingu nýrra krafna varðandi öryggi búnaðar (process safety).
- Greining á áhættum og innleiðing á áhættustýringum.
- Úrvinnsla gagna og skýrslugerð.
- Alþjóðlegt samstarf og innri samskipti.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/3940

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í verkfræði eða tæknifræði.
- Yfirgripsmikil þekking á tæknimálum og sjálfvirkni.
- Leiðtogahæfileikar og geta til að virkja fólk.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun.
- Brennandi áhugi á öryggismálum.
- Góð tölvukunnátta.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Rio Tinto

Rio Tinto á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar

Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Spennandi störf

Dalvíkurbyggð leitar eftir öflugum aðilum í krefjandi störf forstöðumanns og leikskólastjóra hjá sveitarfélaginu.

Forstöðumaður

Laust er til umsóknar starf forstöðumanns Bókasafns Dalvíkurbyggðar og Héraðsskjalasafns Svarfdæla.

Bókasafn Dalvíkurbyggðar er almenningsbókasafn sem þjónar almenningi og skólum. Bókasafnið er jafnframt upplýsingamiðstöð sveitarfélagsins. Héraðsskjalasafnið safnar, varðveitir og skráir skjöl. Einnig er þar unnið að söfnun og skráningu ljósmynda og listaverka.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/3938

Starfssvið

- Daglegur rekstur bókasafns og héraðsskjalasafns.
- Gerð starfs- og fjárhagsáætlana.
- Þróunarstarf.
- Samskipti við hagsmunaaðila.
- Almenn störf bókasafns- og héraðsskjalavardar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í bókasafns- og upplýsingafræði.
- Haldgóð reynsla af sambærilegum verkefnum.
- Skráningarréttindi kostur.
- Áætlanagerð kostur.
- Góð almenn tölvu- og tungumálakunnátta.
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Leikskólastjóri

Fræðslu- og menningarsvið Dalvíkurbyggðar óskar eftir að ráða leikskólastjóra í leikskólann Krílakot á Dalvík.

Leikskólinn Krílakot er 5 deilda leikskóli þar sem eru um 100 börn á aldrinum 9 mánaða til 6 ára og 28 starfsmenn. Leikskólinn er opinn frá 07:30-16:15 og er vistunartími barnanna allt frá fjórum tímum uppí 8,75 tíma.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/3939

Starfssvið

- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagi og rekstri.
- Fagleg forysta.
- Ráðningar og mannauðsstjórnun.
- Stuðla að framþróun í skólalastarfi.
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda og heimila.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólamenntun skilyrði, framhaldsmenntun kostur.
- Þekking og reynsla af starfsemi leikskóla skilyrði.
- Menntun og/eða reynsla af stjórnun og rekstri æskileg.
- Stjórnunar og leiðtogahæfni.
- Frumkvæði og styrkur í ákvarðanatöku.
- Framsúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfni og góð yfirsýn.
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð.



Dalvíkurbyggð er 1900 manna sveitarfélag við Eyjafjörð. Þar er blómlegt atvinnulíf, öflugt menningarlíf og aðstaða til íþróttaiðkunar framúrskarandi. Umhverfið er sérlega fjölskylduvænt og aðstæður til útivistar með besta móti

Umsóknarfrestur

24. október

Capacent — leiðir til árangurs

capacent



Pörungaverksmiðjan hf.

Pörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum sækir þang- og þara í Breiðafjörðinn og framleiðir mjöl af háum gæðum. Nýting sjávargróðurs er vottuð sem sjálfbær og vinnsla og afurðir eru lífrænt vottaðar. Ársverk eru um 20 í verksmiðju og á skipi félagsins auk verktaka á sláttarprömmum þess. Ársvelta er um 500 milljónir kr. Afurðir eru að langmestu leyti fluttar út og m.a. nýttar til framleiðslu fóðurbætis, áburðar og snyrtivara auk alginats sem notað er í matvæla- og lyfjaframleiðslu. Pörungaverksmiðjan er að stærstum hluta í eigu FMC Health and Nutrition (71%) og Byggðastofnunar (28%). Rekstur Pörungaverksmiðjunnar hefur gengið vel og er fyrirhugað að efla hann frekar á komandi árum. Á Reykhólum er mikil náttúruvegurð. Þar er m.a. grunnskóli, leikskóli, heilsugæsla, dvalarheimili, verslun, sundlaug, bókasafn og önnur þjónusta.

Verkstæðisformaður

Pörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum óskar eftir að ráða verkstæðisformann. Hann hefur yfirumsjón með eftirliti og viðhaldi á sláttarprömmum, vélum og búnaði verksmiðjunnar. Verkstæðisformaður tekur þátt í áætlunum og undirbúningi við breytingar og endurbætur verksmiðju, tækjabúnaðar og verkstæðis. Hann gegnir mikilvægu hlutverki varðandi kröfur um öryggi og umhverfismál.

Helstu verkefni

- Öryggi starfsmanna, velferð þeirra og umhverfismál
- Stöðugar umbætur varðandi öryggismál
- Skipulag og verkstjórn á verkstæði og samræming á samstarfi við aðrar deildir fyrirtækisins
- Fyrirbyggjandi viðhald
- Samskipti við birgja

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Lipurð í samskiptum
- Áhugi og þekking á gæða-, umhverfis- og öryggisstjórnun
- Enskukunnátta
- Viðkomandi þarf að vera framsækinn, árangursmiðaður og sjálfstæður, sýna frumkvæði og hafa áráði til að takast á við krefjandi stjórnunarstarf hjá traustu og vel reknu fyrirtæki

Í boði er áhugavert og krefjandi starf í fallegu umhverfi Reykhóla ásamt góðum kjörum.

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Helga Rún Runólfssdóttir (helga@intellecta.is). Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Umsóknarfrestur er til og með 24. október 2016. **Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.**

Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

SARPUR Menningarsögulegt gagnasafn

Landskerfi bókasafna

Vintri-hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á geðheilbrigðismál fyrir þessar kosningar. Við leggjum til raunhæfar aðgerðir til að létta gjaldtöku af sjúklingum almennt. Þar á meðal að gjaldfrjáls sálfræðisþjónusta verði í boði á heilsugæslustöðvum. Sérstakt átak verði einnig gert í að bjóða upp á slíka þjónustu gjaldfrjálsa í öllum framhaldsskólum landsins. Þá þarf að fella aðra sálfræðisþjónustu undir hið almenna greiðsluþátttökakerfi þannig að hún verði raunverulegur valkostur fyrir alla aldurshópa. Þá leggjum við áherslu á að bæta húsnæðismál fólks með geðraskanir og þeirra sem glíma við fíkn. Það þarf að ljúka byggingu nýs Landspítala við Hringbraut og þar með endurnýja húsnæði geðeildarinnar sem er óviðunandi. Að lokum er mikilvægt að horfa í auknum mæli til forvarna og öflugrar lýðheilsustefnu.

VIÐREISN

Hanna Katrín Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri og leiðir lista Viðreisnar í Reykjavíkurborgardæmi suður.



Viðreisn vill leggja aukna áherslu á meðhöndlun geðrænna vandamála og forvarnir í tengslum við þau. Það þarf að bæta almennt aðgengi að sálfræðisþjónustu og koma henni í skrefum inn í almannatryggingakerfið. Áhrifaríkar sjálfsvígsforvarnir fela í sér aðgerðir á fjölmörgum sviðum. Það þarf að leggja áherslu á að börn og unglingar búi við heilsusamleg og uppbyggileg uppvaxtarskilyrði, meðhöndla geðraskanir fljótlega og hafa hemil á áhættuþáttum í umhverfinu. Það er því heildræn nálgun sem er líklegust til árangurs í þessu samhengi. Jafnrétti er leiðarstef í allri stefnumótun Viðreisnar. Jafnréttis-sjónarmið eiga að vera til hliðsjónar í allri kennslu til að vinna markvisst gegn staðalmyndum og kynjahyggju. Sú nálgun er mikilvæg til að uppræta rótgróna fordóma í samfélaginu sem m.a. hafa beinst gegn fólki með geðræn vandamál.

SJÁLSTÆÐISFLOKKUR

Albert Guðmundsson, formaður Heimdallar



Sjálfstæðisflokkurinn vill beita sér fyrir auknu aðgengi fólks að geðheilbrigðisþjónustu með nýsamþykktu geðheilbrigðisstefnu að leiðarljósi. Stefan felur í sér framtíðarsýn og skilgreind markmið um bættu geðheilbrigðisþjónustu. Meginmarkmið stefnunnar er að stuðla að aukinni vellíðan og betri geðheilsu landsmanna og virkari samfélagsþátttöku einstaklinga sem glíma við geðraskanir.

Lagt er til að lögfest verði skylda um að ríki og sveitarfélög geri með sér samkomulag um hvernig þau muni sinna sameiginlega þjónustu við fólk með sálræn veikindi. Þá er lagt til að framboð sálfræðisþjónustu í heilsugæslu verði aukið, komið verði á fót geðheilsuteymum, barna- og unglinga-geðeild Landspítala verði styrkt og einnig að stuðningur við börn sem eiga foreldra með sálræn veikindi verði aukinn. Loks er til lagsu um að byggja upp þekkingu starfsfólks á hjúkrunarheimilum vegna þjónustu við íbúa með geðraskanir.

FLOKKUR FÓLKSINS

Guðmundur Sævar Sævarsson, sérfræðingur í geðhjúkrun, hjúkrunardeildarstjóri öryggis- og réttargeðþjónustu Landspítalans.



Flokkur fólksins vill að allir landsmenn hafi jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu, burtséð frá efna-hag eða búsetu. Ekki skal gerður greinarmunur á því hvort einstaklingur á við líkamleg eða geðræn veikindi að stríða.

Heildræn stefna þarf að liggja fyrir sem tryggir einstaklingum með alvarleg geðræn veikindi bæði eftirfylgd og búsetu. Því er mikilvægt að auka þjónustu fyrir andlega veika einstaklinga úti í samfélaginu og þurfa úrræðin að vera einstaklingsmiðuð. Einnig er þörf á að styrkja geðheilbrigðisþjónustu í skólum landsins til að draga úr líkum á alvarlegum veikindum hjá ungum einstaklingum, sem geta haft töluverða lífsskerðingu í för með sér.

Þar af leiðandi þarf að tryggja fjárveitingu til geðheilbrigðisþjónustu til að sporna við því að íslenskt fagfólk leiti út fyrir landsteinana.

Áherslur stjórnmalaflokka í geðheilbrigðismálum

Fulltrúar flokka í næstu alþingiskosningum voru beðnir um að segja frá helstu áherslum síns flokks í geðheilbrigðismálum. Svör fengust frá eftirfarandi flokkum.

ÍSLENSKA ÞJÓÐFYKLINGIN

Helgi Helgason, formaður



Íslenska þjóðfylkingin telur mjög nauðsynlegt að efla aðstoð við þá sem þjást af geðrænum sjúkdómum. Í því sambandi er það stefna flokksins að ráðgjöf og meðferð sé veitt strax í grunn- og framhaldsskólum landsins. Með því að veita öflugra sálfræðisþjónustu á fyrstu stigum megi í raun spara þjóðfélaginu mikil útgjöld seinna meir. Aðgengi ungs fólks að sálfræðisþjónustu í skólakerfinu er mjög ófullnægjandi. Flokkurinn telur að markviss geðheilbrigðis-hjálp í framhaldsskólum muni m.a. leiða af sér minna brottfall og fækka sjálfsvígum ungs fólks. Íslenska þjóðfylkingin vill að mörkuð verði skýr stefna til framtíðar í þessum málaflokki því þannig ráðumst við strax að rótum vandans og er það leiðandi sjónarmið í stefnu flokksins. Þannig verði nýbakaðar mæður sérstaklega vaktaðar með tilliti til inngrips á fyrstu stigum fæðingarþunglyndis.

Þessu viljum við að verði fylgt eftir með öflugum stuðningi við heilbrigðisgeirann svo eftir meðferðir séu tryggðar. Í þessu sambandi er það markmið Íslensku þjóðfylkingarinnar að grunnheilbrigðisþjónustan verði gjaldfrjáls fyrir íslenska ríkisborgara.

FRAMSÓKNARFLOKKUR

Karl Garðarsson, þingmaður



Undirritaður var fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu um bættu geðheilbrigðisþjónustu og aðgengi að sálfræðimeðferð fyrir börn, unglunga og fjölskyldur þeirra. Markmið hennar var að vinna að bættu geðheilbrigði barna og unglunga og þar með að bættu geðheilbrigði landsmanna til framtíðar. Aðaláhersla var á forvarnir og skimun grunnskólanemenda. Þessi tillaga var tekin inn í geðheilbrigðisáætlun stjórnvalda.

Framsóknarflokkurinn fagnar þeim árangri sem hefur náðst í geðheilbrigðismálum. Jafnframt leggur flokkurinn áherslu á að þjónusta sálfræðinga verði niðurgreidd eins og önnur heilbrigðisþjónusta.

Leiðrétta þarf þá mismunun sem er í þjónustu á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins, til dæmis í geðheilbrigðisþjónustu. Sérstaklega þarf að taka til endurskoðunar greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga til fólks á landsbyggðinni sem leita þarf sérfræðisþjónustu á milli landshluta. Gera þarf átak í þjónustu sálfræðinga og geðlækna um allt land.

BJÖRT FRAMTÍÐ

Sigrún Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur, dósent, leiðir þekkingarsetur um þjónandi forystu og er formaður Krabba-meinsfélagsins



Þjórt framtíð leggur áherslu á að bæta aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu og sálrænni meðferð um land allt til að bæta lífsgæði, koma í veg fyrir alvarlegri vanda og minnka þörf fyrir dýrari þjónustu. Þjórt framtíð telur mikilvægt að sálræn meðferð sé hluti af þjónustu á heilsugæslustöðvum þar sem greiðsluþátttaka einstaklinganna er lágmörkuð. Nýta þarf fjarheilbrigðisþjónustu til að bæta aðgengi að sálrænni meðferð.

Mikilvægt er að huga sérstaklega að þörfum barna og ungmenna á öllum skólastigum. Einnig er mikilvægt að tryggja að geðheilbrigðisþjónusta sé hluti af betrun fanga. Efla þarf samstarf stétta sem koma að geðheilbrigðismálum með sérstakri áherslu á viðkvæma hópa. Mikilvægt er að styrkja samstarf geðlækna, sálfræðinga, hjúkrunarfræðinga og þeirra sem starfa á vettvangi heilsugæslu, félagsþjónustu, barnaverndar, sjúkráhusa, fangelsisyrivalda. Efla þarf traust og samstarf milli stofnana.

PÍRATAR

Gunnar Hrafn Jónsson, frambjóðandi í Reykjavík suður



Geðheilbrigði er eitt brýnasta viðfangsefni okkar tíma og stjórnvöld þurfa að gera mun betur í að styðja við gjaldfrjálsa geðheilbrigðisþjónustu. Sérstaklega er mikilvægt að ungmenni með geðrænar raskanir fái fullnægjandi aðstoð. Stefnir skal að því að þjónusta sálfræðinga verði hluti af sjúkratryggingum.

Ef stuðla á að almennt og heildrænni heilsu fólks þá þarf fólk að

hafa greiðan aðgang að sálfræðingum jafnt sem annarri heilbrigðisþjónustu. Fjárhagur fólks á ekki að vera fyrirstaða gegn því að það geti sótt sér þjónustu. Stærsta einstaka skýringin á því að Íslendingar eiga heimsmet í notkun geðlyfja er pólitísk. Sem sé, að þjónusta geðlækna hefur verið niðurgreidd en mörg önnur þjónusta ekki. Við viljum tryggja að fólk sem óttast að stytta sér aldur eigi vísan og öruggan stað.

SAMFYLKING

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingkona og formaður velferðarnefndar



Við í Samfylkingunni erum stolt af fyrstu heildstæðu geðheilbrigðisáætluninni sem var samin að frumkvæði okkar og samþykkt á kjörtímabilinu. Við ætlum að auka aðgengi að þjónustunni með því að efla geðheilbrigðisþjónustu í heilsugæslunni og tryggja gjaldfrjálsa sálfræðisþjónustu í framhaldsskólum. Heilsugæslan þarf síðan að vera í samstarfi við velferðar- og skólalþjónustu sveitarfélaga til að ná fram samfelli í þjónustunni, ekki síst í fyrirbyggjandi aðgerðum. Mikilvægt er að eyða biðlistum vegna greiningarþjónustu og tryggja viðeigandi þjónustu í kjölfarið. Við munum líka leggja áherslu á þjónustu við verðandi og nýbakaða foreldra og börn þeirra. Geðvernd byggir á öflugum forvörnum, fordómaleysi og góðu aðgengi að þjónustu. Sjúklinga-, aðstandenda-, og sérfræðingasamtök hafa lyft grettistaki í þessum málaflokki á síðustu árum. Við munum vinna náið með þeim að umbótum á sviði geðheilbrigðismála.

ALÞYÐUFYLKINGIN

Vésteinn Valgarðsson, varaformaður Alþýðufylkingarinnar, oddviti Alþýðufylkingarinnar í Reykjavíkurborgardæmi norður og starfsmaður á Kleppspítala síðan 2001




Geðheilbrigðismál eru mál alls samfélagsins og einn mikilsvæðasti mælikvarðinn á eðli þess. Það virðast flestir sammála um það í muninum hvað vantar í íslenska geðheilbrigðisþjónustu. En á hverju strandar? Ég hef unnið á Kleppi síðan 2001 og veit af reynslunni, að allan þann tíma hefur geðheilbrigðiskerfið verið fjársvelt. Það er sama hvaða fjórflokkur hefur setið á ráðherrastólum, kapitalisminn ræður ferðinni í raun.

Kapítalisminn reynir á geðheilsuna á margan hátt. Hann veldur óöryggi, fátækt, mismunun og atvinnuleysi, og áhyggjum og kvíða í kaupbæti. Félagsvæðing er leiðin úr ógöngum kapitalismans, hún er andstæðan við markaðsvæðinguna. Hún boðar mannsæmandi lífeyri, húsnæðiskerfi og heilbrigðiskerfi, með öryggi og velferð allra sem höfuðmarkmiðið. Félaglegt réttlæti er geðheilbrigðismál. Leiðin þangað heitir félagsvæðing. Það er leið Alþýðufylkingarinnar.

Við þökkum stuðninginn

Aðalvík ehf	Ármúla 15	108	Reykjavík	Harald og Sigurður ehf	Stangarhyl 6	110	Reykjavík	Samhentir Kassagerð hf.	Suðurhrauni 4	210	Garðabæ
AH. Pipulagnir ehf	Suðurhrauni 12c	210	Garðabæ	HBTB ehf	Bildshöfða 18	110	Reykjavík	Samherji Ísland ehf.	Glerárgötu 30	600	Akureyri
Allianz Ísland hf. slúmbúð	Digranesvegi 1	200	Kópavogi	Henson Sports Europe á Ísl ehf	Brautarholti 24	105	Reykjavík	Samiðn, samband iðnfélaga	Borgartúni 30	105	Reykjavík
Arks arkitektar ehf.	Kleppsvegi 152	104	Reykjavík	Herrafataverstun Birgis ehf	Fákafeni 11	108	Reykjavík	Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja,SSF	Nethylur 2 e	110	Reykjavík
ASK arkitektar ehf	Geirsgötu 9	101	Reykjavík	Hljóðbókasafn Íslands	Pósthólf 295	202	Kópavogi	Sálarannsóknarfélag Reykjav	Síðumúla 31	108	Reykjavík
Athygli ehf	Suðurlandsbraut 30	108	Reykjavík	Hótel Laki ehf.	Efri-Vík	880	Kirkjubæjarklaustri	Seyðisfjarðarkaupstaður	Hafnargata 44	710	Seyðisfjörður
Austfjarðaflutningar ehf	Kelduskógum 19	700	Egilsstaðir	Hraungerði ehf	Hraunstig 1	685	Bakkafjörður	SFR Stéttarfélag í almannajöfnustu	Grettisgötu 89	105	Reykjavík
Áfengis-/tóbaksverslun ríkisins	Stuðlahálsi 2	110	Reykjavík	Hreint ehf.	Audbrekku 8	200	Kópavogi	Sigurbjörn ehf	Öldutúni 4	611	Grimsey
Árbæjarapótek ehf	Hraunbær 115	110	Reykjavík	Húnavatnshreppur	Húnavöllum	541	Blönduós	Sigurgeir G. Jóhannsson ehf	Hafnargötu 17	415	Bolungarvík
Ás fasteignasala ehf	Fjarðargötu 17	220	Hafnarfirði	Húnaþing vestra	Hvamstangabraut 5	530	Hvamstangi	Sigurjón Arnlaugsson ehf	Skólavörðustíg 14	101	Reykjavík
Ásbjörn Ólafsson ehf	Köllumarklettsvegi 6	104	Reykjavík	Hús og skip ehf.	Mariubaugi 135	113	Reykjavík	SÍBS	Síðumúla 6	108	Reykjavík
Bífréðastillingin ehf.	Smíðjuvegi 40	200	Kópavogi	Hvalur hf	Pósthólf 233	222	Hafnarfirði	Sildarvinnstan hf.	Hafnarbraut 6	740	Neskaupstað
Bífréðaverkstæði Bjarnhéð ehf	Fjölínsgötu 2a	603	Akureyri	Hveragerðiskirkja	Pósthólf 81	810	Hveragerði	Sinus ehf	Grandagarði 1a	101	Reykjavík
Bilabúð Benna ehf.	Pósthólf 12120	132	Reykjavík	Höfðabrekka ehf	Höfðabrekku	871	Vík	Sjúkrahúsið á Akureyri	Eyrarlandsvegi	600	Akureyri
Bilasmíðunin hf	Bildshöfða 16	110	Reykjavík	Höfðakaffi ehf.	Stórakrika 10	270	Mostellsbæ	Skálatúnshillili	Skálatúni	270	Mostellsbær
Bilaverkstæði Birgis ehf	Eyrartröð 8	220	Hafnarfjörður	Höfðaveilar ehf	Höfða 1a	640	Húsavík	Skýrslur og skil	Lágmúla 5	108	Reykjavík
Blaðamannafélag Íslands	Síðumúla 23, 3. hæð	108	Reykjavík	Iceland Excursions Allrahanda ehf.	Klettargörðum 4	104	Reykjavík	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs	Skógarhlíð 14	105	Reykjavík
Blikkrás ehf	Óseyri 16	603	Akureyri	Innrámmarinn ehf	Rauðarárstíg 33	105	Reykjavík	Smith & Norland hf.	Nóatúni 4	105	Reykjavík
Bolungarvíkurkaupstaður	Aðalstræti 12	415	Bolungarvík	Intellecta ehf	Síðumúla 5	108	Reykjavík	Smurstöð Akraness st.	Smíðjuvöllum 2	300	Akranes
Borgarverk ehf.	Sölubakka 17-19	310	Borgarnesi	Ison ehf	Laufbrekku 22	200	Kópavogi	Spölrur ehf	Kirkjubraut 28	300	Akranesi
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf	Miðvangi 2-4	700	Egilsstaðir	ÍAV hf	Höfðabakka 9	110	Reykjavík	Steyrustöð Skagafjarðar ehf.	Skarðseyri 2	550	Sauðárkróki
Bónus	Skútuvogi 13	104	Reykjavík	Íslandsfundir ehf	Strandvegi 21	210	Kópavogi	Stjarman ehf.	Suðurlandsbraut 46	108	Reykjavík
Brimborg ehf.	Bildshöfða 6	110	Reykjavík	Íslensk endurskoðun ehf	Bogahlíð 4	105	Reykjavík	Stólpi-gámar ehf	Klettargörðum 5	104	Reykjavík
Bygðabjónustan ehf	Pósthólf 97	202	Kópavogur	Jón Pétursson ehf	Bjarkargötu 4	101	Reykjavík	Straumnes ehf. rafverktafkar	Krókatúni 22-24	300	Akranesi
Cactus veitingar ehf	Suðurgötu 8	240	Grindavík	Jónatansson & Co. lögræðistofa ehf.	Suðurlandsbraut 6	108	Reykjavík	Straumrás hf.	Furuvöllum 3	600	Akureyri
Dalabyggð	Miðbraut 11	370	Búðardalur	JÓÓ ehf	Smíðsbúð 6	210	Kópavogur	Suzuki-bílar hf	Skeifunni 17	108	Reykjavík
Danfoss hf.	Skútuvogi 6	104	Reykjavík	K.F.O. ehf.	Sundagörðum 2	104	Reykjavík	Sveitarfélagið Garður	Sunnubraut 4	250	Garður
Danica sjávarfarir ehf (Danica Seafood Ltd.)	Suðurgötu 10	101	Reykjavík	K.Pétursson ehf	Kristnibraut 29	113	Reykjavík	Sveitarfélagið Skagaströnd	Tömbraut 1-3	545	Skagaströnd
DMM Lausnir ehf	Hafnargötu 91	230	Reykjanesbær	Kerfóðun ehf.	Hraungötu 3	210	Garðabæ	Sveitarfélagið Ölfus	Hafnarbergi 1	815	Þorlákshöfn
Domino's Pizza	Lóuhólum 2-6	111	Reykjavík	Kjöthöllin ehf	Skipholti 70	105	Reykjavík	Talnakönnun hf.	Borgartúni 23	105	Reykjavík
Dvalarheimilið Ás	Hverahlíð 20	810	Hveragerði	Klausturkaffi ehf	Skriðuklaustri	701	Egilsstaðir	Tannlæknafélag Íslands	Síðumúla 35, 3. hæð	108	Reykjavík
Dýralæknirinn á Breiðdalsvík	Ásvegi 31	760	Breiðdalsvík	Kom ehf., kynning og markaður	Höfðatorgi, Katrínartúni 2	105	Reykjavík	Tannlæknastofa Björns Þ Þór ehf	Ármúla 26	108	Reykjavík
Efing stéttarfélag	Sættini 1	105	Reykjavík	Kristján G. Gíslason ehf	Pósthólf 905	121	Reykjavík	Tannlæknastofa Fríðgerðar Samúelsd ehf	Laugavegi 163	105	Reykjavík
Efnamóttakan hf	Berghelli 1	221	Hafnarfjörður	Kvenfélagið Hekla / Dagný Ólfarsd	Ytra - Hóli	545	Skagaströnd	Tannlæknastofa Jóns Björns Sigtryggssonar	Tjarnargötu 2	230	Reykjanesbær
Eignamiðlunin ehf	Pósthólf 8935	128	Reykjavík	Kæling ehf	Stapahrauni 6	220	Hafnarfirði	Tannrétingar sf	Snorrabraut 29	105	Reykjavík
Eldhús sælkerans ehf	Sólvallagötu 11	101	Reykjavík	Landssamband lögreglumanna	Grettisgötu 89	105	Reykjavík	Tannvernd ehf	Vinlandsleið 16	113	Reykjavík
Eldvarnarbjónustan ehf	Miðbarði 37	220	Hafnarfjörður	Landssamtök Lifeyrissjóða LL	Guðrúnartúni 1	105	Reykjavík	Tannþing ehf	Þingholtsstræti 11	101	Reykjavík
Elfsa Guðrún ehf	Klapparstíg 25-27	101	Reykjavík	Léttfeti ehf	Pósthólf 7	222	Hafnarfjörður	TBLSHOP Ísland ehf	Kringlumni 4-12	103	Reykjavík
Endurskoðun Vestfjarða ehf	Aðalstræti 19	415	Bolungarvík	Lofortka Reykjavík ehf	Miðhrauni 10	210	Garðabær	THG Arkitektar ehf.	Faxaleini 9	108	Reykjavík
Esja Gæðafæði ehf.	Bitruhálsi 2	110	Reykjavík	LOG lögmansstofa sf	Kringlan 7	103	Reykjavík	Thorþ ehf	Borgabraut 27	510	Hólmavík
Faxafloahafnir sf	Tryggvagata 17	101	Reykjavík	Lyl og heilsa hf	Síðumúla 20	108	Reykjavík	Tönmenntaskóli Reykjavíkur	Pósthólf 5171	125	Reykjavík
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	Suðurlandsbraut 22	108	Reykjavík	Lyfja hf.	Hlíðasmára 1	201	Kópavogi	Tönskóli Sigursv D. Kristinss	Engjateigi 1	105	Reykjavík
Félag verslunar og skrifstofufólks	Skipagötu 14	600	Akureyri	Lögmannafélag Íslands	Álftamýri 9	108	Reykjavík	Tönsport ehf	Strandgötu 3	600	Akureyri
Félagsbústaðir hf.	Hallveigarstíg 1	101	Reykjavík	Lögmenn Höfðabakka ehf	Höfðabakka 9	110	Reykjavík	Trésmíðja Helga Gunnarssonar ehf	Bogabraut 22	545	Skagaströnd
Fiskmarkaðurinn ehf.	Aðalstræti 12	101	Reykjavík	Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf	Gullhelli 1	220	Hafnarfirði	TV - verk ehf	Strandgötu 37	460	Tálknafjörður
Fjallasýn Rúmars Óskarssonar ehf	Hrisateigi 5	641	Húsavík	Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Sólhvölsögútu 4	150	Reykjavík	Tækniskólinn ehf.	Skólavörðuholti	101	Reykjavík
Fjarðarbrif ehf	Strandgötu 46	735	Eskifjörður	Menntaskólinn að Laugarvatni	Bitruhálsi 1	110	Reykjavík	Tæknibjónusta Vestfjarða ehf	Aðalstræti 26	400	Ísafjörður
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Pósthólf 120	550	Sauðárkróki	Mjólkursamsalan ehf.	Háholti 13-15	270	Mostellsbær	Umstlag ehf.	Lágmúla 5 (bakkús)	108	Reykjavík
Fjölsmíð ehf	Stapahrauni 5	220	Hafnarfjörður	Mostellsbakari	Flötum 31	900	Vestmannaeyjar	Upptekid ehf	Viðihlíð 6	105	Reykjavík
Fjölsmíðshérað	Lyngási 12	700	Egilsstaðir	Nethamar ehf	Þverholt 8	270	Mostellsbær	Útgerðarfélagið Sæfari ehf	Hrauni	551	Sauðárkrókur
Flúðasveppir	Garðastíg 8	845	Flúðir	Nonni líti ehf	Klettargörðum 11	104	Reykjavík	VA arkitektar ehf	Borgartúni 6	105	Reykjavík
Framhaldsskólinn í A-Skattaf	Nýheimum	780	Höfn í Hornafirði	Nyi ökuskólinn ehf	Stórhöfða 37	110	Reykjavík	VAL-AS ehf.	Suðurhrauni 2b	210	Garðabæ
Frár ehf.	Hásteinsvegi 49	900	Vestmannaeyjum	Orka ehf	Tunguhálsi 3	110	Reykjavík	Vatn ehf	Skólagerði 40	200	Kópavogur
G.A. verktakar sf	Austurfold 7	112	Reykjavík	Ós ehf	Illugagötu 44	900	Vestmannaeyjum	Verkstæði ehf	Lækjamesi	270	Mostellsbæ
Gallarar ehf	Lónsbraut 2	220	Hafnarfjörður	Ósal ehf	Tangarhöfða 4	110	Reykjavík	Vernd, fangahjálp	Laugateigi 19	105	Reykjavík
Garðabær	Garðatorgi 7	210	Garðabær	Pipulagnabj. Bjarna Fannberg Jónasson ehf	Melateigi 31	600	Akureyri	Vetrarsól ehf	Askalind 4	202	Kópavogur
Garðyrkjustöðin Varmalandi	Reykholtsdal	320	Reykholti Borgarfirði	Pottagaldrar	Laufbrekku 18	200	Kópavogur	Vélaverkstæði Sigurðar Bjarnasonar ehf	Hátúni	611	Grimsey
Geislataekni ehf, Laser-bjónustan	Suðurhrauni 12c	210	Garðabær	Poulsen ehf	Skeifunni 2	108	Reykjavík	Vélaverkstæði Þór ehf	Pósthólf 133	902	Vestmannaeyjum
Gjögur hf.	Kringlumni 7	103	Reykjavík	Raf- og lofttrástjónustan ehf	Súðarvogi 20	104	Reykjavík	Vélsmiðjan Harka hf	Hamarshöfði 7	112	Reykjavík
Glaður ehf	Íraðarstíg 1	415	Bolungarvík	Rafmiðlun hf.	Ögurharfi 8	203	Kópavogi	Viðskiptabjónusta ÁGG ehf	Dalvegi 16d	201	Kópavogur
Grunnskólinn í Sandgerði	Skólastræti	245	Sandgerði	Rafsvið sf	Viðarhöfða 6	110	Reykjavík	Viking Life-Saving Equipment á Íslandi ehf.	Íshelli 7	221	Hafnarfirði
Guðmundur Arason ehf	Skútuvogi 4	104	Reykjavík	Raftákn ehf	Glergata 34	600	Akureyri	Vimulaus æska - Foreldrahús	Suðurlandsbraut 50	108	Reykjavík
Gunnar Eggertsson hf.	Pósthólf 4242	124	Reykjavík	Rangá sf.	Skipasundi 56	104	Reykjavík	Visir félag skiptstjórnarmanna á Suðurnes	Hafnargata 90	230	Reykjanesbær
Hafnarfjarðarþær	Strandgötu 6	221	Hafnarfjörður	Ráðhús ehf.	Engjavegur 29	400	Ísafjörður	Þór félag stjórnaenda	Pósthólf 290	222	Hafnarfjörður
Hafnarfjarðarhöfn	Óseyrarbraut 4	220	Hafnarfjörður	Renniverkstæði Jóns Þorgir ehf	Súðarvogi 18	104	Reykjavík	Þór hf	Krókhálsi 16	110	Reykjavík
Hagall - Árni Reynisson ehf	Skipholti 50d	105	Reykjavík	Reykjalundur	Reykjalundi	270	Mostellsbær	Þrymur hf., vélsmiðja.	Suðurgötu 9	400	Ísafirði
Hagi ehf	Stórhöfða 37	112	Reykjavík	Reynir bakari ehf	Dalvegur 4	200	Kópavogur	Þörungaverksmiðjan hf.	Reykholum	380	Reykholahreppur
Halldór Jónsson ehf.	Skútuvogi 11	104	Reykjavík	Réttingaverkstæði Jóa ehf	Dalvegi 16a	201	Kópavogi	Æco bílar ehf.	Njardrabraut 19	260	Reykjanesbæ
Hamraborg ehf	Hafnarstræti 7	400	Ísafjörður								



HOLTSVEGUR 37-39

Glæsilegt útsýni úr vel skipulögðum þakíbúðum í Urriðaholti í Garðabæ

OPIÐ HÚS



Opið hús á morgun kl. 14-16, sunnudaginn 9. október.

Einstaklega vel útbúnaðar þakíbúðir. Heitt á könnunni.

Verið hjartanlega velkomin í íbúð 501, Holtsvegi 37.

Fáðu nánari upplýsingar á www.mannverk.is





Enn þá meinilla við kakkalakkana

Helga Friðriksdóttir býr í Perth í Vestur-Ástralíu. Þar er hún heima-vinnandi húsmóðir sem býr til og selur skartgripa á mörkuðum og á vefsíðunni etsy.com. Hún flutti til Ástralíu árið 2005 til að fara í mastersnám í alþjóðasamkiptum.

„Ætlunin var að fara aftur heim að námi loknu en eftir aðeins þriggja vikna dvöl hitti ég einn ástralskan, varð ástfangin og upprunalega planið breyttist í kjölfarið. Við fluttum saman til Íslands árið 2007 og bjuggum þar í tvö og hálf ár ásamt elsta syni okkar. Í febrúar 2010 fluttum við svo aftur til Ástralíu og höfum verið hér síðan.“

Gætirðu lýst hefðbundnum degi hjá þér? „Maðurinn minn, sem er verkfræðingur, vinnur í raforkuveri í tæplega 1.200 kílómetra fjarlægð frá Perth. Hann fer til vinnu eldsnemma á mánudagsmorgni og kemur aftur heim á fimmtudagskvöldi. Þetta vinnufyrirkomulag kallast FIFO (fly in fly out) og hefur verið nokkuð algengt hérna í Vestur-Ástralíu síðastliðin tuttugu ár. Ég er því nokkurs konar sjómanskona í miðri viku. Hefðbundinn dagur hjá mér felst í því að fylgja tveimur eldri sonum mínum, fimm og tíu ára, til og frá skóla, sjá um litla sex mánaða strákinn minn og búa til hálsmen þegar tími gefst. Um helgar förum við fjölskyldan venjulega á einhvern af fjölmörgu

flottu leikvöllunum hérna í Perth og á sumrin förum við að minnsta kosti einu sinni í viku á ströndina.“

Tók tíma að aðlagast nýju landi og menningu? „Fyrst þegar ég kom hingað var ég mjög hrædd við skordýr. Ég þurfti undantekningarlaust að fá hjálp við að fjarlægja köngulær og önnur skordýr úr húsinu. Nú er ég

orðin mun vanari öllu þessu smáa lífi í kringum mig og ég ræðst í verkið sjálf eða ég leyfi einfaldlega skordýrunum að vera í friði. Hins vegar er mér enn þá meinilla við kakkalakkana og mér finnst afar ólíklegt að ég muni einhvern tímann öðlast þann kjark að geta náð þeim sjálf með klósettpappír og sturtað ofan í klósett. Þeir eru svo örri í hreyfingum og það vekur óhug hjá mér. Það tók mig líka svolitinn tíma að aðlagast húskuldanum hérna á veturna. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því áður en ég flutti hingað hversu kalt verður í Ástralíu á veturna og þá sérstaklega inni í húsumum sem eru oftar en ekki illa hituð upp. Menningin hér er frekar svipuð íslenskrri menningu og það tók mig því ekki langan tíma að aðlagast henni. Það er þó eitt og annað sem er aðeins frábrugðið og má þá kannski nefna ólíka drykkjarhætti Ástralanna. Hér er fólk oft að drekka áfengi alla daga en er þá kannski aðeins að fá sér einn eða tvo bjóra á kvöldin eða eitt vinglas.“

Hvað þótti þér mest framandi? „Mér fannst strax mjög framandi að sjá áströlsku frumbyggjana, og þá sérstaklega þá sem spila á didgeridoo niðri í miðborginni fyrir pening. Einnig fannst mér matarmenningin framandi hérna.“



MENNINGIN HÉR ER

FREKAR SVIPUÐ ÍSLENSKRI

MENNINGU OG ÞVÍ TÓK

ÞAÐ EKKI LANGAN TÍMA

AÐ AÐLAGAST

Fögur er hlíðin

Fjöldi Íslendinga heldur út til náms eða vinnu á ári hverju. Fréttablaðið heyrði sögur nokkurra brottfluttra Íslendinga sem hafa búið sér heimili víðsvegar um heiminn en eiga það allir sameiginlegt að sakna fólksins heima, vatnsins og náttúrunnar.

Draugur í skólastofunni í Singapúr

Kristín Björg Viggósdóttir er búsett í borgrikinu Singapúr í Suðaustur-Asíu þar sem hún starfar sem dance movement þerapisti í forskóla fyrir yngri börn. Kristín og fjölskylda hennar fluttu til borgarinnar fyrir rúmum fjórum árum vegna vinnu eiginmanns hennar.

Geturðu lýst hefðbundnum degi: „Flesta virka daga vakna ég klukkan sex og fer með eldri dóttur mína í stræti í skólann um sjöleytið. Ég vinn tvo og hálfan dag í viku svo ég fer beint í vinnuna með lest ef ég er að fara í vinnuna. Þar er ég mjög upptekin allan daginn og sé um hópastarf fyrir börn þar sem ég nota tónlist, dans og leik til að efla þroska þeirra og styðja þau á svo margan hátt. Í hverfinu sem ég vinn í búa fáir af vestrænum uppruna og því finnst mér ég fá góða innsýn í menningu heimamanna. Það sem mér þykir oft merkilegt að sjá er til dæmis líkkaða úti á torgi þegar búddisti hefur látist eða að sjá sjá fólk færa liðnum fjölskyldumeðlimum gjafir eins og hrísgrjón og gervipeninga. Það kemur fyrir að fjölskyldur barnanna í skólunum mínum segi okkur frá því að það sé draugur í skólastofunni eða að barnið þeirra hafi verið andsetið. Þetta er oftast nær fólk af mismunandi trúarbrögðum og það er borin fullkomin virðing fyrir hjátrú sem þessari. Ég

kem svo heim milli sex og sjö á kvöldin, borða og eyði tíma með fjölskyldunni. Á frídögum nýt ég þess að vera með stelpunum mínum og sækja þá eldri í skólann. Við förum oft á kaffihús og borðum hádegismat í verslunarmiðstöð í

nágrengninu en yfir daginn er oft óbærilega heitt og rakt og ekki hægt að vera úti lengi í senn. Seinni partinn förum við oft í sund sem er í blokkinni okkar en flestar blokkir eru með sundlaugar sem kemur sér vel í hitanum. Einn morgun í viku kenni ég jóga niðri á strönd sem er fimm mínútur í burtu frá okkur.“

Tók tíma að aðlagast nýju landi og menningu? „Ég hef ekki búið á Íslandi síðan 2005; bjó rúm þrjú ár í Bretlandi, fjögur ár í Hollandi og nú fjögur ár í Singapúr. Þannig að ég er orðin svolitíð reynd á þessu sviði en hins vegar tekur mig alltaf að minnsta kosti ár að aðlagast og sérstaklega þegar staðurinn er ólíkur frá því sem maður á að venjast. Það sem mér þótti og þykir enn erfiðast er veðurfarið. Singapúr er við miðbaug sem þýðir



ad það er um 30 stiga

hiti og 70% raki alla daga ársins. Þetta gerir það að verkum að ég er minna úti en ef ég byggi í aðeins kaldara loftslagi. Í fyrstu fannst mér spennandi að prófa matinn hér en svo varð ég líka svolitíð þreytt á honum en nú hef ég fundið ákveðið jafnvægi milli vestræns og asiðs matar.“

Hverjir eru helstu kostir landsins? „Hér er býr fólk af mismunandi uppruna og trúarbrögðum í fullkominni sátt og samlyndi – nokkuð sem er fáheyrt í öðrum löndum. Hér ríkir fullkomið trúfrelsi. 33% eru búddistar, 11% taóistar, 14% múslimar, 5% hindúatrúar, 19% kristnir og 19-20% eru trúlausir eða af öðrum trúarbrögðum.“

visir.is Lengri og ítarlegri útgáfu viðtalanna má lesa á Vísi.



LA tekur manni opnum örmum

Dröfn Ösp Snorraddóttir Rozas er sannkallaður þúsundþjalasmiður. Hún starfar sem framleiðandi leikmyndadeildar, heldur úti hlaðvarpi, hannar skart, er eignandi Good Weather kjólafrýrtækisins og leiðsegir Íslendingum um Los Angeles, þar sem hún býr ásamt eiginmanni sínum. Hún flutti til borgarinnar fyrir tæpum átta árum.

Gætirðu lýst hefðbundnum degi hjá þér? „Ef ég er að vinna vakna ég fyrir allar aldir, eða um fimmeleytið. Vinnudagurinn í leikmyndadeildinni er yfirleitt langur, um 12 til 14 tímar á dag. Þegar ég á fri reyni ég yfirleitt að slaka á og hugsa um hvað ég ætti að fá mér skemmtilegt í svanginn, enda um auðugan garð að gresja hérna. Fritíminn fer einnig í að taka upp podcast-ið Englaryk með vinkonu minni Hönnu Eiríks.“

Tók tíma að aðlagast nýju landi og menningu? „Já og nei – þetta ameríska „small talk“ tók svolitíð á sem og það að þurfa að hringja fram í timann og panta hitting en ekki bara detta í hús eins og heima. En sá síður er líka að breytast heima finnst mér.“

Hverjir eru helstu kostir staðarins? „Griðarlegur fjölbreytileiki fólks, menningar og matar enda fólk alls staðar að úr heiminum sem býr hérna. Svo er veðrið alltaf gott og það er frábært að geta farið á tónleika með öllu því tónlistarfólki sem mann dreymir um að sjá þar sem allir koma fram í LA á tónleikaferðalögum sínum.“

Er eitthvað í menningunni í landinu sem heillaði þig það mikið að þú hefur gert það að þínu eigin? „Ég geri mér kannski ekki grein fyrir því enn sem komið er, en matarmenningin og kaffimeningin hefur áhrif á mann, auk þess sem manni hefur lært að vera ekki stundvís, það virkar ekkert ógurlega vel hér.“

Hefur dvölin mótað þig á einhvern hátt? „Já, hún hefur óneitanlega gert það. Ég var alltaf mikil áhugakona um mat og að ferðast en eftir að hafa flutt hingað þá er ég orðin massífur „foodie“ og elti uppi góðan mat hvar sem hann er að finna. Svo er meiriháttar að hafa aðgang að tugum flugfélaga sem fljúga hvert sem er fyrir ferðaljónið í mér.“

Hvernig er viðmót heimamanna gagnvart útlendingum? „Mjög opið. Þeir taka manni opnum örmum, það er að segja ef maður er sjálfur opin.“

Hvers saknarðu mest frá Íslandi? „Fólksins míns, fjölskyldu og vina og náttúrunnar.“

Hefurðu hug á að flytja aftur til Íslands? „Bæði og, ég er ekkert að deysja yfir tilhugsuninni að skafa af bilnum mínum í myrkri svona í febrúarkuldanum en mig langar samt líka að eiga lítið gistiheimili úti á landi á Íslandi.“

Lærst að vera óstundvís

Hédinn Halldórsson er sérfræðingur í upplýsingamálum hjá UNICEF í Beirút, höfuðborg Líbanon. Þar hefur hann verið búsettur í um átta mánuði en áður bjó hann í Jemen og Jórdaníu og hefur í raun verið fjarri Íslandi meira og minna í þrettán ár.

Gætirðu lýst hefðbundnum degi hjá þér? „Ég vakna yfirleitt klukkan sex og fer í rækt áður en ég fer í vinnu. Landsskrifstofa UNICEF í Líbanon er sú stærsta í heimi, með 180 manna starfslíð. Yfirleitt er ég tvo daga vikunnar í flóttamannabúðum Sýrlendinga að taka á móti fréttateymum, ljósmyndurum og landsnefndum UNICEF og þrjá daga vikunnar er ég á kontórnum að svara fyrirspurnum blaðamanna, klippa efni, skrifa ræður, og vinna kynningarefni. Vinnudögumum lýkur yfirleitt klukkan sjö að kvöldi, og þá fer ég oft út að borða með kollegum eða elda heima með vinum. Helgarnar eru oftast notaðar í afslöppun eða ferðalög, en stundum teygir vinnan sig líka inn í helgarnar þar sem við þurfum að vera til taks hvenær sem er.“

Tók tíma að aðlagast nýju landi og menningu? „Það tók alls engan tíma að aðlagast, ég þekkti landið og héraðið vel þegar ég flutti, og lífið í Beirút er mjög svipað því sem gengur og gerist í evrópskri borg, hér gerirðu nákvæmlega sömu hluti og þú myndir gera í Reykjavík eða London.“

Hverjir eru helstu kostir staðarins? „Veðrið, maturinn sem breytist eftir árstíðum og hugarfar Líbananna, þeir eru góðir í að taka einn dag í einu.“

Er eitthvað í menningunni í landinu sem heillaði þig það mikið að þú hefur gert það að þínu eigin? „Ég geri mér kannski ekki grein fyrir því enn sem komið er, en matarmenningin og kaffimeningin hefur áhrif á mann, auk þess sem manni hefur lært að vera ekki stundvís, það virkar ekkert ógurlega vel hér.“

Hefur dvölin mótað þig á einhvern hátt? „Að hlusta á sögur fólks á flótta, sem er jú bara fólk eins og ég og þú, hefur alltaf sterk áhrif á mann. Það ættu allir að gera bara til að komast upp úr eigin nafla stundarkorn, en þar fyrir utan vinn ég líka með hæfum hópi fólks frá öllum heiminum, og af því lærir maður alltaf mikið.“

Hvernig er viðmót heimamanna gagnvart útlendingum? „Afskaplega jákvætt, Líbanar eru virkilega gestrisið og gott fólk.“

Hvers saknarðu mest við Ísland? „Ég sakna heita vatnsins, fjölskyldu og vina, og í rakanum og hitanum í júlí og ágúst saknaði ég kuldans. Og skyr!“

Hefurðu hug á að flytja aftur til Íslands? „Nei, ekki í bráð. Sérhæfingin í minni vinnu er töluverð, auk þess sem mér finnst gott að vinna í alþjóðlegu umhverfi og fyrir SP, þannig að Ísland býður upp á fáa atvinnumöguleika.“

Hofakur 5


210 Garðabær
Vönduð og falleg eign

Stærð: 157,3 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2006
Fasteignamat: 47.200.000

RE/MAX
Senter



OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 9. OKTÓBER KL. 14:00-14:30 Verð: 59.900.000



RE/MAX Senter og Guðlaugur kynna mjög vandaða og vel skipulagða 5 herbergja 141,9 fm íbúð á 2 hæð til hægri í mjög snyrtilegu, viðhaldsittu og nýlegu fjölbýli með lyftu.

Þrjú svefnherbergi, eldhús opið inn í borðstofu og stofu, gólfefni er eikarplanka parket, eldhúsinnrétting úr eik með granit eldhúsbörðplötum ásamt góðum eldhústækjum. Útgengi er út frá stofu út á stórar 8. fm suður svalir með svalalokunum. Baðherbergi er flíslagt í hólf og gólf með gólfhita ásamt bæði baðkari og sturtu og fallegri baðinnréttingu. Þvottahús innan íbúðar með gólfhita og flisum á gólf. Stór 15,4 fm sérgeymsla er í kjallara sameignar.

Samtals er íbúð og geymsla 157,3 fm ásamt sérmerkt bílastæði í lokaðri bílageymslu með aðgengi að þvottastöðu innan bílageymslu og sér dekkjageymslu fyrir íbúa sameignar.

Guðlaugur Jónas
Sölufulltrúi
661-6056
gull@remax.is

Vigdís Rós.
Lögg. fasteignasali
414 4700
vigdis@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Stakkholt 2b, íbúð 202

105 Reykjavík
Glæsileg íbúð með bílageymslu


Stærð: 97 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2015
Fasteignamat: 40.250.000

RE/MAX
Senter



Opið Hús

OPIÐ HÚS á sunnudaginn 9. okt frá kl. 16:00-17:00 Verð: 51.900.000



RE/MAX Senter kynnr stílhreina, bjarta og vel skipulagða 3ja herbergja íbúð með suður svölum á 2. hæð í viðhaldsléttu lyftuhúsi.

Íbúðin skiptist í forstofu, 2 svefnherbergi, opna stofu með útgengi út á svalir, eldhús með uppþvottavél, baðherbergi og þvottastöðu innan íbúðar. Sér geymsla er í sameign.
Mjög rúmgott sérbílastæði í lokuðu bílastæðahúsi er staðsett beint við innganginn.
Vandaðar og stílhreinar innréttingar frá GKS og eldhúttæk frá Electrolux.

Íbúðin er frábærlega vel staðsett í miðbænum, söfn, kaffihús, veitingahús, verslanir, sundhöll Reykjavíkur, gönguleiðir o.fl.
Góð eign sem áhugavert er að skoða

Ingunn H Nielsen
Sölufulltrúi
611 6007
ingunn@remax.is

Vigdís Rós.
Lögg. fasteignasali
414 4700
vigdis@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is


Malarás 4

110 Reykjavík

Opið hús mánudaginn
10. okt. kl. 18:00 - 18:30

Stærð: 345 fm
Fjöldi herbergja: 10
Byggingarár: 1980

RE/MAX
Senter



Opið Hús



RE/MAX SENTER KYNNIR:

Glæsilegt einbýlishús tveimur hæðum á vinsælum stað fyrir ofan Elliðaárdalinn í Árbæ.

Húsið er vandað og sérlega vel viðhaldið.

Verð: Tilboð óskast

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 414 4700 - www.remax.is

Fáfnisnes 7

101 Reykjavík

Stærð: 106 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1990

RE/MAX
Senter



Opið Hús

OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 10.OKT 19:30-20 Verð: 49.900.000

Fallegt parhús á tveimur hæðum í Skejfarfirði. Þrjú herbergi - stofa og tvö svefnherbergi. Útgengt frá eldhúsi út á svalir og þaðan út í garð.

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Vallakór 2c

203 Kópavogur
4ra herb. stórar svalir, bílastæði

Stærð: 123,7 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2014
Fasteignamat: 37.500.000

RE/MAX
Senter



Opið Hús

opið hús á mánd. 10 okt kl.18.00-18.30 Verð: 41.500.000

RE/MAX SENTER KYNNIR: Íbúð með 24fm svölum við Vallakór 2. Um er að ræða fallega og rúmgóða 4ra herbergja íbúð með stórum svölum (24fm). Eigninni fylgir staði í bílageymslu. Eignin skiptist í stofu, eldhús, borðstofa, eldhús, hjónaherbergi, fataherbergi, baðherbergi, barnaherbergi, anddyri, þvottahúsi og geymslu. Allar innréttingar og innihúðir eru sérsníðaðar. Íbúðirnar er með parketi á gólfum nema á baðherbergjum, þvottahúsi og forstofu, þar koma flisar á gólf.

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Lokastígur 16

101 Reykjavík
Falleg íbúð góðum stað í 101

Stærð: 48,9 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1940
Fasteignamat: 20.500.000

RE/MAX
Senter



Opið Hús

Mánudaginn 10.október kl.17:30-18:00 Verð: 29.900.000

Falleg og vel skipulögð 2ja herb. íbúð á mjög góðum stað í rólegri götu í miðbæ Reykjavíkur. Íbúðin er með einu svefnherbergi, endurnýjað harðparket á gólfum, nýlega máluð að innan. Tvær geymslur fylgja íbúðinni sem eru ekki inni í skráðum fm á íbúðinni. Önnur er í sameign í kjallara og hin er útgeymsla. Húsið hefur fengið mjög gott viðhald og búið er m.a. að skipta um allt gler í húsinu, yfirfara þak, nýjar þakrennur, stítagangur er með nýju teppi og nýmálaður. Sameiginlegur bakgarður.

Jóhanna Gustavsdóttir
Sölufulltrúi
698-9470
johanna@remax.is

Vigdís Rós.
Lögg. fasteignasali
414 4700
vigdis@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Grettisgata 31

101 Reykjavík
Björt íbúð og góð lofthæð

Stærð: 81,2 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1947
Fasteignamat: 28.050.000

RE/MAX
Senter



OPIÐ HÚS SUNNUD. 9.OKT KL.16:00-16:30 Verð: 34.900.000

RE/MAX Senter og Guðlaugur kynna stóra og bjarta 2 herbergja íbúð með góðri lofthæð á þriðju hæð til hægri í mjög snyrtilegu fjölbýli með sameiginlegum þremur svölum sem snúa til norðurs. Svefnherbergi er mjög rúmgott og bjart með glugga til norðurs og með góðu skáplássu. Tvær samliggjandi bjarta stórar stofur með gluggum sem snúa til suðurs. Möguleiki er að gera aukaherbergi úr annaðhvort annari stofunni eða eldhúsi sem er með færanlega eldhúsinnréttingu. Baðherbergi er flíslagt með sturtu.

Guðlaugur Jónas
Sölufulltrúi
661-6056
gull@remax.is

Vigdís Rós.
Lögg. fasteignasali
414 4700
vigdis@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is



Jóhanna þiggur mörg góð ráð frá Einari K. Guðfinnssyni sem er að segja skilið við stjórnmal eftir aldarfjórðung. Meðal þess sem hann ráðleggur er að sinna starfinu af ástríðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Á rökstólum

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Neistinn má ekki slokkna á þingi

Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, hættir á þingi eftir 25 ára starf. Hann settist niður með **Jóhönnu Guðmundsdóttur** sem er að hefja afskipti af stjórnmalum og gaf henni ráð. Sverð og beinafund í Skaftártungum og skólafrí í grunnskólum bar líka á góma.

Einar K. Guðfinnsson býður Jóhönnu Guðmundsdóttur til sætis á skrifstofu sinni á Alþingi. Þau eru að hittast í fyrsta skipti. Jóhanna starfar sem framkvæmdastjóri hjá HR og er að hefja afskipti af stjórnmalum af alvöru í fyrsta sinn á ævinni, þó hún hafi tekið virkan þátt í starfi R-listans á sínum tíma og verið í stjórn Ungra jafn- aðarmanna fyrir margt löngu.

Einar, hvaða ráð myndir þú gefa Jóhönnu sem er að stíga sín fyrstu skrefi stjórnmalum?

Einar: „Stjórnmalin eru fyrst og fremst hugsjónir, ástríða og löngun til þess að láta gott af sér leiða, ná einhverju fram. Það gerist ekki bara með því að vera áhugasamur um verkefnið. Þingmennskan er ekki síst mjög mikil vinna. En ef maður leggur sig fram og vinnur af kappi þá eru möguleikar á því að eitthvað af hugsjónum manns rætist.“

Jóhanna: „Ég imynda mér að störf stjórnmalanna séu eins og störf flestra annarra, að því leyti að fólk nær ekki árangri nema það leggi sig allt fram. Ég er vön því, enda hef ég aldrei verið í vinnu þar sem maður þarf ekki að leggja mikið á sig til að ná árangri. Það sem er frábrugðið er að á þessum vinnustað fara rökræður og ákvarðanatöku fram fyrir opnum tjöldum og oft í fjölmiðlum. Það sem sést einna helst út á við eru átökin og síður vinnan sem hér er unnin frá degi til dags, til dæmis í nefndum þingsins. Ég held þó að Alþingi hljóti að vera afskaplega lifandi og skemmtilegur vinnustaður og þeir sem þar vinna njóta þeirra forréttinda að geta mótað samfélagið út frá sinni réttlætishugsun.“

Einar, breytist það ekki þegar þið farið upp í matsal? Eruð þið þar ekki bara að sprella?

Einar: „Jú, vissulega verða til vináttubönd þvert á flokka. Og það er auðvitað mjög ánægjulegt. En stjórnmalin eru vitaskuld átök því við erum með ólíkar skoðanir en það þarf ekki að útiloka vináttu við fólk með aðrar skoðanir. Niðurnjörvuð umræða sem leyfir ekki pólitískum átökum að brjótast út er ekki eitthvað sem maður myndi vilja sjá. Hins vegar þarf að gæta

hófs – ef átökin ganga of langt og fara úr böndunum kemur það líka niður á öðrum sem vilja koma á framfæri sínum málum.“

Jóhanna: „Er þitt starf líkt því að vera framkvæmdastjóri fyrirtækis, eða verkstjóri?“

Einar: „Ég hugsa að ég vilji frekar vera kallaður verkstjóri. Ég er stundum spurður að því hvort ég sjái ekki til þess að fólk mæti í vinnuna. Þá minni ég á að vinnuveitandi alþingismanns er ekki forseti Alþingis. Kjós- endurnir eru vinnuveitendurnir.“

Það er sum sé enginn tekinn ræki- lega á teppið hér inni á skrifstofu forseta Alþingis?

Einar: „Nei, en eðlilega er því ekki tekið vel ef fólk mætir illa til starfa sinna á Alþingi. Sérstaklega á þingfundum. En þá er þess að gæta líka að þingmannsstarfið er fjölbreytt og mikil vinna fer fram í nefndum þingsins, við undirbúning og vegna margs konar skuldbindinga utan þings í kjördæmum og erlendum samskiptum.“

Jóhanna: „Þá er þingmaður ekki í salnum og fólk kann ekki að meta það.“

Einar: „Já. Ég hef haldið því fram að menn komist bara upp með það að sinna verkefnum sínum slæga í smá tíma. En það kemst jafnan fljótlega upp um strákinn Tuma. Kjós- endur sjá í gegnum það. Við vinnum nefnilega fyrir opnum tjöldum.“

Jóhanna: „Ég sjálf hef alltaf þurft að vinna svolítið mikið. Ég gúglaði þig og þú hefur starfað sem útgerðar- stjóri í Bolungarvík. Er þetta nokkuð öðruvísi en slík störf?“

Einar: „Þingmennskan er í mínum huga alveg einstætt starf fyrir margra

hluta sakir. En það breytir því ekki að í þessu starfi eins og öðrum nær fólk árangri með því að leggja mjög hart að sér. Íslendingar vinna almennt mikið og leggja hart að sér. Það held ég að eigi við um marga þingmenn líka.“

Jóhanna: „Ef maður er alinn upp í sjávarplássi og sveit þá er maður vanur því að ganga í verkin. Ef þarf að moka flórinn, þá gerir maður það bara.“

Jóhanna er fædd og alin upp fyrstu árin að Ytri-Rangá í Skaftártungum þar sem nýverið fundust bein og sverð frá landnámsöld. Hvað haldið þið um þennan merka fund? Hver átti sverðið og hverra bein eru þetta?

Jóhanna: „Því er haldið fram að sverðið hafi mögulega tilheyrð Hró- ari Tungugöða og ég sé enga ástæðu til að rengja það. Kannski ég hafi leikið mér að þessum lærlegg úr kumlinu þegar ég var litil, þá notuðum við bein úr dýrum til að líkja eftir vinnunni í sveitinni, það væri nú ekki ónýtt!“

Einar: „Ég ætla að leyfa mér að viðhalda goðsögninni, af því að hún verður ekki afsönnuð. Þetta er auðvitað goðinn.“

Einar, er ekki kominn tími til þess að Alþingi verði fjölskylduvænni vinnustaður?

Einar: „Jú, við verðum að gera það eins og hægt er og ég fullyrði að það hefur breyst í rétta átt á mínum þingmannsferli. Sem dæmi get ég nefnt að mér hefði aldrei dottið í hug að leggja fram þá afsökun, að sitja ekki þingfund, nefndarfund eða mæta ekki á viðburði í kjör- dæmi vegna fjölskylduádstæðna. Í dag er þetta réttilega hins vegar talið

eðlilegt en þegar ég horfi til baka þá sér ég auðvitað að börnin mín guldu fyrir þetta viðhorf mitt forðum.“

En mér finnst þó þrátt fyrir breytt viðhorf ekki nægjanlegur skilningur á því í samfélaginu þegar við reynum að sveigja skipulag þingsins að þörfum barnafjölskyldna. Ég nefni lítið dæmi. Við vorum ekki með þingfundi á sama tíma og skóla- fríin en höfðum þá á degi sem ella hefðu ekki verið þingfundir. Fyrir þetta vorum við sproksett og jafn- vel í einhverjum tilvikum innan þingsins. En þó við viljum öll gera þingmannsstarfið fjölskylduvæna þá vil ég undirstrika að það er ekki og verður aldrei 9-5 starf þar sem allt er fyrirsjáanlegt.“

Svo eigum við vitaskuld að vera með folki í okkar kjördæmum í gleði og sorg, taka þátt í fundum og starfi utan þingsins. Og svo má auðvitað ekki gleyma því að margir þingmenn búa hreint ekki í Reykja- vík og eru fjarri fjölskyldum sínum langtíma saman fyrir vikið. En ég tek eftir því að þeir þingmenn kveinka sér aldrei undan þeirri aðstöðu.“

Við sem erum þingmenn verðum að sætta okkur við sérstöðu þing- mannsstarfsins. Frægasti frasinn sem mér er eignaður á mínu heimili, þegar ég get ekki gert eitthvað með fjölskyldunni er samkvæmt konunni minni og börnum: „Sigrún, þetta er vinnan mín.“ En þingmennskan er þrátt fyrir þetta alls ekki kvöð. Þvert á móti. Og svo koma tímar þar sem þingmenn ráða sér miklu meira sjálfir en gengur og gerist í öðrum störfum.“

En vegna þess að talað er um

skólafrí þá er málið ekki svo einfalt fyrir Jóhönnu sem fer alla leið til Suður-Afríku til að vera með börnum manns síns í skólafríi.

Jóhanna: „Maðurinn minn er frá Suður-Afríku og það er skólafrí hjá börnunum hans. Við tókum nokkra daga í kringum helgi til þess að skreppa og heimsækja þau. Þetta er um 12 klukkustunda flug frá London en þess virði. Ég hef þó alltaf reynt eins og mögulegt er að sjá fótbolta- leiki sonar mins og morgunsöng dóttur minnar í skólanum. En auðvitað kemst maður ekki alltaf, og þá vekur það ekki mikla lukku hjá krökkunum, eðlilega.“

Einar, eru börnin þín í skólafríi?

Einar: „Nei, þau eru uppkomin, en það skal fúslega játað að barna- uppeldið, samskipti við skólann og aðstoð við nám og þess háttar hvíldi á henni Sigrúnu minni. Þegar rákust á fjölskylduhagsmunir og vinnan þá véc það fyrrnefnda hjá mér, því miður. Það er best að gangast við því núna þegar ég er að hætta.“

En Einar, hvað á þingmaður ekki að gera?

Einar: „Ég vil svara þessari spurn- ingu svona: Ég hugsaði mig mjög mikið um áður en tók ákvörðun um að hætta. Um það hvort ég væri eins brennandi í andanum og ég þyrfti að vera og hvort ég yrði það á komandi kjörtímabili. Ég var ekki viss. Ég óttaðist að pólitíski neistinn gæti slokknað. Enginn má líta á ákvörð- un sína um að sækjast eftir þing- mannschlutverkinu sem spurningu um framfærslu. Ef einhver óvissa er í huga manns um að maður muni sinna starfinu af hugsjón og ástríðu þá á að láta staðar numið og láta öðrum eftir keflið.“

Jóhanna: „Hvaða ráð myndir þú gefa mér svona í upphafi?“

Einar: „Ég hef hugsað mikið um eðli þingmannsstarfsins og alveg sérstaklega upp á síðkastið. Og mín niðurstaða er svona: Það er eftirsóknarverðasta hlutskipti sem nokkur maður getur fengið í lýð- ræðisríki að þiggja völd frá almenn- ingi í krafti lýðræðislegra kosninga. Það er stöðugt verið að tala niður þetta starf og gera lítið úr hlutverki þingsins og þingmanna. Ef þú verður kosinn á þing þá myndi ég vilja gefa þér það ráð að líta á það sem for- réttindi sem þú nýtur vegna þess að almennungur hefur veitt þér hluta af sínu valdi með atkvæði sínu. Horfa á starfið með þeim augum. Þetta finnst mér vera kjarni þingmannsstarfsins og þess vegna finnst mér það vera svo göfugt.“

ALLT Í STEIK

NAUTALUNDIR
ERLENDAR

Verð aðeins

3999

KR KG



Iceland

ÓPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Kryddaðar sögur

Að vinna við mat, elda og halda veislur er það skemmtilegasta sem Ingibjörg Ásta Pétursdóttir gerir. Hún hélt boð fyrir gamla fastakúnnu Mensu Café og sagði sögur.

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



NOKKUR UNGSKÁLDIN

KÖLLUÐUM VIÐ FRAMTÍÐ

ÞJÓÐARINNAR. ÞEGAR SÁ

HÓPUR KOM Á STAÐINN

ÞÁ VAR KALLAÐ: KAFFI OG

BÖKU HANDA FRAMTÍÐ

ÞJÓÐARINNAR.

Ingibjörg Ásta Pétursdóttir á heima í bárujárnsklæddu húsi á Vesturgötu í miðborg Reykjavíkur. Húsið er götuþrýði og því hefur haganlega verið haldið við í gömlum stíl.

Nágrannar hennar og vegfarendur gleðjast oft yfir ilmi af kökum og mat sem leggur út um eldhúsgluggann. Þannig er það þennan haustdag sem Ingibjörg hefur boðið starfsfólki og fastakúnnu sem sóttu hinn fornfræga stað Mensu Café heim til sín í kökuboð. Margslungna angan af matargerð hennar leggur niður Vesturgötuna og fær nokkra ferðalanga til að snúa sér í hringi.

Til Ingibjargar eru komnar þær Björg Jónsdóttir, Helga Stefánsdóttir kennari, Halldóra Torfadóttir og Kristín Gunnlaugsdóttir myndlistar- maður. Allar fastakúnnar frá Mensu og sumar þeirra unnu í hlutastarfi á veitingastaðnum.

Ingibjörg opnaði Mensu Café eftir margra ára dvöl í Frakklandi þar sem hún tileinkaði sér franska matargerð. Veitingastaðurinn varð upphafið á farsælum ferli hennar í matargerð og veisluhaldi.

„Við vorum eins og gráir kettir á Mensu,“ segir Björg. Þær sitja í boð-

stofunni á meðan Ingibjörg skenkir þeim kaffi. Mensa Café var til húsa á besta stað í bænum, á horninu á Lækjargötu og Austurstræti í Listmunahúsinu og þangað sóttu oft myndlistarmenn. „Ég er stundum kölluð Mensa,“ segir Ingibjörg frá.

„Andinn var svo sérstakur,“ segir Halldóra sem vann á staðnum eitt sumar. „Staðurinn var búinn gömlum húsgögnum og var skemmtilega gamaldags. Þangað kom alls konar



Ingibjörg Ásta býður gestum í kökuboð í anda Mensu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

fólk, þrúðbúnar konur með hatta, unglingar, skáld og listamenn,“ segir hún frá.

„Nokkur ungskáldin kölluðum við framtíð þjóðarinnar. Þegar sá hópur kom á staðinn þá var kallað: Kaffi og böku handa framtíð þjóðarinnar,“ segir Ingibjörg og skellir upp úr. „Það var alls kyns húmor sem fylgdi þessum skemmtilegu fastakúnnu,“ bætir hún við.

Í nýútkominni matreiðslubók

hennar, sem kallast Mensa, er sögur frá staðnum og lífshlaupi Ingibjargar fléttuðar saman við uppskriftir. „Ég segi nokkrar af skemmtilegustu sögunum sem fylgdu staðnum í bókinni. Til dæmis af steinakonunni. Stundum kom til okkar ljúf eldri kona, þegar henni líkaði sérstaklega vel við þjóninn sem færði henni veitingarnar borgaði hún með fallegum steinum. Líklega fannst henni þeir dýrmætari en peningar,“ segir Ingi-

björg sem segist hafa tekið borgun konunnar vel.

Helga, sem starfar nú sem kennari í Melaskóla, aðstoðaði á Mensu þegar mikið var að gera og henni er enn mjög minnisstætt þegar hún færði finum gestum heitt súkkulaði í postulínkönnu. Yfir borðinu gaf kannan sig og heitt súkkulaðið flæddi yfir borðið. „Svo tókum við upp dúkinn og þar voru billyklar gestanna sem var leitað í ofboði,“ segir hún og hlær.

Kristín var ein þeirra ungu listamanna sem sóttu staðinn. „Ég var mikið þarna þegar ég var í námi. Þá fékk maður sér kaffibolla og lét hann duga mjög lengi. Á Mensu var einhver stemning sem maður hafði aldrei kynnst. Það er eftirsjá að þessum stað,“ segir hún. „Þarna fékk maður innblástur og einhverja næringu sem maður hafði ekki fengið annars staðar,“ segir hún og segist hreinlega vonast til þess að einhver taki það að sér að byggja upp slíkan stað aftur. „Þarna var franskur andi og allt svo vandlega gert, þetta þekktist ekki hér á landi á þessum tíma,“ segir Kristín.

Á boðstólum á Mensu voru heimabakaðar kökur og bökur sem urðu fljótt afar vinsælar. „Það þekktist hreinlega ekki að bjóða upp á heimabakaðar kökur,“ segir Ingibjörg.

„Mublurnar, ljósin, stólarnir og súkkulaðið, þetta var nýr og framandi heimur,“ segir Björg. „Við vin konurnar höfðum misst sjónar á henni þegar hún fór til Frakklands. Mér er mjög minnisstætt þegar ég hitti hana nýkomna frá Frakklandi, í síðri glæsilegri hvítri regnkápu. Hún var eins og kvikmyndastjarna,“ segir hún.

Ingibjörg lokaði staðnum árið 1984. „Þá var ég búin að eignast eitt barn. Ég gerði svo margt sjálf, sá meira að segja um bókhaldið sjálf. Ég gat ekki annað þessu og fór að vinna á ferðaskrifstofu í finni dragt. Þá angaði ég ekki eins og kaka eða baka lengur, heldur af finu ilmvatni,“ segir hún og hlær að því tímabili sem hún gekk um borgina með matarangan eins og slóð á eftir sér. „Ég fór kannski í bankann og fólk fór að hnusa út í loftið,“ segir hún glettin.



Eplakaka eins og var bökuð á Mensu Café. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Eplakaka
250 g smjör
250 g sykur
250 g hveiti
5 egg
1 tsk. lyftiduft
1 tsk. vanilludropar
3 græn epli

Hrærið öllu saman í hrærivél, best er að hafa smjórið mjúkt eða við stofuhita. Skrælið eplin og takið kjarnann út. Skerið eplin í hálfmána, ekki mjög þunna. Smyrjið hátt form að innan og hellið deiginu í. Raðið eplablitunum ofan í deigið, stingið mánunum að hálfu ofan í og að hálfu upp úr deiginu. Bakið kökuna í 45 mínútur við 190 gráðu hita, fyrir miðjum ofni.

Veislubökur
Bökudeig fyrir fimmtíu litlar veislubökur
400 g hveiti

200 g smjörvi
1 tsk. salt
2 ½ dl volgt vatn

Nuddið saman í höndunum hveiti, salt og smjörva. Þegar allt er jafnkornótt er vatninu bætt út í og hnoðað varlega saman. Kælt.

Ostabökur
300 g rifinn óðalsostur
4 egg
½ peli rjómi
Múskat milli fingra
50 stk. grænar ólífur

Keflavíkurkaka
fyrir 12
250 g döðlur
1 tsk. matarsódi
120 g mjúkt smjör
5 msk. sykur
2 egg
3 dl hveiti



Gestir í boði Ingibjargar.

Ingibjörg segir að hveiti eigi aldrei að hræra lengi í neina köku

1 tsk. vanilludropar
½ tsk. salt
1 ½ tsk. lyftiduft
(100 g suðusúkkulaði – má sleppa)

Karamellusósa
120 g smjör
115 g púðursykur
½ tsk. vanilludropar
¼ bolli rjómi

Döðlur eru settar í pott og vatn látið fljóta yfir. Suðan er látin koma upp,



Svokölluð Keflavíkurkaka.



Bökur af þrennu tagi voru í boði.

siðan er slökkt undir pottinum og döðlurnar hafðar á hita í 3 mínútur. Matarsódið settur út í maulið og hrært í með sleif.

Maulið látið kólna á meðan smjör og sykur eru þeytt í hrærivél og eggjunum bætt út í smátt og smátt. Hveiti, salti og vanillu bætt út í og hrært saman, en ekki lengi.

Hveiti á aldrei að hræra lengi í neina köku. Maulið er þá sett út í deigið og smátt brytjað suðusúkkulaði í lokin.

Bakið Keflavíkurkökuna í vel smurðu formi í um það bil 40 mínútur við 180 gráðu hita.

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ
THE NORTH FACE Í ÖLLUM
VERSLUNUM ÚTILÍFS ÚT MÁNUDAG

Afnám tolla og gengisbreytingar hafa
skilað sér til viðskiptavina okkar.



VERÐDÆMI:

McMurdo dúnúlpan

Verð áður:

75.990 kr.

Verð eftir afnám tolla
og gengisbreytingar:

59.990 kr.

Verð um helgina:

47.992 kr.



ÚTILÍF

síðan 1974

Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson skrifar um kunnugleg stef í stjórn málasögunni.

Hvergi á byggðu bóli tíðkast að halda jafnlanga kosningabaráttu og í Bandaríkjunum. Í hálf tveggja ára fylglist heimsbyggðin með forkosningum stóru flokkanna tveggja og því næst tekur við álíka löng barátta hinna útvöldu um lykklavöldin í Hvíta húsinu.

Komandi kosningar kunna að virðast einstæðar. Þar takast á annars vegar reyndur Demókrati, Hillary Clinton, með langan stjórnmálaferil en hins vegar athafnamaðurinn Donald Trump sem aldrei hefur gegnt opinberu embætti og er nýggjinn til liðs við Repúblíkana eftir að hafa áður stutt Demókrataflokkinn.

Þegar nánar er að gáð er þessi staða ekki fordæmalaus og minnir hún um margt á aðrar og ekki síður afdrifaríkar kosningar. Þær voru árið 1940.

Óhætt er að segja að Demókratar hafi teft fram reynslubolta í þeim kosningum. Franklin D. Roosevelt var sitjandi forseti með tvö kjörtímabil að baki. Með því að sækjast eftir þriðja kjörtímabilinu gekk hann gegn rötgróinni hefð þess efnis að forsetar sætu ekki lengur en í átta ár. Var uppruni þessarar venju rakinn til Georges Washington, fyrsta forsetans, sem lét af störfum eftir tvö kjörtímabil. Höfðu margir það til marks um að stofnendur Bandaríkjanna hafi talið þennan hámarkstíma nauðsynlegan til að vernda lýðræðið, en aðrir benda á að sjálfur hafi Washington sagst hætta fyrir aldurs sakir.

Haldið fast í völdin

Aðrir þaulsetnir forsetar höfðu látið sig dreyma um þriðja kjörtímabil, en ekki haft erindi sem erfiði. Repúblíkinn Ulysses S. Grant, sem gegndi forsetaembættinu frá 1869-77 gerði tilraun til að snúa aftur árið 1880 en tapaði naumlega í forkosningum flokks síns. Sama máli gegndi um Theodore Roosevelt sem var forseti í tæp átta ár í byrjun tuttugustu aldar. Hann sóttist árangurslaust eftir tilnefningu Repúblíkana fyrir kosningarnar 1912 og bauð sig þess í stað fram sem óháður. Voru þeir Grant og Teddy Roosevelt báðir harðlega gagnrýndir fyrir þessa framgöngu sína.



Kaupsýslumaður í forsetaslag

Woodrow Wilson, sem fór með sigur af hólmi í forsetakosningunum 1912 freistaði þess árið 1920 að næla í þriðja kjörtímabilið. Óvinsældir hans innan eigin flokks komu þó í veg fyrir það og forsetinn hafði það eitt upp úr krafnsinu að spilla fyrir útnefningu tengdasonar síns. Stemningin í næsta fjölskyldubóði hefur væntanlega verið þvinguð.

Franklin D. Roosevelt gat því vísað til ýmissa fordæma þegar hann bauð sig fram í þriðja sinn árið 1940 og enn einu sinni fjórum árum síðar. Benti hann á viðsjárverðra tíma í veröldinni sem rök fyrir því að skipta ekki um leiðtoga. Bandarískir kjósendur féllust á þennan málflutning, en fáeinum árum síðar ákvað Bandaríkjaþing að girða fyrir slíkar þaulsetur forseta



WILLKIE VAR AÐ MÖRGU LEYTI DONALD TRUMP SINNAR KYNSLÓÐAR.

með stjórnarskrárbreytingu sem setti embættinu tímamörk.

Allt fram á síðustu stundu hélt Roosevelt kápunni á báðum öxlum með það hvort hann gæfi kost á sér í þriðja skipti, en þegar að flokksþingi Demókrata kom í júlí 1940 sendi hann út bréf þess efnis að hann myndi þiggja útnefningu. Hlaut forsetinn nánast rússneska kosningu á fundinum. Tveir nánir samverkamenn lentu í sætunum þar á eftir, varaforsetinn og fyrrverandi kosningastjóri hans. Töldu þeir sig báðir svikna, þar sem Roosevelt hefði gefið þeim undir fótinn með framboð.

Hjá Repúblíkönunum stóð slagurinn milli forsetaefnanna lengur og fleiri nöfn voru um hituna. Var flokksmönnum mikið í mun að velja forsetanum af stóli, enda töldu þeir almennt að aðgerðir Roosevelt-stjórnarinnar á kreppuárunum hefðu verið alltof róttækar og jaðrað við sóðalísma.

Forkosningar voru haldnar um Bandaríkin þver og endilöng, en mikilvægi þeirra var miklu minna en síðar varð. Þær voru fremur hugsáðar sem styrkleikamæling eða möguleiki fyrir væntanleg forsetaefni að kynna sig þjóðinni, en bundu ekki hendur flokksþingsins sem haldið var undir lok júnímánaðar.

Þrjú kandidatar virtust sigurstranglegastir. Tveir þeirra, Arthur H. Vandenberg og Robert A. Taft, voru öldungadeildarþingmenn á sextugsaldri. Þriðji maðurinn var ekki nema 38 ára að aldri eða jafn-

gamall og Barack Obama þegar hann tók við embætti. Unglambið hét Thomas Dewey og kom úr allt annarri átt.

Dewey var saksóknari í New York og varð þjóðfrægur árið 1936 fyrir að hafa komið hinum alræmda glæpaforingja „Lucky“ Luciano bak við lás og slá. Hollywood tók ásfóstri við hinn unga og myndarlega stjórnu- lögfræðing með Clark Gable-yfirvaraskeggid og hann varð leynt og ljóst fyrirmyndin að hugprúðum saksóknurum á hvíta tjaldinu.

Stríð fyrir ströndu

Árið 1938 freistaði Dewey þess að hefja stjórnmálaferil í krafti lög-gæslufrægðar sinnar og var nærri orðinn ríkisstjóri í New York. Tveimur árum síðar stefndi hugur hans enn hærra, eða í sjálft Hvíta húsið. Dewey stóð sig einna best í forkosningunum og virtist eiga sigurinn vísan á vormánuðum 1940. En þá gripu atburðir á vettvangi alþjóðamála inn í atburðarásina.

Hitlers-Þýskaland fór sigurför um Evrópu og vorið 1940 féll Frakkland eins og spilaborg. Framvinna stríðsins beindi athyglinni að einu stærsta ágreiningsefni Repúblíkana þar sem annar hlutinn aðhylltist einangrunarstefnu og var á móti því að Bandaríkin skiptu sér af stríðum í fjarlægum löndum, en hinn hlutinn vildi með virkum hætti blanda sér í slík mál til að tryggja bandaríska hagsmunum.

Þeir Vandenberg og Taft tilheyrðu báðir hópi einangrunarsinna og urðu þeir Repúblíkanar sem kölluðu eftir auknum stuðningi við Breta heimsstyrjöldinni því sífellt andsnúnari þeim báðum. Andspænis vaxandi líkum á stórstyrjöld varð ungur aldur og reynsluleysi Deweys honum sífellt meiri fjötur um fót. Hann þótti einfaldlega ekki búgur í að stjórna ríki á stríðstímum.

Þegar leið að flokksþingi fóru þeir Repúblíkanar sem hlynntir voru því að Bandaríkin tækju skýra afstöðu

til hernaðarins í Evrópu að svipast um eftir kandidat. Sá maður var Wendell Willkie, 48 ára lögfræðingur frá Indiana.

Willkie var að mörgu leyti Donald Trump sinnar kynslóðar. Hann varð ungur umsvifamikill athafnamaður og auðgaðist hratt. Fjórðingur hans voru að miklu leyti í raforku-kerfum og fljótlega byggði hann upp viðskiptaveldi í kringum einkareknar rafveitur.

Líkt og Trump, studdi Willkie Demókrata framan af ævi sinni og hafði tröllatrú á Roosevelt þegar hann var fyrst kjörinn forseti. Stjórni Roosevelt fékk heimskreppuna í vöggugjöf og brást við með framkvæmdum sem áttu að skapa störf og auka framleiðni. Einna stærst í sniðum voru risavaxin virkjanaverkefni með byggingu stórra stífla og raforkuframleiðslu.

Þegar fyrirtæki Willkies lentu í beinni samkeppni við rísaorkuver New Deal-stefnu Roosevelt breyttist viðhorf hans ansi hratt. Willkie varð forystumaður samtaka einkareknu raforkuveranna sem áttu í stöðugu stríði við alríkisstjórnina í Washington næstu árin.

Síðla árs 1939 ákvað Willkie að skila inn félagsskírteini sínu í Demókrataflokknum. Fáeinum vikum síðar gerðist hann Repúblíkani og sendi út tilkynningu um að hann myndi ekki skorast undan tilnefningu flokksins til forsetaembættisins.

Hárrétt tímasetning

Willkie ákvað að taka ekki þátt í forkosningum Repúblíkana heldur veðja á þrætefli milli helstu framþjóðenda þegar til flokksþingsins kæmi. Stríðið í Evrópu hjálpaði til því Willkie var talsmaður þess að Bandaríkin styddu Breta með öllum öðrum hætti en beinni stríðsþátttöku.

Frakkar gáfust upp fyrir Þjóðverjum nánast í þann mund sem flokksþingið var sett. Willkie mætti til leiks sigurreifur og kunni að nýta sér fjölmiðla til hins ítrasta. Keppinautarnir höfðu varið mörgum mánuðum í að tryggja sér stuðning í forkosningum, en Willkie eyddi orku sinni í að hafa áhrif á skipuleggjendur flokksþingsins. Lykilræðumenn í dagskránni studdu framboð hans og á undraskjótum tíma tókst að sveigja stemninguna meðal þingfundargesta á þann veg að Willkie væri riddarinn á hvíta hestinum.

Niðurstaða Repúblíkana kom Roosevelt í opna skjöldu, enda hafði hann búist við að afstaðan til stríðsins í Evrópu yrði aðalmál kosninganna. Sú varð ekki raunin með kjöri Willkies enda framþjóðendurnir báðir með keimlíka stefnu – að styðja Breta með ráðum og dáð, en þó ekki þannig að bandarískir hermenn yrðu sendir á vígvöllinn. Ekki hafði Roosevelt þó fyrr unnið kosningarnar á grunnlioförða um að dragast ekki inn í stríðið en hann hóf stríðsundirbúning af krafti.

Pólitískt reynsluleysi hins óvænta forsetaefnis birtist með ýmsum hætti í baráttunni. Willkie var ekki orðvar og kom sér ítrekað í vandræði með glannalegum yfirlýsingum. Þannig lýsti hann því yfir á kosningafundi að hann myndi skipa nýjan ráðherra atvinnumála „... og það yrði svo sannarlega ekki kona!“ Var það lítt dulið skot á sitjandi ráðherra, Frances Perkins sem var um þær mundir eini kvenráðherrann í gjörvallri sögu Bandaríkjanna og féllu ummælin vægast sagt í grýttan jarðveg meðal kvenna.

Í ljósi þessara verður árangur Willkies í kosningunum að teljast ásættanlegur, en hann fékk 45% atkvæða sem var meira en mótframbjóðendur Roosevelt í tveimur fyrri kosningum höfðu náð. Fjórum árum síðar sóttist hann eftir útnefningu Repúblíkana á ný en hafði ekki árangur sem erfiði.

Síðla árs 1944 lést Wendell Willkie einungis 52 ára að aldri. Hann hefur almennt hlotið nokkuð góð eftirmæli í sögunni og verður að teljast óvenjulegasta forsetaefni Repúblíkana... þar til nú.

Fjarlægjum háráðaslit !

Nú er tíminn fyrir háráðaslits- og húðslípimeðferðir Sérhæfum okkur í að fjarlægja háráðaslit í andliti Tilboð út október



ATHUGIÐ !
Erum flutt í
Hraunbæ 102



Snyrtistofan Hafblik

Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

SÍÐASTA HELGIN

ALDREI
MEIRA
ÚRVAL!

BÆKUR
FRÁ
99 KR.

Allt að

90% AFSLÁTTUR

Rýmingarsala
bókaútgefenda

Mörkinni 1
Opið frá 10-18

ALLIR SEM
VERSLA FÁ
BÓK AÐ
GJÖF!




6 kíló á
sex vikum
Áður kr. 6.990
Nú kr. 990



Áfram Ísland
Áður kr. 5.990
Nú kr. 1.100



Erfið samskipti
Áður kr. 4.990
Nú kr. 1.490



Matargatið
Áður kr. 4.990
Nú kr. 990



Hugrækt
og hamingja
Áður kr. 6.490
Nú kr. 990



Förðunar-
handbókin og
Náttúruleg fegurð
Áður kr. 5.990
Nú kr. 1.599



Mínilískur
lífstíll
Áður kr. 3.999
Nú kr. 1.490



Þú ert þinnar
gæfu smiður
Áður kr. 2.490
Nú kr. 990

TÍMAMÓT



Okkar ástkæra eiginkona, dóttir, móðir, tengdamóðir, amma, systir, frænka og vinur,

Jenný Axelsdóttir

Háabergi 39, Hafnarfirði,

andaðist á krabbameinsdeild Landspítalans aðfaranótt fimmtudagsins 29. september sl. Útför fer fram frá Frikkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 11. október nk. kl. 13.00.

Bárður Sigurgeirsson
Sigurgeir Bárðarson
Sandra Björk Ævarsdóttir
Póra Kristín Bárðardóttir
Guðmundur Örn Bárðarson
Póra Þórðardóttir
Anita Eik Sigurgeirsdóttir
Anna Kanthi Axelsdóttir
systkini og aðrir vandamenn.



Bróðir okkar og fóstursonur,

Lárus Viðar Sveinbjörnsson

Reyngi 3, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu laugardaginn 1. október.

Jarðarförin fer fram frá Garðakirkju á Álfanesi mánudaginn 10. október kl. 13.00.

Einar Atli Júlíusson
Kristín Alda Júlíusdóttir
Júlíus Ármann Júlíusson
Júlíus Einarsson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Páll Halldórsson

Sléttuvegi 17, 103 Reykjavík,

lést á Vífilsstöðum laugardaginn 1. október. Hann verður jarðsunninn frá Dómkirkjunni mánudaginn 10. október klukkan 15.00.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Vífilsstaða fyrir góða umönnun og stuðning við fjölskylduna.

Ragnheiður S. Jónsdóttir

Gunnar Pálsson
Sigrún H Pálsdóttir
Halldór Pálsson
Ragnar K. Pálsson
Kristín I. Pálsdóttir
Sturla Pálsson
Ragnheiður Pálsdóttir

Elin Snorradóttir
Eggert Bjarni Ólafsson

Latifa El Bassam
Ib Göttler
Helga Jónsdóttir

og barnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Marías Hjalmar Björnsson

frá Felli í Árneshreppi, til heimilis að Eyrarflöt 6, Akranesi,

lést á dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, þann 2. október sl. Útförin fer fram frá Akranesirkirkju föstudaginn 14. október kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

Ragnar Elías Mariasson
Guðmunda Mariasdóttir
Vignir Smári Mariasson
Einar Indriði Mariasson
Guðlaugur Ingi Mariasson

Theodóra Gústafsdóttir
Guðmundur Guðmundsson
María Páley Gestsdóttir

Drífa Gústafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Mergættvi, hlíða og virðing *Víð andlát ástvarnar*



Ísleifur Jónsson **Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441



Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353

www.usr.is
isleifur@usr.is

Þjónusta allan sólarhringinn

Ungir reynsluboltar halda upp á afmæli

Hljómsveitin Vintage Caravan heldur upp á 10 ára afmælið sitt í ár. Sveitin var stofnuð árið 2006 og þá voru strákarnir einungis 12 ára. Síðan þá hafa þeir baukað margt en sveitin hefur meðal annars gefið út þrjár plötur og túrað Skandinavíu með Europe.

Strákarnir eru þrjátíu fyrir ungan aldur orðnir ansi gamlir í hettunni þegar kemur að tónlistarbransanum, en þeir voru aðeins 12 ára þegar hljómsveitin var stofnuð. Þeir eru nú staddir í Brasilíu þar sem þeir halda upp á afmælið sitt með tónleikum á framandi slóðum.

„Hljómsveitin hefur starfað í 10 ár og verið virk í tónleikahaldi um Evrópu í þrjú ár. Við erum allir á aldrinum 22-26 ára en þetta er í fyrsta sinn sem hljómsveitin ferðast utan Evrópu. Núna erum við 11 þúsund kílómetra að heiman og við eigum 9 tónleika hér í Brasilíu og Argentínu. Við tökum framfarir vonum og við erum að læra nýja hluti á hverjum degi,“ segir Stefán Ari Stefánsson, trommuleikari hljómsveitarinnar.

Ásamt Stefáni skipa þeir Óskar Logi Ágústsson, söngvari og gítarleikari, og Alexander Örn Númasson bassaleikari hljómsveitina. Upphaflega var sveitin stofnuð af Óskari Loga og Guðjóni Reynissyni, en hann hætti í sveitinni árið 2015. Vintage Caravan skrifaði undir samning við þýska þungarokksútgefandann Nuclear Blast eftir útgáfu á sinni annari plötu, Voyage, árið 2012. Síðan þá hefur sveitin brallað ýmislegt og fyrir utan að hafa gefið út sína þriðju plötu, Arrival, árið 2015, þá spilaði bandið á Wacken-hátíðinni árið 2014 og hitaði upp fyrir stórhljómsveitina Europe í Skandinavíu.

„Við erum mikill að passa okkur á moskítóflugum og okkur er aldrei leyft að ráfa um göturnar einir. Það ríkir hér mikil fátækt og landið er núna í sinni verstu fjárhags- og stjórnmálakrisu í 70 ár. Við erum samt búnir að vera ótrúlega heppnir með fólk. Tónleikagestir hafa verið framfarir vonum, ótrúlega hressir og áhugasamir og alltaf hefur skapast ótrúleg stemning á tónleikum,“ svarar Stefán spurður að því hvernig ferðalagið gangi og hvernig viðtökur þeir séu að fá þarna hinum megin á hnettinum.



Vintage Caravan er nú stódd í Suður-Ameríku þar sem freista á þess að meika það.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Við erum allir á aldrinum 22-26 ára en þetta er í fyrsta sinn sem hljómsveitin ferðast utan Evrópu. Núna erum við 11 þúsund kílómetra að heiman og við eigum 9 tónleika hér í Brasilíu og Argentínu.

„Við erum í góðum höndum og þetta tónleikaferðalag er að gera fráþæra hluti fyrir okkur hér í Suður-Ameríku. Við höfum fengið viðtöl hjá stórum fjölmiðlum og útvarpsstöðvum. Þetta er mikil vinna og núna þegar ég skrifa þetta þá höfum við farið í 11 flug á 8 dögum, oft litill nætursvefn og stress en þetta er allt saman algjörlega þess virði. Suður-Ameríka er fráþæra,“ segir Stefán að lokum, en það er ekki ólíklegt að Vintage Caravan snúi aftur til Íslands frá Suður-Ameríku verandi orðnir frægir í heimsálfunni og þá er það ein enn fjöður í hatt hljómsveitarinnar sem eru nokkrar fyrir af löngum ferli þessara ungu rokkara. stefanthor@frettabladid.is

8. OKTÓBER 1967

Che Guevara handtekinn

Eftir að hafa fengið upplýsingar um bækistöðvar Che Guevara og skæruliða hans í Yura umkringdi sérsveit bólivíska hersins búðir þeirra, með fulltingi 1.800 hermanna, þann 8. október 1967 og tók Guevara höndum. Hann særðist töluvert í átökunum við herinn og er sagður hafa gefist upp sjálfviljugur, lagt frá sér byssuna og hrópað: „Skjótid ekki! Ég er Che Guevara og ég er ykkur meira virði lifandi en dauður.“

Eftir handtölkuna var Guevara í haldi í gömlum skóla í þorpinu La Higuera. Hann neitaði staðfestlega að svara þegar yfirmenn í bólivíska hernum reyndu að yfirheyra hann. Það eina sem hann fékkst til að segja var að hann vantaði tóbak, sem hann fékk.



Að morgni 9. október fyrirskipaði forseti Bólivíu, René Barrientos, að Guevara skyldi tekinn af lífi. Bandaríska ríkisstjórnin hafði reyndar farið fram á að hann yrði fluttur til Panama til frekari yfirheyrslna en Bólivíumenn létu það sem vind um eyru þjóta. Til að forðast vandræði fengu þeir drukkinn hermenn, Mario Terán sem átti harma að hefna gegn Guevara, til að skjóta hann og sögðu að hann yrði að láta líta svo út að Guevara hefði fallið í bardaga. Terán fylgdi þeim fyrirmælum dyggilega og skaut hann alls níu skotum í líkamann. Samkvæmt samtímaheimildum voru síðustu orð byltingarforingjans: „Skjóttu mig bara, hugleysinginn þinn. Þú ert bara að drepa mann.“



Ástkær móðir okkar, amma, systir og mágkona,

Kolbrún Árnadóttir Leffel

lést 28. september á Mercy Regional Medical Center í Ohio, Bandaríkjunum. Bálfor hefur farið fram. Minningarathöfn verður haldin síðar.

Kristine G. Leffel
Sigríður Kristmundsdóttir
Kristín Kristmundsdóttir
og barnabarn.

Brian P. Leffel
Freyr Reynisson
Pétur A. Ingvarsson



Ástkær dóttir mín og systir okkar,

Ingibjörg Óskarsdóttir

Suðurgötu 15, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 4. október sl.

Útför hennar fer fram frá Viðistaðakirkju í Hafnarfirði föstudaginn 14. október kl. 13.

Elinborg Ragnarsdóttir
Ragnar Asgeir Óskarsson
Erla Óskarsdóttir
Óskar Jón Óskarsson
Sævar Markús Óskarsson

Aktiva

Honey Nut
Cheerios

SUNNUDAG KL.20:45 

★ Í OPINNI ★
DAGSKRÁ
KL. 20:45
SUNNUDAG

RISASTÓRI AFMÆLISÞÁTTURINN

Logi



Stöð 2 fagnar 30 ára afmæli um þessar mundir og af því tilefni býður hinn eini sanni Logi til veislu í Risastóra afmælisþættinum sínum á sunnudag. Í þáttinn koma rúmlega 20 gestir sem allir eiga það sameiginlegt að hafa verið þátttakendur með einum eða öðrum hætti í 30 ára sögu Stöðvar 2. Logi mun einnig velja besta lagið í sögu Stöðvar 2 og sýnir ýmis atriði sem áhorfendur hafa ekki séð lengi og jafnvel aldrei fyrr. Ekki missa af öllu því besta úr sögu Stöðvar 2 í Risastóra afmælisþættinum hans Loga á sunnudag.

Merkisatburðir

1914 Umsátri Þjóðverja um Antwerpen lýkur með uppgjöf borgarinnar.

1943 Á Hvoli í Mýrdal finnst lífandi leðurblaka og lifir hún í 10 daga. Leðurblaka hafði aldrei áður fundist á Íslandi.

1950 Stofnað er til Afreksmerkis hins íslenska lýðveldis, sem veita má þeim sem leggja líf og limi í hættu við að bjarga öðrum úr lífs-hásku.

1971 TF EIR, þýrta Landhelgisgæslunnar, brotlendir á Rjúpnafelli. Flugmaður og farþegi slappa án meiðsla og höfðu gengið 40 kílómetra frá slysstaðnum er þeir fundust.



Föðurbróðir okkar,
Þorsteinn Kjartansson

Brekustíg 9, Reykjavík,
sem lést föstudaginn 30. september,
verður jarðsunginn frá Hjallakirkju
í Kópavogi miðvikudaginn
12. október kl. 13.00.

**Ingibjörg Guðmundsdóttir og
Oddný Sif Guðmundsdóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Elisa Steinunn Jónsdóttir

er lést 1. október, verður jarðsunginn
frá Neskirkju í Reykjavík miðvikudaginn
12. október klukkan 15.

**Jón Gunnar Schram
Kári Guðmundur Schram
Þóra Björk Schram
Kristján Schram**

**Íris Huld Einarsdóttir
Gunnar Rafn Birgisson
Elizabeth Nunberg**

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
systir og amma,

Jóna Sigríður Gunnarsdóttir

Álfaskeiði 84, Hafnarfirði,
andaðist á kvennadeild Landspítalans
mánudaginn 3. október. Útför hennar fer
fram frá Frikkirkjunni í Hafnarfirði
föstudaginn 14. október kl. 15.00.

Þeim sem vildu minnst hennar er bent á Líf, styrktarfélag
kvennadeildar Landspítalans.

**Helga María Guðmundsdóttir
Sigrún Valur Guðmundsson
Guðjón Guðmundsson
Gunnar Björn Guðmundsson
Bjarney Gunnarsdóttir**

**Þórhalla Karlsdóttir
Ína Edda Þórsdóttir
Lára Hafberg**

og barnabörn.



Okkar ástkæri pabbi, tengdapabbi,
afi og langafi,

Ólafur Haukur Flygenring

lést þriðjudaginn 4. október sl. Útför
hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju
fimmtudaginn 13. október nk. kl. 15.00.

Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst
hans er bent á Styrktarsjóð Sólvangs, banki 544-04-761458,
kt. 520905-2270 eða aðrar líknaðstofnanir.

**Fyrir hönd aðstandenda,
Ingibjörg Flygenring
Ásthildur Flygenring**



Okkar ástkæra

Edda Heiðrún Backman

lést 1. október.

Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju
mánudaginn 10. október kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnst hennar er bent
á styrktarsjóð barna hennar
0301-13-193584 – kt. 280989-3129.

**Arnmundur Ernst B. Björnsson Ellen Margrét Bæhrenz
Unnur Birna J. Backman**

**Jóhanna Dagfríður Arnmundsdóttir Backman
Inga Jónína Backman Friðrik Páll Jónsson
Ernst Jóhannes Backman Ágústa Hreinsdóttir
og fjölskyldur. Valgerður Bergsdóttir**



Gullni lundinn er aðalverðlaun RIFF og er veittur leikstjórum sem eru að sýna sína fyrstu eða aðra mynd. MYND/RIFF

Gullni lundinn afhentur

Í kvöld fer fram verðlaunaafhending Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, RIFF. Meirihluti leikstjóra sem keppa um Gullna lundann, aðalverðlaunin, eru konur.

Það er rétt rúmur helmingur leikstjóra í flokknum konur og það er sérstaklega ánægjulegt af því að kvenkyns leikstjórar eru ekki á hverju strái. Við vonum að þetta bendi til þess að mál séu að þróast í rétta átt hvað það varðar. Allar myndirnar í þessum flokki eru afar frambærilegar og margar þeirra hafa unnið verðlaun á hátíðum víða um heim nú þegar. Þetta er allt fyrsta eða annað verk leikstjóra og þetta er því að mörgu leyti óskráð blöð, en mjög flottar myndir," segir Inga María Leifsdóttir, kynningarfulltrúi hátíðarinnar.

Flokkarnir í ár eru Vitranir – en það eru aðalverðlaun hátíðarinnar sem Gullni lundinn er veittur fyrir. Í þeim flokki tefla leikstjórar, en þeir eru ellefu talsins í ár, fram sinni fyrstu eða annarri mynd í fullri lengd. Í dómnefndinni fyrir flokkinn eru Jonas Holmberg, listrænn stjórnandi kvikmyndahátíðarinnar í Gautaborg, Grímur Hákonarson leikstjóri og Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur.

Myndirnar sem keppa um Gullna lundann í ár er hin norska All the beauty (Allt hið fagra) eftir Aasne Vaa Greibrokk, Godless (Guðleysi) eftir Ralitz Petrova,

Það er rétt rúmur helmingur leikstjóra í flokknum konur og það er sérstaklega ánægjulegt af því að kvenkyns leikstjórar eru ekki á hverju strái. Við vonum að þetta bendi til þess að mál séu að þróast í rétta átt hvað það varðar.

Inga María Leifsdóttir, kynningarfulltrúi RIFF



Oscuro Animal (Skuggavera) eftir Felipe Guerrero, Park (Garður) eftir Sofia Exarchou, Personal Affairs (Persónuleg mál) eftir Maha Haj, Quit staring at my plate (Hættu að glápa á diskinn minn) eftir Hana Jusic, Still life (Kyrralíf) eftir Gorge Coeur Ventre, Wordly girl (Veraldarvana stúlkan) eftir Marco Danieli, Wulu eftir Daouda Coulibaly, Zoology (Dýrafræði) eftir Ivan I. Tverdovsky og The giant (Ris-

inn) eftir Johannes Nyholm.

Flokkurinn Önnur fram tíð er umhverfis- og mannréttindaverðlaun RIFF og í dómnefnd þar sitja Brian D. Johnson, formaður samtaka kvikmyndagagnrýnenda í Toronto, Lilja Snorraddóttir framleiðandi og Þóra Tómasdóttir ritstjóri.

Þrenn verðlaun verða veitt fyrir stuttmyndir í ár en það eru verðlaun fyrir bestu íslensku stuttmyndina, bestu erlendu stuttmyndina og síðan verður Gullna eggjó veitt fyrir bestu myndina sem kemur úr Reykjavík Talent lab. Reykjavík Talent lab er fjölþjóðleg kvikmyndasmiðja fyrir upprennandi kvikmyndagerðarfólk sem stefnir á að gera sína fyrstu kvikmynd í fullri lengd.

Besta íslenska stuttmyndin verður seld til RÚV og henni verður auk þess veitt viðurkenning til minningar um Thor Vilhjálmsson. Í dómnefnd fyrir stuttmyndaverðlaunin eru Þórunna Sigurðardóttir kvikmyndagerðarmaður, Kate Hide hjá Hanway Films í London og Ragnar Hansson leikstjóri.

Að lokum eru það áhorfendaverðlaun RIFF sem verða veitt í flokki heimildarmynda og flokknum Fyrir opnu hafi.

stefanthor@frettabladid.is



Elín Káradóttir

lést þann 22. september
á Sjúkrahúsi Keflavíkur.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Hilmar B. Jónsson
Jón Kári Hilmarsson
Gyða Björk Hilmarsson**



Innilegar þakkir fyrir sýnda samúð og hlýhug við andlát og útför mannsins míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Vilhelms Heiðars
Lúðvíkssonar**

lyfsala.

Guð geymi minningu hans.

**Kristjana J. Richter
Vilhelmsbörn, tengdabörn, barnabörn
og aðrir aðstandendur.**



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hjalti Sigfússon

Árskógum 6, Reykjavík,

lést á hjúkunarheimilinu Skógarbæ
30. september. Útförin fer fram
fimmtudaginn 13. október kl. 13.00 frá
Seljakirkju. Þeir sem vilja minnst hans láti líknafrétt
njóta þess. Sérstakar þakkir til starfsfólks Skógarbæjar
fyrir góða umönnun og virðingu.

**Anna Magnea Jónsdóttir
Hrund Hjaltadóttir
Hulda Hjaltadóttir
Sigurjón Hjaltason
Einar Hjaltason**
**Guðmundur H. Gunnarsson
Ingi Már Grétarsson
Ingunn B. Sigurjónsdóttir
Birna Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.**



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug
við andlát og útför

Sigurlínu Eiríksdóttur

Smáragrund,
Sleitustöðum, Skagafirði.

Bestu þakkar fær starfsfólk
dvalarheimilisins á Sauðárkróki,
sr. Halla Rut og allir sem sáu um söng og tónlist við útförina.

Hver minning er dýrmæt perla.

**Þorvaldur G. Óskarsson
Eyrún Ósk Þorvaldsdóttir
Edda Björk Þorvaldsdóttir**
**Rúnar Páll Björnsson
Finnur Jón Nikulássson
barnabörn og barnabarnabörn.**

FARTÖLVURÝMING

LOKADAGAR UM HELGINA!



-25%

14" Á 25% AFSLÆTTI

29.995
ÁÐUR 39.995

LÆKKUN **-10.000**

ASUS
ASU-E402SAWX013T

Intel 2GB 32GB 14"



-18%

i5 OG 512GB SSD

139.995
ÁÐUR 169.995

LÆKKUN **-30.000**

ASUS
ASU-F556UADM331T

Intel i5 8GB 512GB 15,6"



-20%

INTEL i3 OG SSD

79.995
ÁÐUR 99.995

LÆKKUN **-20.000**

acer
ACE-NXMPGED058

Intel i3 4GB 128GB 13,3"



-20%

INTEL i3 OG HD5500

59.995
ÁÐUR 74.995

LÆKKUN **-15.000**

acer
ACE-NXGCEED060

Intel i3 4GB 500GB 15,6"



-19%

17,3" MED INTEL ÖRGJÖRVA

64.995
ÁÐUR 79.995

LÆKKUN **-15.000**

ASUS
ASU-F751SATY071T

Intel 4GB 500GB 17,3"



-13%

A8 OG 1TB

64.995
ÁÐUR 74.995

LÆKKUN **-10.000**

TOSHIBA
TOS-C50DB157

AMD A8 4GB 1TB 15,6"



-7%

15,6" MED FHD OG SSD

69.995
ÁÐUR 74.995

LÆKKUN **-5.000**

acer
ACE-NXGCEED042

Intel 8GB 128GB 15,6"



-15%

A10 OG RADEON R6

84.995
ÁÐUR 99.995

LÆKKUN **-15.000**

acer
ACE-NXHWAE026

AMD A10 8GB 1TB 15,6"

OPIÐ UM HELGINA

LAUGARDAG Á SUÐURLANDSBRAUT OG ALLA HELGINA Á GLERÁRTORGI!

TOSHIBA

TÖLVULISTINN

ASUS acer

JÓLATÓNLEIKAR

KK

&
Ellen



Jólatónleikar KK & Ellenar á aðventunni

Að margra mati koma jólin ekki fyrr en að afstaðinni árlegri tónleikaröð systkinanna KK og Ellenar. Þetta er einn af þessum föstu punktum í tilverunni og árið í ár verður engin undantekning. Þessi söngelsku og sívinsælu systkini flytja sín eigin lög í bland við sígildar jólaperlur sem koma öllum í rétta skapið. Þeim til halds og trausts verður úrvalsveit tónlistarmanna undir stjórn hljómborðsleikarans Jóns Ólafssonar. Gleðilega hátíð!

09.12. Fríkirkjan í Reykjavík

10.12. Bæjarbíó, Hafnarfirði

11.12. Salurinn, Kópavogi

16.12. Vídalínskirkja, Garðabæ

17.12. Hlégarður, Mosfellsbær

18.12. Grafarvogskirkja

19.12. Háskólabíó

Tónleikarnir hefjast kl. 21:00.

Miðasala hefst 11. október á midi.is.

Miðasala á tónleika í Salnum á salurinn.is.

DÆGURFLUGAN

Konráð og félagar á ferð og flugi ²²⁰

Bragi Halldórsson

„Hér er alvöru stafasúpa Róbert minn,“ sagði Konráð. „Þetta er orðarugl og þú átt að finna orðin sem eru falin í gátunni. Þau geta verið skrifuð til vinstri, en líka lóðrétt eða á ská.“ Róbert horfði á orðaruglið drygklanga stund. „Og hvaða orð á ég að finna?“ spurði hann vonleysilega og bætti við. „Þetta er svo sannarlega algjör hrærigrautur af stöfum.“ „Það eru falin fuglanöfn í gátunni,“ sagði Lísaloppa.

Getur þú fundið þessi 9 fuglanöfn í orðaruglinu:

Haförn
Hávella
Hrafn
Kría
Lundi
Rita
Rjúpa
Sjósvala
Æðarfugl

Ú	Ú	T	É	X	R	Ð	I	Æ	S	Ð
D	Æ	H	T	H	K	R	Í	A	O	Ö
B	D	G	D	H	R	Y	Þ	U	J	Í
B	L	U	N	D	I	A	V	K	Æ	J
H	Á	T	I	Ó	M	R	F	N	Ð	R
Á	F	F	L	Æ	O	J	H	N	A	J
V	B	H	A	F	Ö	R	N	U	R	Ú
E	S	J	Ó	S	V	A	L	A	F	P
L	Á	Á	Á	X	Ð	Þ	Ö	G	U	A
L	Æ	R	T	Ö	O	H	M	M	G	O
A	R	I	T	A	A	I	I	Æ	L	L



Brandarar

Hvers vegna lakka fílarinn tæneglurnar rauðar?
Til þess að þeir sjáist ekki innan um jarðarberin.

„Þjónn, það er fluga í súpunni minni.“

„Já, en hún kostar ekkert aukalega.“
„Þú hefur augun hennar mömmu þinnar og nefið hans pabba þins,“ sagði frænkan.
„Já, og buxurnar hans bróður míns,“ sagði barnið.

Ætla að verða fimleikastjarna

Sigríður Ísey Viktorsdóttir hefur gaman af því að passa litlu krakkana á leikskólanum sínum og er dugleg að æfa sig að synda og kafa.

Hvað heitir þú fullu nafni og hversu gömul ertu? Ég heiti Sigríður Ísey Viktorsdóttir og ég er 5 ára stelpa úr Vesturbænum.

Hvað heitir leikskólinn þinn og í hvaða deild ertu? Leikskólinn minn heitir Vesturborg og ég er á stærstu deildinni, Suðurbæ. Ég er í skólahópi og við förum í KR í íþróttir og löbbum stundum á Grund og syngjum fyrir gamla fólkið sem á heima þar. Það er svakalega gaman á Grund, þeim finnst mjög gaman að fá okkur í heimsókn.

Hvað finnst þér mest gaman að gera í leikskólanum? Mér finnst gaman að lita og perla. Svo er líka gaman að passa litlu krakkana á Miðbæ og Norðurbæ. Þau eru alltaf að knúsa mig, litlu krakkarnir.

Hvernig finnst þér skemmtilegast að leika þér? Mér finnst skemmtilegast úti að leika með vinkonum mínum. Rósa og ég förum stundum á aparóló, svo er líka gaman með Emblu á trampólíni og að róla saman. Ég fer líka oft með dúkkuna mína út að labba og gefa öndunum brauð. Mamma fer þá og fær sér kaffi. Sund er líka í miklu uppáhaldi og ég er að æfa mig að synda og kafa. Pabbi fer líka oft með mér í skemmtigarð og bíó.

Ertu að æfa eitthvað sérstakt? Ég er núna að æfa fótbolta í KR og dans í Kramhúsinu. En mig langar mest að vera í fimleikum. Ég var í stubbafimleikum og þarf núna að bíða til að komast inn í fimleikana, það finnst svo mörgum gaman í þeim. Ég ætla að verða fimleikastjarna og ég er mjög góð að gera handahlaup.

Hvort heldurðu að það sé áhuga-



Sigríður Ísey Viktorsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

verðara að vera krakki eða fullorðinn og af hverju? Það er skemmtilegra að vera krakki, þá getur maður hlaupið um á fullum hraða og leikið sér alla daga með vinum sínum. Þegar ég verð stór ætla ég að verða mamma, eiga 5 eða 6 börn. Ég ætla að hjálpa fólki, vera kannski hjúkrunarkona eða lögga.

Áttirðu gott sumar? Það sem mér fannst skemmtilegast í sumar

var að fara í flugvél til Danmerkur. Ég fór með mömmu, ömmu Siggú og afa Palla. Ég fór í Tivolí og í risastóran rússíbana með mömmu. Ég fór líka í dýrargarð og sá t.d. marga fíla, giraffa, krókódíl, mörgæsir, risastóran ísbjörn, sebrahesta og apa. Svo vann ég bangsa í garðinum. Það var líka mjög gaman að fara með mömmu, Matta og Emblu í útilegu í sumar, við fengum að vera einar í tjaldi, ég og Embla.

Lestrarhestur vikunnar

Hrafnhildur Kjartansdóttir 10 ára

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Þær eru tvær. Nýjasta bókin um Harry Potter á ensku og Hungurleikarnir á íslensku.

Hverjar eru uppáhaldspersónurnar þínar í þessum bókum? Harry Potter og Katniss Everdeen.

Lestu mikið á ensku? Já, sérstaklega í skólanum.

Hverjar eru eftirlætisbækurnar þínar? Ég hef gaman af bókaflokknum CLUE og líka mörgum bókum eftir Astrid Lindgren.

Ef þú myndir sjálf skrifa bók, um hvað yrði hún? Það yrði alveg örugglega spennubók.



Hrafnhildur Kjartansdóttir

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs á meðal barna. Fyrir hverja lesna bók skrá lesendur nafn sitt og titil bókarinnar á þar til gerða miða og setja í pott sem dregið er úr vikulega. Lestrarhestur vikunnar hlýtur bók að launum.

Lækkaðu verðið á GSM reikningnum þínum

365

ENDALAUS
SÍMTÖL & SMS
Í ALLA

OG ÞÚ VELUR ÞANN
GAGNAMAGNSPAKKA SEM HENTAR ÞÉR

0 GB 790 KR	1 GB 1680 KR	5 GB 2680 KR	30 GB* 2990 KR
----------------	-----------------	-----------------	-------------------

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á 365.IS OG SÍMA 1817

AFMÆLISHÁTÍÐ

15-40% AFSLÁTTUR

AF EFTIRFARANDI VÖRUFLOKKUM 8.-9. OKTÓBER

TÖLVUR - MYNDAVÉLAR - FYLGIHLUTIR SÍMA O.FL.

15%
afsláttur

HEILSUÚR - PC TÖLVUR - PC FARTÖLVUR
MYNDAVÉLAR - SKJÁIR - GPS STAÐSETNINGARTÆKI
FLAKKARAR OG HARÐIR DISKAR

30%
afsláttur

NETBÚNAÐUR
HEYRNARTÓL FYRIR
TÖLVUR

20%
afsláttur

SÍMA FYLGIHLUTIR
PRENTARAR - MÝS OG LYKLABORÐ
TÖLVUHÁTALARAR

40%
afsláttur

MINNISKORT
MINNISLYKLAR

HEIMILISTÆKI

HLJÓÐ & MYND

15%
afsláttur

ELDAVÉLAR
ÞURRKAARAR
ÞVOTTAVÉLAR

15%
afsláttur

SJÓNVÖRP
HÁTALARAR

15%
afsláttur

TÖLVULEIKIR

20%
afsláttur

RYKSUGUR
BLANDARAR
VÖFFLUJÁRN
BRAUÐRISTAR
GUFUSTRÁUJÁRN
ÖRBYLGJUOFNAR
HRAÐSUÐUKÖNNUR
HEILSU- OG SAMLOKUGRILL

20%
afsláttur

MAGNARAR
BÍLTÆKI
HEIMABÍÓ
HLJÓMTÆKI
ÚTVÖRP
HEYRNARTÓL
PLÖTUSPILARAR

20%
afsláttur

DVD &
BLURAY MYNDIR

6 ÁRA

ELKO


GRANDA - FISKISLÓÐ 15



TILBOÐIN GILDA EINGÖNGU Í VERSLUN ELKO Á GRANDA
OPIÐ FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG: 11-19 - LAUGARDAG: 11-18 - SUNNUDAG: 12-18

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Áfram verður vindasamt og á það sérstaklega við um suðvesturhornið. Það mun rigna öðru hverju sunnan- og vestanlands, en að öðru leyti verður dagurinn þurr og mildur.

Heimurinn

Kaupmannah. 11°	Oslo 13°	Stokkhólmur 9°	Gautaborg 12°	Helsinki 9°	Börshöfn 11°	Nuuk 1°
London 16°	Amsterdam 14°	Paris 15°	Berlin 12°	Madrid 25°	Brussel 13°	Róm 21°
Boston 13°	New York 16°	Orlando 25°	Moskva 14°	Singapúr 28°	Tókyó 22°	Sydney 16°

Flód & fjara

Flód	Fjara
Reykjavík	Reykjavík
06.33	12.25
3,82m	0,24m
06.45	12.40
3,87m	0,21m

Akureyri	Akureyri
10.57	04.37
1,44m	0,29m
11.08	05.09
1,41m	0,28m

Ísafjörður	Ísafjörður
08.34	02.47
2,12m	0,24m
08.36	03.02
2,17m	0,21m

Tunglstaða



Nýtt tungl
0%

Sólarupprás:
07.37

Sólarlag:
18.54

Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
10° ↖ 15	8° ↗ 5	9° ↖ 10	10° ↖ 11	10° ↗ 4

Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
6° ↖ 9	5° ↗ 8	6° ↗ 10	9° ↗ 8	9° ↗ 6

Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
8° ↖ 2	7° ↗ 10	6° ↗ 5	10° ↗ 8	11° ↗ 10

Egilsstaðir

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
8° ↖ 8	8° ↗ 4	7° ↗ 4	9° ↗ 9	10° ↗ 4

Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
7° ↖ 13	7° ↗ 2	6° ↖ 3	9° ↖ 8	10° ↗ 1

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Jólatónleikar

BONEY M

með söngdívunni Liz Mitchell

Eldborg, Hörpu
4. desember kl. 20:00

Hooray! Hooray! It's a Hoi-Holiday
Daddy Cool
Rivers of Babylon
Mary's Boy Child
Rasputin

Boney M. ein stærsta hljómsveit diskófímabilsins heimsækir Hörpu á adventunni. Með í för er sjálf söngdívun Liz Mitchell. Það er óhátt að lofa góðri skemmtun í Eldborg á meðan Mary's Boy Child, Rivers of Babylon, Rasputin og allir hinir smellirnir koma salnum á hreyfingu. Tryggðu þér miða á stórkostlega skemmtun og komdu þér í réttu stemninguna fyrir jólin.

Miðasala er hafin á tix.is, harpa.is og í síma 528 5050.

DÉGURFLUGAN HARPA

Vissir þú að...

holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

GLAMOUR

ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT

KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR

GLAMOUR

október 2016

45

**BLADSÍÐUR
UM FÖRDUN OG
FEGURD**

*Allt sem þú þarft að vita
um trendin, af þöllum og
snyrtibudduna.*

SARAH JESSICA PARKER

**UM ÁSTINA, LÍFID,
FRAMHJÁHALD
& SKILNAD**

*Viðtal við tísku-
fyrirmyndina sem snýr
aftur á skjáinn eftir
margra ára fjarveru.*

*Innlit á eitt
fallegasta
HEIMILI
landsins*

*þar sem list, hönnun
og lifandi plöntum
er blandað saman á
skemmtilegan hátt.*

**SKIPTIR KLÆDA-
BURÐUR MÁLI Í
STJÓRN MÁLUM?**

Glamour veit svarið.





Birgir Snæbjörn Birgisson fyrir framan verk sitt Von í Sverrissalnum í Hafnarborg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þetta fólk er eins konar sorphaugur angistar okkar

Myndlistarmaðurinn Birgir Snæbjörn Birgisson opnar í dag sýningu í Sverrissal Hafnarborgar undir yfirskriftinni Von. Verkið samanstendur af portrettmyndum af þingheimi kjörtímabilsins sem er að líða.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Ljóshærðar starfsstéttir, Ljóshærð ungrfrú heimur 1951 og Ljóshærðir listamenn og Auðmýkt eru á meðal fjölmargra verka myndlistarmannsins Birgis Snæbjörns Birgissonar. En í dag verður opnuð í Sverrissal Hafnarborgar sýningin Von, en þar sýnir listamaðurinn portrett af þingmönnum 63 sem settust á þing eftir kosningarnar 2013 og einum að auki undir yfirskriftinni Von. Í verkinu birtast myndir af kjörnum fulltrúum þjóðarinnar sem sýna þá alla í sama ljósi sem eina órofa heild. Sýningarstjóri er Mika Hannula en hann hefur starfað með Birgi síðan 2002.

Vonin er frábær

Birgir segir að hér séu á ferðinni verk sem eru búin að vera í vinnslu í tvö ár. „Kveikjan að verkinu er það sem á að vera hlutverk myndlistarinnar: Að vera með viðbragð við því sem er að gerast í samfélaginu. Þarna í upphafi árs 2015 fannst mér eðlilegt að vera með viðbragð við ástandinu og byrja á þessu, sem var nú hálfgerð tabú, að mála íslenska þingheiminn eða lýðræðið. Þetta eru 63 plús 1 á portrettunum sem skýrist af því að það kemur þarna

inn utanþingsráðherra, en núna erum við með ástand sem er í raun 63 plús 2. En þessi aukamaður vísar líka til þess að ástandið er óstöðugt um leið og það vísar til framtíðar að einhverju leyti. Vonin er stundum það eina sem við eigum. Vonin er frábær út af fyrir sig og við höldum í hana en það er að sama skapi auðvelt að glata henni.“

Ratleikur í leiðinni

Birgir hefur áður unnið með ljóskuna sem útlitslegan samnefnara og út frá ljósi litanálgun. Hann segist hafa kosið að vera trúr sinni litapallettu og því geri hann alla þarna ljóshærða og bláeyga. „Það verður svo hver og einn áhorfandi að gera það upp við sig hvað ég er að meina með því, en ég vil nú meina að við séum öll meira og minna ljóshærð og bláeygð innst inni. Það kannski lýsir sér í því að stundum finnst okkur þingið vera ljóshært og bláeygt en ég held að við séum það nú sjálf í leiðinni. Við gerum alveg óskaplegar kröfur til þess fólks og þau eru svona oft og tíðum eins konar sorphaugur angistar okkar. En þau eru líka samnefnari okkar, fólk eins og við og við skulum muna að aðgát skal höfð í nærveru sálar.“

Birgir leggur áherslu á að í þessu verki er hann ekki að gera eiginleg portrett af þessum einstaklingum, heldur fremur því sem þeir standa fyrir. „Í þessu tilviki reyni ég að afmá ákveðin persónueinkenni með því



Hluti af verki Birgis Snæbjörns í Hafnarborg en verkið er allt á einum vegg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

að gera alla ljósa en það gerir þetta líka að skemmtilegum ratleik í leiðinni.“

Að bregðast við

Birgir hefur haft á orði að hlutverk myndlistarinnar væri að bregðast við samtímanum, hann segist telja það vera einn af góðum eiginleikum samtímamyndlistar. „Samtímalist verður að vera í samtali við sinn samtíma. Það er það sem skilgreinir hana.

Vettvangurinn hefur breyst mikið

síðastliðin ár vegna þess að eftir hrun erum við hætt að trúa á grunnstöðir samfélagsins. Þess vegna segi ég oft að tími yfirlýsinganna sé liðinn. Það þýðir ekkert lengur að nú að nálgast verkefnið með nýjum og spennandi hætti. Þannig að ég er hissa á því að það séu ekki allir að gera list sem er í tengslum við samtímann og ekki bara samtímann heldur samtals dagsins í dag.

Þá komum við að tímasetningunni sem er að einhverju leyti til-

**ÉG ÆTLA
EKKI AÐ
SEGJA
FÓLKI
HVAÐ ÞAÐ
Á AÐ
KJÓSA Í
KOSNING-
UNUM Í
HAUST,
NEMA AÐ
ÉG BIÐ ÞAÐ
UM AÐ
KJÓSA
VONINA.**

viljun, en þó ekki, í þessu tilviki þar sem það eru kosningar til Alþingis handan við hornið. Þegar ég byrjaði á þessu verki í upphafi árs 2015 var mér boðin þátttaka í sýningu um mitt sumar í Helsinki. Sýningin snerist að einhverju leyti um vonina og ég kaus að sýna fyrstu átta íslensku þingmennina og spegla þá við átta finnska þingmenn. Það var skemmtileg staða í tíma- setningunni því þegar þessi sýning var opnuð þá var nýbúið að kjósa til þings í Finnlandi og kominn til valda flokkur sem merkilegt nokk enginn kannaðist við að hafa kosið. Ekki ósvipað og við vorum að upplifa hér án þess að ég ætli að fara að boða einhvern rétttrúnað. Ég ætla ekki að segja fólki hvað það á að kjósa í kosningunum í haust, nema að ég bið það um að kjósa vonina. En svona er tímasetningin oft í senn skemmtileg og mikilvæg fyrir samtímalistina.“

Birgir vitnar í orð kvikmynda-gerðarmannsins Johns Waters sem sagði um verk Johns Currin að góð myndlist ætti að rugla mann í ríminu á fallegan hátt. „Ég er að vona að verkið mitt verki þannig. Það byrjar sem viðbragð við ástandinu en svo verð ég í rauninni þátttakandi, meðvirkur ef eitthvað er. Þannig að fyrir mér er gott að losa verkið núna til sýningar, mér líður svolítið eins og ég sé búinn að ákveða að fara ekki fram í næstu kosningum, og það er voða góð tilfinning.“

Maður lærir mikið á því að kafa ofan í verk annarra

Skáldin Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Gyrðir Eliasson og Sigurbjörg Þrastardóttir koma fram á tveimur ljóðadagskrám í Reykjavík ásamt kanadísku skáldnum Chantal Neveu, Daniel Canty og François Turcot. Þau hafa unnið saman í þýðingasmíðjum og kynna afraksturinn og ljóðlist hvert annars á tveimur viðburðum um helgina. Sá fyrri á Kaffislipp í dag klukkan 16 en seinna stefnumótíð verður á morgun, sunnudag, á Ársafni – Menningarhúsi klukkan 14. Hvor viðburður um sig stendur í um klukkutíma.

Aðalsteinn segir að þetta sé hluti af verkefni sem skáldin hafi verið að vinna saman og er fólgið í því að því að þýða ljóð hvers annars. „Við ætlum að vera með sýnishorn á þeirri vinnu, þannig að það munu heyra þarna kanadísk ljóð á íslensku og íslensk ljóð á frönskum og kannski eitthvað þar á milli.“

Það var ákveðið að fara í þetta í vor og nú erum við búin að vera saman í nokkra daga að kynna hvert öðru og verkunum. Þetta er sýnishorn af afrakstri og svo ætlum við væntanlega að halda áfram með þetta tveggja heimsálfa verkefni.“

Aðalsteinn segir að það hjálpi mjög mikið við ljóðaþýðingar að kynna höfundu þess ljóðs sem er verið að takast á við. „Við íslensku skáldin erum ekki frönskumælendi, þó svo við getum aðeins lesið frönskuna, en þess vegna þurfum við millimál. Við þurfum að geta spurt út í smáatriði og útilokað hættuna á misskilningi sem er okkur mikils virði.“

Þetta er mjög skemmtileg og gefandi vinna og maður lærir svo mikið á því sem ljóðskáld að kafa með þessum hætti ofan í verk annarra.“ –mg



Kanadíska skáldin sem eru hingað komin til þess að taka þátt í þýðingarsmíðu.



Eyrún Ósk Jónsdóttir og Dagur B. Eggertsson eftir afhendingu Bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar.

Grípum í lygar

Eyrún Ósk Jónsdóttir hlaut í gær Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2016 fyrir ljóðahandritið Góðfúslegt leyfi til sigarettukaupa. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri veitti verðlaunin sem nema 700 þúsund krónum. Fyrstu eintök af bókinni komu um leið úr prentun í útgáfu Bjarts.

Eyrún Ósk Jónsdóttir á að baki feril sem rithöfundur, leikari og leikstjóri. Hún hefur skrifað fjölda leikrita sem hafa verið sett upp í leikhúsum héraðs og erlendis auk þess hefur hún skrifað kvikmyndahandrit. Eyrún hefur áður sent frá sér þrjár skáldsögur og tvær ljóðabækur. Eyrún segir að það sé mikið gleðiefni að fá svona viðurkenningu. „Þetta var dásamlegt. Það er barátta að reyna að vera listamaður, vera í fullri vinnu og vera með barn og allt þetta, þannig að þetta er í alvörunni blóð sviti og tár. Þannig að það er góð tilfinning þegar maður finnur að aðrir tengja við þetta líka.“

Eyrún fæst við margt í listunum þannig að það er í mörg horn að líta. „Já, og svo er ég varabæjarfulltrúi í Hafnarfirði,“ bætir Eyrún við og skellihlær. „En það gengur í raun ótrúlega vel að samræma þetta allt. Það er barátta að halda áfram og ég setti mér þá reglu að skrifa alltaf á hverjum degi. Þá snýst þetta um að halda áfram, dáldið eins og að fara út að skokka, og svo er maður allt í einu kominn í form.“

Eyrún segir að í þessari bók sé hún einkum að skoða lygar sem fullorðnir segja við börn. „Þetta byrjaði þannig að sonur minn sem er fjögurra ára var að snúa sér í hringi og ég ætlaði að fara að stoppa hann. Það kom upp í mér eitthvað gamalt með að ef maður gerði svona þá fengi maður garnaflækju. Þá fór ég að hugsa um þetta sem manni var sagt með að tungan yrði svört þegar maður lýgur og allt þetta. Út frá því fór ég líka að skoða hluti sem ég bjó sjálf til sem barn til þess að óðlast skilning. Þannig að þetta byggir allt mikið á bernskuminningum og að skoða þessa þætti. En stundum grípum við í þetta áfram, segjum einhverjar lygar og vitleysu og hendum því fram eins og ekkert sé. Það er umhugsunarefni og mér fannst athyglisvert að átta mig á því. Þess vegna verður maður alltaf að horfa á heiminn með gagnrýnum hætti.“ –mg

Beitt, fyndin og grípandi

Hér er á ferð lesefni sem bragð er að, eftirminnilegar persónur og sögulegir atburðir

Þættir af séra Þórarinum og fleirum



Þórarinn Eldjárn

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

KVIKMYND EFTIR TIM BURTON
FRÖKEN PEREGRINE
...FYNDIN OG HEILANDI...
SÉRKENNILEG BÖRN

MAGNIFICENT SEVEN

COSI FANT TUTTI
17. október í Háskólabíói

TROLL
FORSÝND 15. OG 16. OKT.

MIDDLE SCHOOL
THE WORST THING OF MY LIFE

BRIDGET JONES'S BABY

EIÐURINN
-HS, MORGUNSLABÍÓ

Sýningartímar á miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is
Miðasala og nánari upplýsingar

MAGNIFICENT SEVEN
TILBOÐ KL. 2

MIDDLE SCHOOL
TILBOÐ KL. 2

FRÖKEN PEREGRINE
TILBOÐ KL. 2

BRIDGET JONES'S BABY
TILBOÐ KL. 2

LAUGARÁS BÍÓ	Sýningartímar
MIDDLE SCHOOL	2, 4, 6
MAGNIFICENT 7	9, 10:30
FRÖKEN PEREGRINE	2, 5, 8
BRIDGET JONES'S BABY	6, 8
EIÐURINN	10:35
STORKAR 2D ISL.TAL	2, 4

SAMBÍÓINN SAMBIO.IS

Byggð á samnefndri metslúbók

EMMENTAL WEEKLY
★★★★★
Emily Blunt
Justin Theroux
THE GIRL ON THE TRAIN

★★★★★
HOLLYWOOD REPORTER
★★★★★
THE GUARDIAN
DEEPWATER HORIZON

★★★★★
